

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Embættisskjöl og embættisfærsla
amtmana á Íslandi 1770 til 1904
og amtsráða 1875 til 1907



Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Embættisskjöl og embættisfærsla
amtmana á Íslandi 1770 til 1904
og amtsráða 1875 til 1907

Þjóðskjalasafn Íslands
Október 2011

Rit Þjóðskjalasafns Íslands.

Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum.

*Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904
og amtsráða 1875 til 1907.*

© 2011 Þjóðskjalasafn Íslands / Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

ISSN 2298-5972

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands.

Ritstjóri:

Kristjana Kristinsdóttir.

Höfundur:

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. EMBÆTTI AMTMANNIS	6
2.1. Skipting landsins í ömt 1770 – 1904.....	6
2.2. Staða og verksvið amtmanna.....	8
2.3. Amtsráð 1872 – 1907.....	12
2.4. Embættisskjölin og heimildagildi.....	13
3. VESTURAMT	15
3.1. Bréfadagbækur 1787 – 1904.....	15
<i>Bréfadagbækur 1787 – 1879 (rentukammerkerfi)</i>	16
<i>Bréfadagbækur 1879 – 1894 (málaflokkar)</i>	18
<i>Dagbók I 1895 – 1904 (kansellíkerfi)</i>	21
<i>Registur bréfadagbóka 1787 – 1894</i>	25
<i>Registur yfir Dagbók I 1895 – 1904</i>	27
3.2. Bréfasafnið.....	28
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – verðlaun fyrir björgun úr sjávarháska 1817</i>	30
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf Jóhanns Halldórssonar í Látravík 1897</i>	31
3.3. Bréfabækur 1787 – 1876.....	34
<i>Bréfabók 1822 – 1824 – beiðni um leiðarvísi í garðrækt 1824</i>	35
<i>Registur bréfabóka 1787 – 1876</i>	37
3.4. Bréfaskrár/registur 1866 – 1904.....	38
<i>Bréfaskrár 1866 – 1888 (tímaskrár)</i>	38
<i>Bréfaskrár 1879 – 1884 (viðtakendaskrá)</i>	41
<i>Bréfaskrár 1895 – 1904 (registur yfir Dagbók I)</i>	42
3.5. Sérmaál – ýmislegt.....	42
<i>Ýmis eftirrit og útdrættir 1770 – 1820</i>	43
<i>Vesturamts Copiebog for kongelige forordninger, o.fl. 1786 – 1796</i>	44
<i>Minnisbók Bjarna Thorsteinssonar amtmanns (1766 – 1849)</i>	44
<i>Skrá um sýslumenn og hreppstjóra í Vesturamti 1861/68 – 1881</i>	44
<i>Jarðabók Vesturamts 1760</i>	45
<i>Veðbréfabók Vesturamts 1784 – 1871</i>	45
<i>Skiptabók Vesturamts 1792/1794</i>	46
<i>Verðlagsskrár 1817 – 1895</i>	47
<i>Bréfadagbók og bréfabók Búnaðarsjóðs Vesturamts 1831 – 1873</i>	47
<i>Póstbækur 1849 – 1872</i>	48
3.6. Amtsráð Vesturamts 1875 – 1907.....	50
<i>Gerðabækur 1875 – 1907</i>	51
<i>Dagbók I, bréfaskrá og bréfasafn 1904 – 1907</i>	51
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf Baldvins Bergvinssonar bókavarðar 1906</i>	52
4. SUÐURAMT	55
4.1. Fyrri samruni við skjalasafn stiftamtmanns.....	55

4.2. Bréfadagbækur 1873 – 1904	55
<i>Bréfadagbækur 1873 – 1894 (rentukammerkerfi)</i>	55
<i>Dagbók I og II 1895 – 1904 (kansallíkerfi)</i>	56
<i>Registur bréfadagbóka 1873 – 1904</i>	57
4.3 Bréfasafnið	58
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – kæra á hendur Einari Þórðarsyni prentara 1873</i>	59
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – skothvalur á Sólheimafjöru 1899</i>	61
4.4. Bréfabækur	62
<i>Bréfabók 1873 – 1875 – mál Einars Þórðarsonar prentara 1873</i>	63
<i>Registur bréfabóka 1873 – 1876</i>	64
4.5. Bréfaskrár/registur	66
<i>Bréfaskrár 1873 – 1888 (tímaskrár)</i>	66
<i>Bréfaskrár 1876 – 1885 (viðtakendaskrár)</i>	66
<i>Bréfaskrár 1895 – 1904 (registur yfir Dagbók I og II)</i>	67
4.6. Amtsráð Suðuramts 1875 – 1907	68
<i>Gerðabækur 1875 – 1907</i>	68
<i>Dagbók I, bréfaskrá og bréfasafn 1904 – 1907</i>	68
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – aðkeyptar matvörur til skólabúsins á Hvanneyri 1906 – 1907</i>	69
5. NORÐUR- OG AUSTURAMT	72
5.1. Bruni á Möðruvöllum 1874	72
5.2. Varðveitt skjöl 1770 – 1874 (fyrir bruna)	73
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf leiguliða á klausturjörðum í Álftaveri 1779</i>	74
5.3. Bréfadagbækur 1874 – 1904	76
<i>Bréfadagbækur 1874 – 1881 (flokkaskipting)</i>	76
<i>Bréfadagbækur 1882 – 1904 (kansallíkerfi)</i>	82
5.4. Bréfasafnið	83
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – skýrsla Eyjólfss Guðmundssonar um æðarvarp 1876/77</i>	83
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – fangahúsið á Eskifirði 1880</i>	86
5.5. Bréfabækur 1874 – 1887	87
<i>Bréfabók 1875 – 1876 – beiðni um eftirgjöf á sekt og um æðarvarp 1876</i>	87
5.6. Bréfaskrár 1882 – 1904	89
<i>Bréfaskrár 1882 – 1904</i>	90
5.7. Sérsmál – ýmislegt	92
<i>Sjóðbækur 1881 – 1904</i>	92
<i>Höfuðbækur 1874 – 1904</i>	94
<i>Hjónaskilnaðarbók 1882 – 1897</i>	97
5.8. Amtsráð Norður- og Austuramts 1875 – 1891 og Norðuramts 1892 – 1907	98
<i>Bréfadagbók 1877 – 1881</i>	99
<i>Amtsráðsdagbók I og bréfaskrár 1882 – 1907</i>	100
<i>Bréfabækur 1877 – 1887 – bréf varðandi sýsluveg í Eyjafirði 1883</i>	100
<i>Gerðabækur 1875 – 1907</i>	102
<i>Gjörðabók yfirstjórnar búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1883 – 1892</i>	102

<i>Sjóðbók búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1899 – 1902</i>	105
<i>Vinnutöflur skólabúsins á Hólum 1901 – 1902</i>	105
5.9. Austuramt og austuramtsráð 1892 – 1907	107
<i>Dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892 – 1907</i>	107
<i>Gerðabók 1892 – 1907</i>	108
<i>Sjóðbók og höfuðbók 1904 – 1907</i>	108
<i>Dæmi um skjal í bréfasafni – umsókn um styrk til sjúkrahúsins á Seyðisfirði 1905</i>	108
6. SAMANTEKT	112
HEIMILDASKRÁ.....	114

1. INNGANGUR

Markmið verkefnisins sem hér fer á eftir er að varpa nýju ljósi á skjalasöfn amtmanna og amtsráða hér á landi frá 1770 til 1907 og gera söfnin aðgengileg nútíma notendum til rannsókna á umræddu tímabili. Upphaf tímabilsins markast af því þegar landinu var skipt í tvö ömt 1770 og stiftamtmani gert að búa hér á landi en lokin þegar amtsráðin voru lögð niður 1907. Verkefninu er ætlað að hafa hagnýtt gildi fyrir fræðimenn og aðra sem vilja skoða sögu tímabilsins en fáir hafa nýtt sér skjalasöfn amtmanna til rannsókna enda söfnin nokkuð torskilin og óaðgengileg eins og nú er ástætt. Hver voru vinnubrögð amtmanna við skjalavörsluna, hver er lykillinn að skjalasöfnum þeirra? Gerð verður grein fyrir uppbyggingu skjalasafnanna og þeim skráningarkerfum sem notuð voru, þ.e. hvort notast var við *rentukammer*- eða *kansellikerfi* eða önnur kerfi. En skráningarkerfi þessi eru kennd við tvær af helstu stjórnardeildum Danakonungs, rentukammer og kansellí, sem eiga rætur að rekja allt til síðari hluta miðalda og ættu að vera kunn öllum þeim er eitthvað hafa unnið með skjalasöfn.¹ Verkinu er skipt í fjóra megin hluta:

1. Yfirlit yfir skiptingu landsins í ömt og um stöðu og verksviði amtmanna og amtsráða, auk þess sem heimildagildi skjalasafnanna verður reifað lítils háttar.
2. Vesturamt 1787 – 1904 og amtsráð sama amts 1875 – 1907, eða frá því Vesturamtíð var skilið frá Suðuramti og þar til ömtin og amtsráðin voru lögð niður 1904 og 1907.
3. Suðuramt 1873 – 1904 og amtsráð sama amts 1875 – 1907, eða frá því Suðuramtíð varð sérstakt amt þegar embætti stiftamtmanns var lagt niður og þar til ömtin og amtsráðin voru lögð niður.
4. Norður- og austuramt 1874 – 1904 og amtsráð sama amts 1875 – 1907, eða frá því skjalasafn amtsins brann á Möðruvöllum 1874 og þar til ömtin og amtsráðin voru lögð niður.

Markmiðið er að skýra einstaka skjalaflokka sem mynda söfnin, þ.e. bréfadagbækur, bréfabækur, bréfaregistur og bréfsafn, lýsa uppbyggingu þeirra og innihaldi. Tekin verða dæmi úr öllum skjalaflokkum hvers safns fyrir sig, oft fleiri en eitt dæmi úr hverjum flokki til þess að sýna fjölbreytileika heimildanna en stundum látið nægja að vísa á milli safna ef viðkomandi skjalaflokkar eru sambærilegir. Uppbyggingu skjalanna verður lýst eins og framast er kostur og velt upp hvernig þau geti nýst fræðimönnum og öðrum við rannsóknir. Dæmin sem tekin verða eru öll með líku sniði í fjórum til fimm liðum:

1. Öll dæmin hefjast á stuttri kynningu eða skýringu á skjalaflokki/bréfi.

¹ Um kansellí- og rentukammerkerfi, sjá: *Kansellisystemet*. Vejledning nr. 2. Rigsarkivet 2.afd., 1982. – *Rentekammersystemet*. Vejledning nr. 3. Rigsarkivet 2.afd., 1982. – *Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk*. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns, Björk Ingimundardóttir tók saman, Rvk 1996, s. 25-26.

2. Þá fylgir mynd af heimild og stafrétt uppskrift hennar.
3. Síðan koma athugasemdir og nánari skýringar varðandi heimildina.
4. Lagagrundvöllur heimildar fylgir þeim dæmum þar sem við á.
5. Að lokum eru notkunarmöguleikar hennar reifaðir og nefnd eitt til tvö dæmi um í hvers konar rannsóknir sé hægt að nota viðkomandi heimild.

Hér getur ekki verið um tæmandi umfjöllun að ræða, enda söfnin viðamikil. Heldur er ætlunin að gefa dálitla innsýn í uppbyggingu þeirra og þær heimildir sem þar er að finna.

Ekki hafa enn verið útbúnar fullnægjandi skjalaskrár yfir söfnin en á áttunda og níunda áratug síðustu aldar vann Gunnar Sveinsson skjalavörður á Þjóðskjalasafni drög að skrá með ítarlegum inngangi sem honum lánaðist því miður ekki að ljúka við. Skrá hans yfir skjalasafn Vesturamts hefur verið í notkun á lestrarsal Þjóðskjalasafns um nokkurn tíma en skrár yfir hin söfnin hafa ekki verið aðgengilegar. Við samningu verkefnisins sem hér fer á eftir var töluvert stuðst við umræddar skrár Gunnars og önnur vinnugögn hans tengd gerð þeirra sem var til mikils hagræðis í upphafi.² Er það von mín að verkefnið verði til þess að auðvelda áhugasömum notendum aðgengi að söfnunum og að jafnframt verði hægt að fylgja verkinu eftir með gerð fullkominna skjalaskráa.

² ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt. – ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1989. Suðuramt. – ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1989. Norður- og austuramt.

2. EMBÆTTI AMTMANNS

2.1. Skipting landsins í ömt 1770 – 1904

Með tilskipun 15. maí 1770 var Íslandi skipt í tvö ömt, Suður- og vesturamt og Norður- og austuramt.³ Skiptingin byggðist á hinum fornu fjórðungamörkum. Suður- og vesturamtið tók yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði en Norður- og austuramtið yfir Norðurland og Austurland ásamt Skaftafellssýslum. Stiftamtmaður var settur yfir Suður- og vesturamtið og var honum jafnframt gert að búa á Íslandi.⁴ Stiftamtmaður gegndi þannig bæði stöðu stiftamtmanns og amtmanns í Suður- og vesturamti. Hafði hann aðsetur á hinum gamla konungsgarði, Bessastöðum. Ólafur Stephensen, sem verið hafði amtmaður yfir landinu öllu fyrir skiptinguna, var skipaður amtmaður í Norður- og austuramtinu. Hann vildi ekki flytjast norður og fékk því leyfi stjórnarinnar árið 1772 til búsetu utan síns amts. Hann bjó í fyrstu í Sviðholti á Álftanesi og síðar á Innra-Hólmi á Akranesi. Árið 1783 var sú breyting gerð á mörkum amanna að Skaftafellssýslur voru lagðar undir Suður- og vesturamtið. Jafnframt var ákveðið að Möðruvallaklaustur skyldi vera embættisbústaður amtmanns í Norður- og austuramti. Ólafi Stephensen var veitt lausn frá embætti á fullum launum og Stefán Þórarinnsson skipaður í hans stað.⁵ Árið 1787 var Vesturamt skilið frá Suðuramti og urðu ömtin þá þrjú. Takmörk Suðuramts og Vesturamts voru um Hvítá í Borgarfirði, Vesturamts og Norður- og austuramts um Hrutafjarðará og Norður- og austuramts og Suðuramts um Lónsheiði. Suðuramtið var áfram undir yfirstjórn stiftamtmanns en Ólafur Stephensen var skipaður amtmaður í Vesturamti.⁶

Árið 1873 þegar embætti stiftamtmanns var lagt niður og nýtt embætti landshöfðingja stofnað var amtmaðurinn í Vesturamti jafnframt settur yfir Suðuramtið. Ömtin tvö áttu samt sem áður að vera tvö aðskilin umdæmi áfram.⁷ Með lögum nr. 30, 11. júlí 1890, var Norður- og austuramtinu skipt í tvö ömt og komst skiptingin til framkvæmda í ársbyrjun 1892. Einn amtmaður var eftir sem áður yfir báðum ömtunum. Til hins ný stofnaða Austuramts lögðust

³ *Lovsamling for Island*. 3. bindi 1749-1772, Khöfn 1854, s. 664-665. (Reskript til Amtmand O. Stephensen, ang. Landets Deling i to Amter, 15. Mai 1770).

⁴ *Lovsamling for Island*. 3. bindi 1749-1772, s. 658-664. (Instruction for Justitsraad L. A. Thodal, som Stiftbefalingsmand over Island og Færøerne, samt Amtmand for sønden og vesten paa Island, 15. Mai 1770).

⁵ *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, Khöfn 1854, s. 711-715. (Kongelig Resolution ang. Inddelingen af Amterne i Island, 12. Mai 1783).

⁶ *Lovsamling for Island*. 5. bindi 1784-1791, Khöfn 1855, s. 411-412. (Kongelig Resolution ang. Oprettelse af Vester-Amtet i Island, 6. Juni 1787). – Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII*. Ritstj. Sigurður Línal, Rvk 2006, s. 16.

⁷ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III*. 1870-1875, Khöfn 1875, s. 458. (Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872).

Múlasýslur, ásamt Norður-Þingeyjarsýslu.⁸ Í september 1893 var Austur-Skaftafellssýsla síðan skilin frá Suðuramti, „að því er sveitastjórn snertir“ og lögð til Austuramts.⁹ Hést þessi skipan amtanna til 1. október 1904 eða þar til embætti amtmanna voru lögð niður með tilkomu heimastjórnarinnar.¹⁰

Sýslur innan hvers amts 1787 – 1904:

Vesturamt: Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

Suðuramt: Skaftafellssýslur, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.

Norður- og austuramt: Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýsla og Múlasýslur.

Austuramt frá 1892: Múlasýslur og Norður-Þingeyjarsýsla og frá 1893 einnig Austur-Skaftafellssýsla.

Uppbygging skjalasafna amtmanna ræðst af skiptingu amtanna eins og hér hefur verið greint frá. Þannig fylgir skjalasafn Suður- og vesturamtsins 1770 – 1787 og Suðuramtsins 1787 – 1873 skjalasafni stiftamtmanns. Sá hluti skjalasafnsins er því ekki til umfjöllunnar hér heldur verður gerð grein fyrir honum með skjalasafni stiftamtmanns. Skjalasafn Vesturamts myndar eina heild frá 1787 – 1904 en sérstakt skjalasafn Suðuramts varð ekki til fyrr en 1873. Skjalasafn Norður- og austuramts brann í stórbruna að Möðruvöllum aðfaranótt 21. mars 1874 og því hefur nánast ekkert varðveist af skjölum amtsins fyrir þann tíma. Frá ársbyrjun 1892 voru sérmál Austuramts færð í bækur út af fyrir sig.

Amtmenn á Íslandi 1770 – 1904¹¹

Amtmenn í Vesturamti 1787-1873:

Ólafur Stephensen: 1787-1793

Joachim Christopher Vibe: 1793-1802

Ludvig Erichsen: 1802-1804

Frederik Christopher Trampe: 1804-1806

Stefán Stephensen: 1806-1820

Bjarni Thorsteinsson: 1821-1849

Páll Melsteð: 1849-1861

Bogi Thorarensen (settur): 1861-1865

Bergur Thorberg: 1865-1873

Amtmenn í Vesturamti og Suðuramti 1873-1904:

Bergur Thorberg: 1873-1883

Magnús Stephensen (settur): 1883-1886

Theódór Jónassen: 1886-1891

Kristján Jónsson (settur): 1891-1894

Júlíus Havsteen: 1894-1904

Amtmenn í Norður- og austuramti 1770-1904:

Ólafur Stephensen: 1770-1783

Stefán Þórarinnsson: 1783-1823

Grímur Jónsson: 1824-1833

Bjarni Thorarensen: 1833-1841

Grímur Jónsson: 1841-1849

Pétur Havsteen: 1850-1870

Kristján Kristjánsson: 1871-1881

Júlíus Havsteen: 1881-1894

Páll Briem: 1894-1904

⁸ *Stjórnartíðindi* 1890 A, s. 116-118. (Lög um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o.fl., 11. júlí 1890). – *Stjórnartíðindi* 1891 B, s. 156-157. (Bréf landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu, um skipting á eignum og skyldum norðuramtsins og austuramtsins, 25. ágúst 1891).

⁹ *Stjórnartíðindi* 1893 A, s. 52. (Lög um að Austurskaftafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins, 16. sept. 1893).

¹⁰ *Stjórnartíðindi* 1903 A, s. 76. (Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, 3. okt. 1903).

¹¹ Heimild: Einar Laxness, *Íslandssaga* I a-h, Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995, uppflettið »amt«, s. 39.

Skýrt var kveðið á um að amtmaður skyldi búa í sínu amti en það var nauðsynleg forsenda þess að hann hefði góða yfirsýn yfir málefni amtsins. Stiftamtmaður bjó á Bessastöðum og frá 1783 var amtmannssetrið í Norður- og austuramti á Möðruvöllum. Frá 1787 var ætlunin að amtmaðurinn í Vesturamti hefði sitt aðsetur í Grundarfirði en það gekk ekki eftir. Ólafur Stephensen bjó að Innra-Hólmi á Akranesi. Dönsku amtmennirnir, Vibe og Erichsen sátu á Bessastöðum og Trampe í Reykjavík. Stefán Stephensen var fyrsti amtmaðurinn yfir Vesturamti sem búsettur var í amtinu, bjó fyrst á Hvanneyri og síðar á Hvítárvöllum. Bjarni Thorsteinsson bjó á Arnarstapa en Páll Melsteð og Bergur Thorberg í Stykkishólmi. Þannig varð aldrei til neinn fastur bústaður amtmanns í Vesturamti.

2.2. Staða og verksvið amtmanna

Á meðan stiftamtmaðurinn yfir Íslandi sat í Kaupmannahöfn hafði hann mjög takmarkaða möguleika á að hafa áhrif á stjórn landsins. Hann var háður þeim upplýsingum sem hann fékk frá undirmönnum sínum á Íslandi, einkum amtmanni. Fyrst eftir að embættið var flutt til Íslands 1770 má segja að hann hafi raunverulega tekið við stjórnartaumum landsins af amtmanni. Sú breyting sem átti sér stað þetta ár var líka umtalsverð að því leyti að nú voru þrjú háttsettir embættismenn búsettir í landinu, stiftamtmaður og tveir amtmenn, í stað eins amtmanns áður.¹²

Stiftamtmaður var æðsti umboðsmaður konungs hér á landi en næstir honum stóðu amtmennirnir. Þeir voru undirmenn stiftamtmanns en yfirmenn annarra embættismanna í landinu. Saman mynduðu þeir eins konar tengilið milli stjórnarinnar í Kaupmannahöfn og annarra embættismanna á Íslandi. Næstir þeim í stjórnkerfispýramídanum stóðu svo landfógeti og sýslumennirnir. Embættisskyldur amtmanna voru einkum að hafa umsjón og eftirlit með undirsátum sínum, þ.e. sýslumönnum og öðrum embættismönnum í landinu, og vera stjórninni til upplýsingar um hvað eina er varðaði almenna landshagi.

Ólafur Stephensen fékk ekki erindisbréf sem amtmaður í Norður- og austuramti þegar hann var skipaður 1770 enda var einungis um að ræða breytingu á amtmannsembætti því sem hann hafði áður gegnt (var amtmaður yfir landinu öllu 1766 – 1770). Stefáni Þórarinssyni var hins vegar sett erindisbréf í 23 greinum þegar hann var skipaður amtmaður 1783. Það er elsta erindisbréf amtmanns sem til er eftir að landinu var skipt í tvö ömt 1770 og það eina sem hefur verið birt á prenti. Þar segir nákvæmlega fyrir um hver verkefni amtmanns skyldu vera

¹² Harald Gustafsson, „Stjórnsýsla.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstj. Ingi Sigurðsson, Rvk 1990, s. 49. – Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII*, s. 16-18.

og er það því einkar mikilvæg heimild um embættið og starfsemi þess. Því þykir rétt að birta útdrátt úr því hér (sjá rammagrein).

Útdráttur úr erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar amtmanns í Norður- og austuramti, 19. júní 1783.¹³

1. Amtmaður skal eftir fremsta megni gæta hagsmuna konungs í landinu, bæði því er snýr að tekjum og öðrum réttindum hans í landinu. Hann skal ávallt láta sig varða hag landsins og vera því til gagns og nytsemdar.
2. Öll skjöl, bækur og önnur gögn, sem tilheyra embættinu skal amtmaður fá afhent frá forvera sínum í starfi. Útbúa átti skrá í tvíriti yfir öll gögn embættisins sem bæði amtmaður og fráfarandi amtmaður skyldu skrifa undir. Annað eintakið skyldi varðveitt í amtinu en hitt sent til rentukammers.
3. Amtmaður skal vera landfógeta til aðstoðar vegna innheimtu á afgangnum konungsjarða innan síns amts o.fl.
4. Amtmaður skal ávallt láta sig varða að lögum, tilskipunum og öðrum reglum konungs sé framfylgt í landinu. Sérdeilis skal hann sjá til þess að þeir sem setja sig upp á móti lögum verði refsað með viðeigandi hætti.
5. Amtmanni bar að sjá til þess að allar tilskipanir, reglugerðir og önnur bréf konungs væru lesin og kunngerð í landinu á viðeigandi hátt.
6. Amtmaður átti að fylgjast með að málsmeðferð og öll formsatriði fyrir dómstólum væru rétt við höfð. Jafnframt að sjá til þess að þegnarnir héldu sig við lög og nytu réttar síns lögum samkvæmt. Í þessari grein kemur einnig fram að amtmanni beri skylda til að halda journala, þ.e. bréfadagbækur yfir öll erindi sem honum berist og í copiubækur eða bréfabækur átti hann að afrita öll bréf sem hann sendi frá sér. Amtmaður átti að fara reglulega um amtið, löggilda og innsigla embættisbækur sýslumanna og fylgjast með því að þinghald væri undir stjórn sýslumanna eða annarra þar til skipaðra lögfróðra embættismanna. Amtmaður hafði jafnframt rétt til að víkja embættismönnum tímabundið úr starfi ef þeir gerðust brotlegir.
7. Amtmaður átti að hafa eftirlit með dómgæslu og skattheimtu í landinu og ef hann vanrækti skyldur sínar í þeim efnum mátti hann búast við tiltali frá æðri stjórnvöldum.
8. Amtmaður átti að hafa eftirlit með sýslumönnum og fylgjast með að þingbækur þeirra væru rétt gerðar. Hann sá um að útvega sýslumönnum nýjar bækur þegar á þurfti að halda og löggilda þær.
9. Sama á við um skiptabækur sýslumanna, amtmaður átti að löggilda þær og fylgjast með að rétt væri fært inn. Hann átti einnig að hafa umsjón með skiptum á dánarbúum sýslumanna.
10. Þegar embætti sýslumanns losnaði átti amtmaður að gera ráðstafanir til að skipa nýjan sýslumann tímabundið, og tilkynna það til rentukammers, sem ákvað endanlega hver skyldi hljóta embættið.
11. Amtmaður átti að semja árlegar skýrslur um ástand mála í sínu amti (skýrslur um almennt ástand) og senda til stjórnvalda í Danmörku (Kammer-Collegium).
12. Amtmaður átti að hafa eftirlit með ástandi kirkna í sínu amti og tilkynna til stiftamtmanns og biskups ef einhverju var ábótavant. Jafnframt átti hann að fylgjast með reikningshaldi kirkna og klaustra.
13. Amtmaður átti að hafa eftirlit með spítölum.
14. Amtmaður átti að fylgjast með að dómum Hæstaréttar væri framfylgt.
15. Amtmaður átti að hafa eftirlit með verslun í sínu amti og greina frá ástandi hennar í hinum árlegu skýrslum sem honum bar að senda stjórnvöldum (sbr. grein 11).
16. Amtmaður átti að fylgjast með að mál og vigt væru í lagi hjá kaupmönnum og að þær vörur sem ekki voru í verslunartaxtanum 1776 væru ekki seldar óheyrilega háu verði.

¹³ *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 728-740. (Instruction for Stephan Thorarensen, som Amtmand over Nord- og Öster-Amtet i Island, 19. Juni 1783).

17. Allar beiðnir, festarbréf og önnur leyfisbréf sem sækja þurfti um til konungs skyldi senda amtmanni fyrst og átti hann að kanna eðli þeirra og gefa sína umsögn áður en hann sendi viðkomandi erindi áfram til konungs.
18. Amtmaður átti einnig að hafa eftirlit með atvinnuástandinu í amtinu. Sérdeilis bar honum að fylgjast með framkvæmd tilskipananna frá 1776 um hleðslu túngarða, þúfnasléttun, matjurtarækt o.fl. varðandi átaki stjórnvalda til eflingar atvinnuvegunum. Hann átti að fylgjast með vefnaði, fiskveiðum, vegabótum og póstmálum.
19. Amtmaður átti að hafa vakandi auga með lögregluþjónum.
20. Til þess að hafa yfirsýn og eftirlit með amti sínu bar amtmanni að fara um þriðja part af amtinu ár hvert og heimsækja íbúa þess. Í þeim ferðum sínum átti hann sérstaklega að huga að jarðabótum og nefna til menn sem hann teldi að verðskulduðu verðlaun að hálfu stjórnvalda.
21. Amtmaður átti að kynna sér hvort væri að finna málm- eða steinefnanámur í landinu og gera grein fyrir öllum möguleikum til atvinnuuppbyggingar í landinu.
22. Embættisbústaður amtmanns skyldi vera að Möðruvallaklaustri.
23. Amtmanni var óheimilt að notfæra sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni og var bannað að stunda kaupmennsku eða neins konar verslun.

Eins og sjá má af þessum útdrætti úr erindisbréfi Stefáns var verksvið amtmanns víðtækt og sumt í því mjög almenns eðlis. Amtmenn voru embættismenn konungs, þeir áttu að gæta hagsmuna hans í landinu og sjá um að skipunum hans væri framfylgt. Þeir áttu að láta sig varða almenna landshagi eftir fremsta megni og vera landinu til gagns og nytsemdar. Embættisskyldur þeirra voru á mörgum sviðum. Störf þeirra á sviði dómgæslu hafa verið fyrirferðarmikil og samskipti við sýslumenn sömuleiðis. Þeir voru landfógeta til aðstoðar við innheimtu skatta og annarra konungstekna. Þeir áttu að hafa eftirlit með kirkjumálum ásamt biskupi og þar með framfærslu og fátækramálum. Þeir áttu einnig að hafa eftirlit með verslunarmálum og hafa víðtæka yfirsýn yfir atvinnuástandið í amtinu og beita sér fyrir alhliða framförum til samræmis við átak stjórnvalda til eflingar atvinnuvegunum. Árlega bar þeim að skila stjórnvöldum sérstökum skýrslum um stöðum mála innan síns amts á öllum ofangreindum sviðum.

Amtmenn áttu að hafa eftirlit með öðrum embættismönnum í landinu og með tilskipun 28. júní 1786 var stiftamtmani og amtmanni veitt sérstök heimild til að sekta þá embættismenn sem uppvísir yrðu að vanrækslu í embætti. Átti sektin að nema einum til tveimur ríkisdöllum og renna í fátækra sjóð.¹⁴

Árið 1787 var gerð sú breyting eða víkkun á starfssviði amtmanna á Íslandi að þeim var falin umsjón með kaupstöðunum sex sem komið hafði verið á fót með konungsúrskurði árið áður. Í Danmörku og Noregi höfðu hins vegar stiftamtmennt þá umsjón alfarið með höndum.¹⁵ Tveir kaupstaðir voru í hverju amti. Í Vesturamti voru það Grundarfjörður og Ísafjörður, í

¹⁴ *Lovsamling for Island*. 5. bindi 1784-1791, s. 284-285. (Kongelig Resolution ang. Amtmændenes Bemyndigelse til at mulktare Embedsmænd, 28. Juni 1786).

¹⁵ *Lovsamling for Island*. 5. bindi 1784-1791, s. 474-475. (Cancellie-Skrivelse til commissionen for Islands almindelige Væsen, ang Amtmændenes Tilsyn med Kjøbstæderne i Island, 16. Juni 1787).

Norður- og austuramti Akureyri og Eskifjörður og í Suðuramti Vestmannaeyjar og Reykjavík.¹⁶

Gögn er varða alla þessa málaflokka komu á borð amtmanna og er því að finna í skjalasöfnum þeirra eins og við sjáum betur hér á eftir þegar embættisbækur og bréf þeirra verða tekin til skoðunar.

Hér er rétt að geta rannsóknar Einars Hreinssonar sagnfræðings en hann hefur rannsakað bréfaskipti æðstu embættismanna á Íslandi, þ.e. stiftamtmanns, amtmanna og landfógeta á tímabilinu 1770 – 1870. Hann kannaði m.a. bréfabækur amtmanna í Vesturamti frá 1790 – 1870 og flokkaði bréfin annars vegar eftir viðtakendum og hins vegar eftir efni. Bréf varðandi fjármál, þ.e. tekjur og gjöld konungs af Íslandi, skatta og skuldir o.s.frv., voru stærsti hluti bréfa sem amtmaður sendi frá sér eða um helmingur allra bréfa. Erindi varðandi dómsýslu og réttarfarsmálefni voru milli 15 – 20% bréfanna og stjórnsýslumál um 15%. Önnur málefni eins og kirkja, skóli og atvinnulíf höfðu minna vægi.¹⁷ Sýslumenn voru sá hópur embættismanna sem amtmenn höfðu mest samskipti við og kemur það ekki á óvart þar sem amtmenn áttu að vera eins konar tengiliður milli stjórnarinnar í Kaupmannahöfn og annarra embættismanna á Íslandi. Á tímabilinu 1790 – 1870 voru um 40 – 50% allra útsendra bréfa amtmanns til sýslumanna og fór vaxandi yfir tímabilið.¹⁸ Bein samskipti amtmanna við stjórnardeildirnar í Kaupmannahöfn voru töluverð eða um 15% allra útsendra bréfa en hins vegar mjög lítil við stiftamtmanntil hér heima eða innan við 1%.¹⁹ Amtmenn höfðu þannig greinilega bein samskipti við miðstjórnina í Kaupmannahöfn án milligöngu stiftamtmanns. Beinar skipanir frá stiftamtmani til amtmanna koma líka sjaldan fyrir sem er ekki í samræmi við stjórnkerfisþrámiðann sem gerði ráð fyrir þrepskiptri boðleið frá Kaupmannahöfn um stiftamtmanntil amtmanns og/eða landfógeta til sýslumanna.²⁰

Þegar amtmannsembættin voru lögð niður 1. október 1904, með tilkomu heimastjórnarinnar 1. febrúar sama ár, voru verkefni þeirra ýmist lögð undir sýslumenn, bæjarfógeta eða stjórnarráðið, eftir því sem kveðið var á um í tilskipun þar að lútandi frá 23. ágúst 1904.²¹

¹⁶ *Lovsamling for Island*. 5. bindi 1784-1791, s. 322. (Plakat ang. den kongelige Monopolhandes Ophævelse paa Island, 18. August 1786).

¹⁷ Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltning på Island 1770-1870*. Göteborg 2003, s. 82-83, 270-271.

¹⁸ Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism*, s. 87, 269-270.

¹⁹ Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism*, s. 90, 269-270.

²⁰ Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism*, s. 84, 269-270.

²¹ *Stjórnartíðindi* 1904 A, s. 34-36. (Tilskipun um hvornig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, 23. ágúst 1904).

2.3. Amtsráð 1872 – 1907

Amtsráð voru stofnuð samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872²² og lögð niður 31. desember 1907 samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvember 1905.²³ Í fyrstu voru amtsráðin þrjú, þ.e. fyrir Vesturamt, Suðuramt og Norður- og austuramt, en var fjölgað í fjögur árið 1892 þegar Norður- og austurömtin voru aðskilin.²⁴ Amtmaður var forseti hvers amtsráðs auk þess sem þar áttu sæti tveir amtsráðsmenn sem kosnir voru til sex ára í senn af sýslunefndum sem einnig voru stofnaðar með sveitastjórnatilskipuninni 1872.²⁵ Fyrstu sýslunefndarkosningarnar fóru fram vorið 1874 og eftir það gátu sýslunefndirnar síðan kosið til amtsráðanna. Það hefur verið gert á síðari hluta árs 1874 eða á öndverðu ári 1875.²⁶ Af fundargerðum amtsráðanna má svo sjá að þau tóku öll til starfa í fyrsta sinn í júní 1875.²⁷

Amtsráðunum bar að halda einn fund á ári í byrjun júnímánaðar. Auk þess gat forseti ráðsins, þ.e. amtmaður, kvatt til aukafundar ef honum þótti brýn nauðsyn til.²⁸ Amtmaður stjórnaði umræðum amtsráðs og átti að sjá um að þær ályktanir sem gerðar væru yrðu framkvæmdar, útvega gjörðabækur ráðsins og varðveita þær ásamt bréfum ráðsins og öðrum skjölum þess.²⁹ Í fyrstu komu amtsráð Suður- og Vesturamta sér ekki upp sérstökum skjalasöfnum að öðru leyti en því að haldnar voru sérstakar fundargerðarbækur. Önnur skjöl varðandi málefni amtsráðanna hafa hafnað í skjalasafni viðkomandi amts. Mörkin milli starfa amtmanns og amtsráðs verða því á köflum frekar óljós. Skjöl Norður- og austuramtsráðs eru hins vegar mikið til aðgreind frá málefnum amtsins allt frá 1877. Við skiptingu amtsins 1892 hóf Austuramtíð að mynda eigið skjalasafn um sérmál amtsins, hvort sem þau snertu amtið sjálft eða amtsráðið. Það var því álitamál á sínum tíma hvort skyldi kenna skjölin við amtið eða amtsráðið. Niðurstaðan var að kenna þau við amtsráðið og úrslitum réð afhendingarskrá Páls Briems amtmanns frá 26. september 1904, þar sem skjölin voru skráð meðal amtsráðsskjala.³⁰ Gerð verður grein fyrir skjalasafni amtsráðanna í lok hvers kafla um viðkomandi amt.

²² *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. 1870-1875*, s. 394-415. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

²³ *Stjórnartíðindi 1905 A*, s. 262. (Sveitastjórnarlög, 10. nóv. 1905).

²⁴ *Stjórnartíðindi 1890 A*, s. 116. (Lög um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o.fl., 11. júlí 1890).

²⁵ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. 1870-1875*, s. 409. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

²⁶ Sbr. *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. 1870-1875*, s. 600-602. (Bréf dómssmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sveitastjórn, 16. apríl 1873).

²⁷ *Stjórnartíðindi 1875 B*, s. 77-81. (Skýrslur um fundi amtsráðanna. Fundur amtsráðs Vesturumdæmis 7.-8. júní 1875 og Suðurumdæmis 14.-15. júní 1875). – *Stjórnartíðindi 1877 B*, s. 23-24. (Fundaskýrslur amtsráðanna. Fundur amtsráðs Norður- og austurumdæmis 11.-17. júní 1875).

²⁸ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. 1870-1875*, s. 424. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

²⁹ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. 1870-1875*, s. 411. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

³⁰ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Norður- og austuramt.

Störf amtsráðanna voru ákvörðuð í tilskipun um sveitastjórn 1872 (sjá útdrátt).

Útdráttur úr tilskipun um sveitastjórn 1872.³¹

1. Amtsráðið skal rannsaka og úrskurða alla reikninga sýslanna og sýslunefndanna. Það skal semja formlegt yfirlit yfir fjárhag sýslanna samkvæmt þessum reikningum og senda það landshöfðingja. Það hefur yfirumsjón yfir sýslunefndunum og sveitarmálefnum sýslanna, m.a. varðandi viðhald á þjóðvegum, fjölda hreppstjóra í hverjum hreppi og ráðstöfunum til þess að afstýra hallærum.
2. Amtsráðið skal takast á hendur stjórn opinberra stofnana og gjafafjár sem amtmennirnir einir hingað til hafa stjórnað (að dómsmálasjóðnum undanskildum).
3. Það skal endurskoða reglugjörðir um skiptingu vega í þjóðvegi og aukavegi og gjöra þær breytingar sem með þarf á reglugjörðum þeim sem hingað til hafa verið í gildi. Það ákveður hvort verja skuli nokkrum hluta af vegabótagjaldi til þess að gjöra vegabætur á þjóðvegum utan sýslu.
4. Álit amtsráðsins skal leita áður en landshöfðingi lætur út ganga nýjar reglugerðir fyrir hreppstjóra. Sömuleiðis skal leita álit þess þegar í ráði er að stofna fangelsi, einnig landbúnaðarskóla eða fyrirmyndarbúa eða þess konar. Þegar búið er að koma á fót þess konar byggingum eða stofnunum skal amtsráðið hafa umsjón með þeim.
5. Amtsráðið skal gjöra uppástungur um hvort stofna skuli amtsfátækra sjóði, til styrktar einstökum hreppssjóðum eða sýslusjóðum eða til þess að greiða kostnað við kennslu heyrnar- og málleysingja, og hafa umsjón þeim.
6. Það skal semja fyrir hvert ár áætlun um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins.
7. Amtmaður semur jafnaðarsjóðsreikninga fyrir hvert ár og amtsráðið endurskoðar þá.

Eins og sjá má af útdrættinum þá sneru störf amtsráðanna einkum að ýmsum sveitarstjórnarmálum sem voru sameiginleg fyrir mörg héruð eða sýslur innan amts, s.s. stjórn opinberra sjóða, vegamál og rekstur fangelsa og búnaðarskóla. Mörg af þessum störfum hafði amtmaður einn á sinni könnu áður en amtsráðin voru stofnuð. Því má segja að með tilkomu amtsráðanna hafi dregið nokkuð úr völdum amtmanna þar sem þeir þurfti nú að ráðfæra sig við amtsráðin áður en teknar voru mikilvægar ákvarðanir varðandi viss málefni.

Þegar amtmannsembættin voru lögð niður 1. október 1904 tóku sýslumenn við forsetastörfum í amtsráðunum og voru þeir skipaðir af stjórnarráðinu.³² Þegar amtsráðin voru svo lögð niður í árslok 1907 voru verkefni þeirra ýmist lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar, þau sem ekki myndu falla í burtu af sjálfu sér.³³

2.4. Embættisskjölin og heimildagildi

Amtmenn voru opinberir embættismenn ríkisins og skjalasöfn þeirra fjalla því fyrst og fremst um opinber málefni. Helstu uppistöður skjalasafna amtmanna eru bréfadagbækur, bréfabækur

³¹ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 411-414. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, grein 52-54). Nánar um stofnun og störf amtsráðs, sjá: Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Fyrra bindi, Rvk 1972, s. 255-257.

³² *Stjórnartíðindi* 1904 A, s. 36. (Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, 23. ágúst 1904).

³³ *Stjórnartíðindi* 1905 A, s. 262. (Sveitastjórnarlög, 10. nóv. 1905).

og bréf/bréfasöfn eins og annarra embættisskjalasafna.³⁴ Í bréfadagbækurnar var fært inn yfirlit yfir öll bréf sem bárust viðkomandi embætti. Þær voru unnar á skrifstofu embættisins jafnóðum og bréfin bárust. Þær eru þannig heimild um embættisfærslur og vinnubrögð viðkomandi amtmanns og gefa afbrags góða sýn á þau málefni sem amtmaður sýslaði daglega með. Í bréfabækurnar voru færð inn öll útsend bréf viðkomandi embættis. Bréfin voru þannig afrituð í heilu lagi áður en þau voru send út og afritið varðveitt í bréfabók embættisins. Bréfabækurnar urðu til við afgreiðslu málanna og gefa þannig góða sýn á hvernig amtmaður afgreiddi einstök erindi. Í þeim koma fram ákvarðanir sem teknar voru og af þeim verður þróun mála rakin. Bréfabækurnar gefa sýn á viðhorf amtmanna til einstakra mála og líðandi stundar en þar sem þetta eru bréf skráð af embættismönnum ríkisins lýsa þau fyrst og fremst sjónarhorni yfirvaldsins til viðkomandi málefnis eins og gefur að skilja. Auk þess fylgja bréfadagbókunum og bréfabókunum oft ýmsar bréfaskrár og/eða registur sem auðvelda áttu utanumhald um skjalasafnið og leit að eldri bréfum í því þegar á þurfti að halda. Verður öllu þessu gerð betri skil hér á eftir.

Viðamesti hluti margra skjalasafna er alla jafna bréfasafnið sem inniheldur öll bréf sem viðkomandi embætti barst. Í bréfasöfnum amtmanna kennir margra grasa. Þar er að finna bréf frá öðrum embættismönnum, bæði hér heima og í Kaupmannahöfn, auk bréfa frá almenningi í landinu sem stundum þurfti að leita ásjár amtmanns með úrlausn sinna mála. Bréfin fylgja oftast nokkuð stöðluðu formi, einkum embættismannabréfin. Bréfin eru dagsett og staðar getið og þau undirrituð af bréfitara. Þetta eru frumskjöl sem hafa varðveist í skjalasöfnum amtanna og enginn á að hafa breytt eftir á og auðvelt er að rekja uppruna þeirra. Þau hljóta því að teljast mjög trúverðugar heimildir. Við mat á heimildagildi verður þó alltaf að taka tillit til hver bréfitari er og hvort eða hvaða hagsmuna hann hafi hugsanlega að gæta varðandi málefnið sem til umræðu eru.

³⁴ Sjá: *Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk*, s. 24-25.

3. VESTURAMT

3.1. Bréfadagbækur 1787 – 1904

Varðveittar bréfadagbækur í skjalasafni Vesturamts eru eftirfarandi:

Bréfadagbók 1787 – 1795
Bréfadagbók 1803 – 1809
Bréfadagbók 1809 – 1818
Bréfadagbók 1818 – 1821
Bréfadagbók 1821 – 1825
Bréfadagbók 1826 – 1829
Bréfadagbók 1830 – 1834
Bréfadagbók 1834 – 1839
Bréfadagbók 1839 – 1844
Bréfadagbók 1844 – 1848
Bréfadagbók 1848 – 1853

Bréfadagbók 1853 – 1858
Bréfadagbók 1858 – 1861
Bréfadagbók 1861 – 1864
Bréfadagbók 1864 – 1868
Bréfadagbók 1868 – 1870
Bréfadagbók 1870 – 1873
Bréfadagbók 1873 – 1879
Bréfadagbók 1879 – 1887
Bréfadagbók 1887 – 1893
Bréfadagbók 1893 – 1894
Dagbók I 1895 – 1904

Bréfadagbækur hvers embættis eru lykillinn að bréfasafni þess. Þær eru nokkurs konar yfirlit yfir öll innkomin bréf og afgreiðslu þeirra. Hverju bréfi sem barst embættinu var gefið sitt auðkenni eða númer og það skráð í bréfadagbókina. Jafnframt var skráður komudagur bréfs, sendandi, efnisútdráttur og hvernig viðkomandi mál var afgreitt. Bréfadagbókarnúmerin ráða síðan röðun bréfanna í bréfasafninu. Byrjað var að halda sérstakar bréfadagbækur í Vesturamti rúmum þremur mánuðum eftir stofnun þess eða 13. september 1787 og hélst svo fram á mitt sumar 1795 þegar Joakim Christopher Vibe tók við stöðu amtmanns. Vibe var skipaður amtmaður í Vesturamti 17. apríl 1793 en kom ekki hingað til lands fyrr en í maí 1795. Hann hefur byrjað á því að færa fimm bréf inn í bréfadagbókina en síðan ekki söguna meir. Þannig féll ritun bréfadagbóka Vesturamts niður í rúm átta ár á meðan Vibe gegndi stöðu amtmanns. Ritun dagbóka hófst svo aftur í ágúst 1803 þegar Ludvig Erichsen tók við amtmanns-embættinu. Hann var skipaður amtmaður í Vesturamti 29. desember 1802 og tók við embættinu 6. ágúst 1803. Frá þeim tíma hafa bréfadagbækur verið haldnar samfelld til ársins 1904 eða þar til embættið var lagt niður. Bréfadagbækur komu fyrst til sögunnar hér á landi síðla á 18. öld og er bréfadagbók Vesturamts 1787 – 1795 því ein af elstu innlendu bréfadagbókunum sem varðveist hafa.³⁵

Fyrir það tímabil sem ritun bréfadagbóka féll niður í tíð Vibe, 1795 – 1803, hefur nú verið útbúið sérstök bréfaskrá sem er nokkurs konar stæling á bréfadagbókum þess tíma. Upphaflega hafði bréfum frá umræddu tímabili verið raðað eftir sendendum í venjulegri virðingarröð þess tíma, fyrst bréf frá konungi, síðan kansellí, rentukammeri og öðrum stjórnardeildum, æðri embættismönnum, sýslumönnum o.s.frv., líkt og tíðkaðist í eldri skjalasöfnum.³⁶ Við

³⁵ Þjóðskjalasafn Íslands. *Grundvöllur og hlutverk*, s. 25.


³⁶ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.

frágang safnsins um 1965 var skjölum frá þessu tímabili raðað upp á nýtt í tímaröð og örstuttur efnisútdráttur hvers bréfs skráður á líkan hátt og venja var í bréfadagbókum. Skránni fylgir nafna- og atriðaskrá sem auðveldar leit að skjölum um ákveðið efni.³⁷ Hér hefur því aðeins verið farið á svig við upprunaregluna (e. *proveniensprincip*), sem kveður á um að virða beri innri röð hvers skjalasafns og er grunnvinnuregla við alla starfsemi í skjalasöfnum í dag.³⁸

Allar bréfadagbækur Vesturamts fram til 1894 eru með því sniði sem nefnt hefur verið rentukammerkerfi. Lítils háttar breytingin var gerð á færslu bréfadagbókanna árið 1879 en þá var byrjað að skrá 30 efnisflokka út af fyrir sig og fékk hver þeirra fast númer. Að öðru leyti var áfram stuðst við rentukammerkerfið. Árið 1895 var síðan tekið upp alveg nýtt skráningarkerfi sem nefnt er kansellíkefi. Hér á eftir koma dæmi úr þremur af bréfadagbókum Vesturamts frá mismunandi tímasteiðum sem sýna eiga ólíka uppbyggingu bókanna og hvernig umrædd skráningarkerfi virka.


Bréfadagbækur 1787 – 1879 (rentukammerkerfi). Í rentukammerkerfinu voru bréfin færð inn í þeirri röð sem þau bárust án tillits til efnis. Hverri opnu bókanna er skipt upp í sex dálka. Í fremsta dálk á vinstri síðu opnunnar er komudagur bréfs skráður, þ.e. dagsetningin þegar viðkomandi bréfi barst embættinu. Efst í dálk tvö er númer bréfs ritað, hlaupandi tala innan bókar þannig að ný bók byrjar ávallt á númerinu einn (N^o1). Númerið og ártalið var jafnframt skráð á bréfið sjálf sem segir til um hvar í bréfasafninu það liggur. Þá er skráður örstuttur efnisútdráttur bréfsins og sendandi tilgreindur. Í þriðja dálk er dagsetning bréfsins skráð. Á hægri síðu opnunar koma síðan fram vísanir í önnur bréf er varða sama mál og athugasemdir um afgreiðslu bréfsins.

Dæmi 3.1-1. Bréfadagbók 1821 – 1825.
(PÍ, VA, I.6. Bréfadagbók 1821-1825).



³⁷ Skrár á lestrarsal Þjóðskjalasafns: Bréfaskrá Vesturamts 1794-1803 með efniságripi bréfanna. Gunnar Sveinsson tók saman (1992).

³⁸ Sjá: Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk, s. 5-6.



[vinstri síða]

1824 indkomne	Sagers Indhold	dat:
14de Febr.	N ^o 1660 Syssemand Sverrirsen sender vedkommende qvitteringer for modtagelse af 70 rbd. sølv, som ere tilstaaede G. Sigurdsen og det mandskab som tillige med ham deltog i at redde 5 mennesker fra at drukne i Dritvig 1817.	31 Dec. 23
s.d.	N ^o 1661 Samme sender lister over beholdning af fornödenheds varer ved handelstederne i Sneefelldsnessysse.	s.d.
s.d.	N ^o 1662 Samme sender udskrift af syssleets skifteprotocol, indeholdende extract af skifteslutningen i forp. Ketilsens stervboe, der udviser belöbet af den arv, der er tilfalden Major Melstæds arvinger m.m. Ligeleds udskrift af syss. auctions protocol, der viser det belöb en deel af bemte arv er udbragt til, og tilsidst for han constit. syss. O. Gudmundsens erklæring over sagen m.m.	s.d.
s.d.	N ^o 1663 Samme spørger om noget kan være imod, at det, som sees kan af syssleets embedspappiire, fra aaret 1807 af, endnu uslutte stervboe efter afgl. Paul Breckman, med det förste bliver vedkommende enke og myndige arving behörigen extradreet.	s.d.
s.d.	N ^o 1664 Samme önsker at sig i anl. af et fra repstyrer paa Skogerstrand Ivar Biarnesen, til ham indkommet andragende, om at havedyrkningen i bemeldte rep, hindrer mest mangel paa anvissning til sammes behandling, af amtet maatte tilsendes 10 or 12 exempl. af præst arngrimsens afhandling	s.d.

[hægri síða]

henviiste	Amts Resolutioner	1824 expederede
N ^o 1524 1921	N1660 Er til efterretning. N1661	

	Ligeledes.	
N°44 1788	N1662 Herom ordre til sysselmand Bonnesen.	N1662 Exped. den 15de marts
N°689 1757	N1663 Svares: at Intet haves derimod og com. stiftets afslutning underettes Cancelliet.	N1663
	N1664 Sendes 4 exemplaren	N1664 Expeders den 6 marts

Athugasemdir: Efsta bréfið hér, kvittunin frá Sverrirsen sýslumanni, hefur dagbókarnúmerið 1660. Það er dagsett 31. desember 1823 og hefur borist sýslumanni einum og hálfum mánuði síðar, þann 14. febrúar 1824. Í rentukammerkerfi var bréfum um sama mál oftast haldið saman, þannig að ef framhald varð á einhverju tilteknu máli voru eldri bréf um sama mál lögð með nýja númerinu og vísað á milli í dagbókunum. Í fremsta dálki á hægri síðu hér má sjá það gert. Eldra skjal varðandi þetta sama mál hefur númerið 1524 og framhald málsins má finna á númeri 1921. Öll bréfin eiga síðan að liggja undir síðasta númeri sem bréf viðkomandi máls eru bókuð á. Því getur oft þurft að rekja sig áfram í gegnum margar bækur til þess að sjá hvar skjöl um tiltekið mál liggja. Í tveimur síðustu dálkunum koma svo athugasemdir um afgreiðslu viðkomandi máls.

Orðskýringar/styttignar:

rbd.: ríkisbankadalur.

forp.: forpaktari, umboðsmaður.

constit. syss.: constitueret sysselmand, settur sýslumaður.

expederede: ekspederede, afgreitt.

Lagagrundvöllur: Amtmenn voru skyldugir að halda sérstakar bréfadagbækur yfir öll erindi sem þeim barst, sbr. 6. grein í erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar frá 1783 (sjá s. 9).

Notkunarmöguleikar: Bréfadagbækurnar voru skráðar á skrifstofu amtmanns jafnóðum og bréfin bárust. Þær eru því einstaklega góð heimild um daglegar embættisfærslur hans. Í þeim er hægt að fá yfirlit yfir öll bréf og erindi sem amtmanni barst. Hægt er að skoða efnisútdrátt bréfanna og sjá hvar þau liggja í bréfasafninu.

Bréfadagbækur 1879 – 1894 (málaflokkar). Árið 1879 var bréfadagbókunum breytt að hluta til þannig að teknir voru upp 30 sérstakir málaflokkar sem voru skráðir fremst í bækurnar. Ýmist ein síða eða ein opna var tekin undir hvern málaflokk. Bréfin voru síðan númeruð í tímaröð innan hvers flokks. Nokkuð hagræði hefur átt að skapast með þessu móti en mála-

flokkarnir sem um ræðir eru einkum ýmsir reikningar og skýrslur sem amtmanni barst árlega frá öllum sýslumönnum innan amtsins. Önnur almenn málefni sem eru langstærsti hluti bréfanna voru svo skráð aftan við málaflokkanna á sama hátt og í eldri bókunum, þ.e. samkvæmt rentukammerkerfi. Málaflokkarnir 30 eru eftirfarandi í þessari röð:

1. Almenna ástandið	17. Sáttaskýrslur
2. Búnaðartöflur	18. Sýslureikningar (manntalsreikningar)
3. Búsettir verslunarmenn	19. Sýslusjóðsreikningar
4. Búnaðarskólagjaldsreikningar	20. Sjópassareikningar
5. Tollgjaldareikningar	21. Skiptaskýrslur (vantar)
6. Efnahagur sveitasjóðanna	22. Umboðsreikningar
7. Frímerkjareikningar	23. Verðlagsskrár
8. Gjaldabókareftirrit	24. Verslunarskýrslur og skrásetning skipa
9. Gjörðabókarútskriftir sýslunefnda	25. Aukatekjureikningar
10. Hundahaldsskýrslur	26. Spítalareikningar
11. Jafnaðarsjóðsreikningar	27. Ávísanir og tilkynningar um innborganir
12. Kirkjureikningar	28. Vitagjaldsreikningar og skrár um skip er vitagjald hafa greitt
13. Styrktar- og gjafasjóðir	29. Aukatekjubókareftirrit
14. Ómyndugra yfirlit	30. Útflutningsgjaldsreikningar (af fiski og lýsi m.m.)
15. Réttarskýrslur ýmsar	
16. Reikningaendurskoðun og úrskurðir	

Réttarskýrslur eru ein tegund þeirra skýrslna sem amtmanni barst árlega frá öllum sýslumönnum innan amtsins. Amtmaður hélt nákvæma skrá um hvenær einstaka skýrslur bárust og önnur bréfaskipti varðandi þær.

Dæmi 3.1-2. Bréfadagbók 1879 – 1887
(ÞÍ, VA, I.20. Bréfadagbók 1879-1887).

	Nr.			
Dec. 2.	1.	Ómbúðs heimtar vand. skýrslu frá Snaf sýslu 78.	2. desbr.	þessrs. affr.
" 20	2.	Ómbúðs heimtar sýslu sýslu 1878.	19. des.	Skýrslu 1878. affr. til G. 29/2.80.
1880. 4/2.	3.	Snaf s. heimtar sýslu 1878.	9. des.	
refo.	4.	Stjandaf. Rjettarskýrslur 1879 (2).	2. mars.	Heimtar til þess affr. Snaf 9/1.
Oct. 8.	5.	Snaf s. do (2).	5. d.	27. sept.
" "	6.	Ólafaf. do	5. d.	9. sept.
Dec 1	7.	Stjandaf. do	5. d.	16. okt.
" "	8.	Stjandaf. do	5. d.	16. okt.
1881. mars 24	9.	Snaf s. Skýrslu um einbirtahl. yfir sjóni 1879.	12. mars.	Heimtar til þess affr. Snaf 30/1.81. pr 1880.
" "	10.	Stjandaf. Skýrslur pr 1880, 5 tals.	1. mars.	Skýrsla 1880 affr. til G. 1. 1. 81. 82. frá Stjandaf. sýslu 1880. 8/1. 82. Skýrsla 8/1. 82. Heimtar til þess affr. Snaf 3/1. 82.
" "	11.	Stjandaf. do " 4 tals.	19. apr.	
Mai 5.	12.	Snaf s. do " 5 tals.	4. maí.	
" "	13.	Ólafaf. do " 5 tals.	4. maí.	
1882. 4/2.	15.	Snaf s. Rjettarskýrslur pr 1881, 4 tals.	14. júní.	Skýrslur fyrir 1881/5 og 1882 sentar Lh.
9/2.	16.	Stjandaf. do 1881, 5 tals.	3. júlí.	
22/2.	17.	Dalaf. do 1881, 5 tals.	20. febr.	9. Nov. 1883
28/2.	18.	Stjandaf. do 1881, 5 tals.	2. mars.	
1883. 8/2.	19.	Snaf s. Heimtar sýslu 1882 (1 tals).	12. júní.	Finnur. sigl. og Seðl. 44. 1. Nov. 83.
27/3.	20.	Dalaf. do 1882 (5 tals).	27. febr.	
			31. des.	

N 15
Rjettarskýrslur ýmsar

	N ^o			
Dec. 2	1.	Amtið heimtar vanl. skýrsl. frá Snæf.sýslu 78.	2. desbr.	Jrl 9425 afgr.
" 20	2.	Landsh. heimtar rjettarskýrslurnar 1878.	19. des.	Skýrsl. 1878 afgr. til
1880 4/2	3.	Snæf.s. sendir skýrslur pr. 1878.	31. des.	Lh. 24/2 80
20/3	4.	Strandas. Rjettarskýrslur 1879 (13 ⁷)	2 mars	Heimt[a]d frá Dala. Bstr. Isaf. 6/8
Oct. 8	5.	Snæf.s. – do – s.á.	27. sept.	
"	6.	Dalas. – do – s.á.	9. sept.	
Dec. 1	7.	Isafj.s. – do – s.á.	8. nóv.	
"	8.	Bardastrs. – do – s.á.	16.oct.	Skýrsl. 1879 afgr. til Lh. 28/12 80
1881 mars24	9.	Snæf.s. Skýrsla um einstakl. yfirsjónir 1879	12 marz	Heimtaðar sk. frá Isaf. 30/11 81, pr 1880
"	10.	Bardstrs. Skýrslur frá 1880, 5 tals	1 marz	Skýrsla 1880 afgr. til
	11.	Strandas. – do – 5 tals	2 marz	Landsh. 8/4 82.
mai 5	12.	Snæfellsness. – do – 4 tals	19 apr.	Heimtaðar s.d. frá Isaf. og Mýras 8/4 82.
15	13.	Dalasysla – do – 5 tals	4 maí	Kom frá Mýra 5. og afgr. til Lh 3/7 82.
1882 6/2	15.	Snæfellsns. Rjettarskýrslu. pr. 1881, 4 tals	14.janúar	Skýrslur fyrir 1881 og 1882 sendar Lh.
11/2	16.	Bardstrs. – do – 1881, 5 tals	3. janr.	3. Nov. 1883
22/3	17.	Dalasysla – do – 1881, 5 tals	20. febr.	
28/3	18.	Strandasysla – do – 1881, 5 tals	2. marz	

Athugasemdir: Á sama hátt og áður þá er komudagur viðkomandi bréfs eða skýrslu skráður í fremsta dálk. Þá kemur númer skýrslunnar, hlaupandi tala innan hvers málaflokks. Í efnisdálki fyrir miðju kemur fram um hvers konar skýrslur sé að ræða og frá hverjum. Þá kemur dagsetning skýrslunnar fram og athugasemdir um afgreiðslu hennar. Í réttarskýrslunum sjálfum koma fram upplýsingar um fjölda sakborninga, sakfellinga, sýknana, sátta o.fl. innan viðkomandi lögsagnarumdæmis.³⁹ Allar skýrslur og/eða reikningarnir 30 sem færð voru sérstaklega í bréfadagbækurnar á þennan hátt eru varðveittar í bréfasafni amtsins í séröskjum merktum viðkomandi málefni. Eldri skýrslur eru innan um önnur skjöl safnsins, raðað eftir dagbókarnúmeri og þarf því að leita í bréfadagbókunum til að finna þær.

Orðskýringar/styttingar:

Jrl: Journal eða bréfadagbók.

do: ditto, þ.e. sama og að ofan.

Landsh./Lh: landshöfðingi.

Lagagrundvöllur: Stiftamtmani og amtmönnum bar að safna þessum skýrslum saman og útbúa eina aðal skýrslu fyrir sitt amt og senda stjórnvöldum samkvæmt kansellíbréfi frá 9.

³⁹ Nánar um réttarskýrslur, sjá: Arnljótur Ólafsson, „Skýrslur um dómgæzlu árin 1878 – 1884.“ *Stjórnartíðindi* 1887 C-deild, Rvk 1887, s. 44-69.

nóvember 1793. Tilgangurinn með réttarskýrslunum var einkum að yfirvöld gætu fylgst með að dómsmálin gengu fyrir sig með lögskipuðum hraða.⁴⁰

Notkunarmöguleikar: Í bréfadagbókum 1879 – 1894 er að finna greinargott yfirlit yfir ýmsar skýrslur og reikninga sem amtmanni barst reglulega. Hægt er að sjá hvenær viðkomandi skýrsla barst og hvernig amtmaður afgreiddi þær. Því er alltaf gott að hafa bækurnar til hliðsjónar þegar kanna á skýrslurnar frekar.

Dagbók I 1895 – 1904 (kansellíkerfi). Árið 1895 var tekið upp alveg nýtt skráningarkerfi við færslu bréfadagbókanna, hið svonefnda kansellíkerfi. Nú eru bréfin flokkuð eftir efni eða málum en efniságripi þeirra sleppt. Hver málaflokkur fékk sitt númer og öll bréf varðandi þann málaflokk, bæði innkomin og útsend, skráð á það númer í tímaröð. Þessu kerfi var haldið allt þar til amtið var lagt niður 1904. Skrá um helstu málaflokkanna hefur verið rituð á þrjár blaðsíður fremst í dagbókinni. Þeir eru eftirfarandi:

Aðflutningsgjaldareikningar	Húsavirðingar
Afbygging á Þjóðjörðum	Innborganir í landssjóð
Alþýðustyrktarsjóðir	Jafnaðarsjóður Vesturamtsins
Amtsráðsmannakosningar og amtsráðsfundir	Kennsla daufdumbra
Athugasemdir við og úrskurðir á reikningum	Kjörskrár til alþingis og alþingiskosningar
Aukatekjureikningar og útskriftir af aukatekjubókunum	Konungleg leyfisbréf
Áfengissölugjaldsreikningar	Landamerki Þjóðjarða
Bókasafnið í Stykkishólmi	Leiguliðaábúð
Breytingar á sáttaumdæmum	Löggilding embættisbóka
Brot á móti verslunarlögum	Manntalsbókarreikningar
Brot á móti lögum um fiskiveiðar í landhelgi	Póstmál
Búnaðarsjóður	Skemmdir á Þjóðjörðum og afgjaldslækkun
Búnaðarskólasjóður	Skiptaskýrslur
Búnaðarskólinn í Ólafsdal	Skipting hreppa í fleiri hreppa
Bygging Þjóðjarða	Skipting hreppa í fleiri manntalsþinghár
Dúnpeningar	Skipun bólusetjara
Ekknasjóður Neshrepps innri	Skipun hafnsögumanna
Eyðublöð	Skipun hreppstjóra
Fangelsið á Ísafirði	Skipun sáttamanna
Fangelsið í Stykkishólmi	Skýrslur um almennt ástand
Ferðaleyfi sýslumanna og skipan þeirra	Skýrslur um ástand Þjóðjarða
Ferðaleyfi lækna	Skýrslur um birting laga
Fiskiveiðasamþykktir	Skýrslur um búnaðarástandið
Fjárkláði	Skýrslur um dómsmál
Fjárskoðanir á útfluttu fé	Skýrslur um efnahag sveitasjóða
Flutningur þingstaða	Skýrslur um fastakaupmenn
Gjafa- og styrkarsjóðir	Skýrslur um fiskiafla, selveiði o.fl.
Gjafsóknir	Skýrslur um sáttamál
Gjörðabækur sýslunefnda	Skýrslur um sjálfsbana
Heiðursmerki	Skýrslur um verðlag á verslunarvörum, skipakomum, og um inn- og útfluttar vörur
Hneykslanleg sambúð	Sóttvarnir

⁴⁰ *Lovsamling for Island*. 6. bindi 1792-1805, Khöfn 1856, s. 152. (Cancellie-Circulaire til Stiftamtmanden og Amtmændene paa Island, ang. aarlige schematiske Indberetninger om criminelle Fanger m.v., 9. Novbr. 1793).

Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar
 Sýsluvegir og fjallvegir
 Tekjuskattsreikningar
 Tollskrár skipa
 Tombólu- og sjónleikjaleyfi
 Umboðsmenn sýslumanna
 Umboðsreikningar
 Úrskurðir um meðlög með foreldrum og öðrum vandamönnum
 Úrskurðir um meðlag með óskilgetnum börnum
 Útflutningsgjaldareikningar

Útskriftir úr gjaldabókum
 Veitingaleyfi
 Verðlagsskrár
 Vogrek
 Yfirlit yfirfjárráðenda
 Yfirsetukvennaumdæmi, skipun yfirsetu kvenna og verkfæri
 Ýmislegt
 Þjóðjarðasala
 Þjóðjörðin Ólafsvík
 Þjónustufrímerkjareikningar

Eins og sjá má af ofangreindri upptalningu þá hafa málefni þau er komu á borð amtmanns verið mjög fjölbreytt. Skrá þessi nær þó ekki yfir alla málaflokkana. Aðrir málaflokkar sem nefna mætti og eru ekki taldir upp í efnisyfirlit eru t.d.:

Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð
 Barnsfaðernismál
 Botnvörpuveiðar
 Bólusetningar
 Brunabótafélög
 Eyðing refa
 Fjármarkaðir og réttir
 Hallærislán
 Heilbrigðisástand
 Heimsending útlendra skipbrotsmanna
 Hvalaveiðar - hvalveiðimenn á Vestfjörðum
 Holdsveikir
 Innheimta meðlags
 Ísafjarðarsýslukaupstaður
 Jarðabætur á þjóðjörðum
 Kærur yfir sveitarútsvörum
 Laxveiði og selveiði
 Læknishéruð og lækna

Reglugjörðir um notkun afrétta, fjallskil, fjármörk, réttarhöld, eyðing refa o.fl.
 Réttarrannsóknir
 Sakamál
 Samþykktir um lækningar á hundum
 Sjúkralægukostnaður
 Skipsströnd
 Skuldamál
 Sparisjóðir
 Strandferðaskip og gufubátakaup
 Styrkveitingar til eflingar búnaði
 Sveitaverslunarleyfi
 Sveitarstyrkur
 Sveitfesti og fátækramál
 Sýsluveitingar
 Umsóknir um uppreisn á æru
 Ýmsar kvartanir og kærur

Of langt mál væri að telja alla málaflokkana í bókinni upp hér. Sumum málaflokkum, eins og t.d. sakamálum, hefur verið skipt upp í marga flokka þannig að hvert og eitt sakamál fékk sérstakt númer. Sama á við um málefni eins og réttarrannsóknir, gjafsóknir, sveitfesti, barnsfaðernismál og innheimtu meðlags. Málefnum hvers einstaklings fyrir sig er haldið sér (en ekki blandað saman undir einu númeri). Sama á einnig við um skipsströnd, hvert og eitt strand hefur sitt eigið númer í bókinni. Ýmsar kvartanir og kærur voru sömuleiðis bókaðar á sérnúmer.

Hver málaflokkur fékk yfirleit hálfu til eina blaðsíðu í bókinni eftir áætluðu umfangi viðkomandi máls. Þegar nýtt mál var búið til, var næsta lausa númer tekið og heiti málsins skrifað efst í dálkinn til vinstri en fyrsta bréfið fært inn efst í hægri dálkinn. Eingöngu var skráð frá hverjum eða til hverra bréfin voru og dagsetning þeirra en efnis þeirra ekki getið á neinn hátt annan en að þau tilheyrðu viðkomandi flokki. Ef um útsend bréf var að ræða var


dagsetningin færð í næstu línu fyrir neðan og hún undirstrikuð til að aðgreina betur muninn á innkomnum afgreiðslum og útsendum (sjá dæmi 3.1-1). Þegar viðkomandi blaðsíða var orðin fullnýtt, var málið fært aftar í bókina, á nýja auða síðu og því gefið nýtt númer, þar sem haldið var áfram með málið. Þegar svo ber undir er ávallt vísað á milli númera (sjá 22 fl. til 162 í dæmi 3.1-1).

Þegar útsendu bréfin voru færð inn, fékk hvert þeirra sitt bréfanúmer, hlaupandi tölu innan árs, sem skráð var í dagbókina (undirstrikað, sjá dæmi 3.1-1). Bréfanúmerið var jafnframt skrifað á uppkast bréfsins og eftir númeri útfarna bréfsins var uppköstunum svo raðað í bunka og innsend bréf er vörðuðu sama mál lögð með. Pappírinn sem notaður var fyrir uppköstin, var í tvöföldum örkum og síðustu arkirnar voru alltaf settar utan yfir þær eldri. Með þessu móti mynduðust nokkuð stórir skjalabunkar og röðuðust skjölin innan þeirra í tímaröð. Bréfadagbókarnúmerin ráða síðan röðun bréfabunkanna í bréfsafninu.⁴¹

Dæmi 3.1-3. Dagbók I 1895-1904.

(ÞÍ, VA, I.23. Dagbók I 1895-1904).


[Málaflokkur nr. 22]



⁴¹ Landshöfðingi notaði kansallíkerfið einnig frá og með árinu 1898 og haldið var áfram að nota það á skrifstofu Stjórnarráðsins þegar það tók til starfa 1904. Sjá: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, *Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904*. Rit Þjóðskjalasafns Íslands. Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum. Ritstj. Kristjana Kristinsdóttir (2011), s. 37 o.á.fr. Birt á vef Þjóðskjalasafns, www.skjalasafn.is. – Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964 I*. Rvk 1969, s. 446-450.

<p>22 Frá Vj.D 625</p> <p>Fl. til n. 162 hjer</p>	<p>Um hvalveiðar hvalveiðamanna á Vestfjörðum og búsetu þeirra</p> <p>Til Súðavíkurhr. og Ísafjarðarsýslu 4-5-96 n: 299-300</p> <p>Frá Ísafj.sýslu 31/12 '97 " landshöfð. 7/2 '98</p> <p>Til landshöfð. og Ísafjarðarsýslu 22-98 n: 76-77</p> <p>Frá Ísafjarðarsýslu 10/3 '98</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 30-3-98 n: 134</p> <p>Frá Ísafj.sýslu 9/4 '98</p> <p>Til landshöfðingja og Ísafjarðarsýslu 26-4-98 n: 180-181</p>	<p>Frá Ísafj.sýslu 25/1 '95 " Ísafj.sýslu 9/4 "</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 6-5-95 n: 287</p> <p>Frá Ísafjarðarsýslu 4/5 '95</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 20-5-95 n: 315</p> <p>Frá Ísafj.sýslu 4/6 '95</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 18-6-95 n: 352</p> <p>Til landlæknis 13-7-95 n: 403</p> <p>Frá landlækni 6/8 '95</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 17-8-95 n: 496</p> <p>Frá hr.nefnd Súðav.hr. 4/1 '96</p> <p>Til Ísafj.s. og Súðav.hr. (hrn) 21-2-96 n: 109-110</p> <p>Frá Ísafjarðars. 7/4 '96</p>
---	--	--

[Málaflokkur nr. 113]



<p>113</p>	<p>Kvartanir frá búendunum á Bjarnarnesi í Almennungi og Látravík í Ísafj.s. yfir framkomu hreppsnefndar Grunnavíkurhr. gagnvart þeim</p> <p>Frá landshöfð. 16/11 '97</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 25-11-97 n: 667</p> <p>Frá Ísafj.sýslu 4/2 '98</p>	<p>Frá Baldvini Sigfússyni á Bjarnarnesi í Almennungi 31/10 '96</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu 31-12-96 n: 794</p> <p>Frá Jóhanni Halldórssyni í Látravík 19/1 '97</p> <p>Til Ísafjarðarsýslu og Jóhanns Halldórssonar 24-3-97 n: 182-183</p> <p>Frá Ísafj.sýslu 15/3 '97</p>
------------	---	---

Til landshöfðingja <u>25 – 2 – 98 n: 84</u> Frá landshöfð. 23/3 '98 Til Ísafjarðarsýslu <u>28 – 3 -98 n: 130</u>	Til Ísafj.sýslu <u>13 – 5 – 97 n: 321</u> Frá Ísafjarðarsýslu 20/7 '97 " sömu sýslu 26/8 " Til Ísafjarðarsýslu <u>16 – 9 -97 n: 547</u>
--	--

Athugasemdir: Hér má sjá tvö stutt brot úr dagbókinni 1895 – 1904. Hið fyrra varðar hvalveiðar á Vestfjörðum almennt en það síðara tekur til einnar kvörtunar sem amtmanni barst frá ábúendum á Bjarnanesi og í Látravík í Grunnavíkurreppi. (Bréfi ábúandans í Látravík verður fylgt áfram hér á eftir, sjá s. 31-34). Hvalveiðar hafa fengið dagbókarnúmerið 22 í byrjun en þegar sú blaðsíða var orðin fullskipuð var flokkurinn færður á númerið 162 og undir því númeri liggur bréfabunkinn í bréfasafninu. Eldri bréf varðandi hvalveiðar hafa verið bókuð á númer 625 í dagbókinni á undan eins og vísað er til efst í vinstri dálki (Vj D: Vesturamts journal D). Það var einkum sýslumaður Ísafjarðarsýslu sem hafði samskipti við amtmann vegna hvalveiðimálefna eins og sjá má af yfirlitinu.

Lagagrundvöllur: Amtmenn voru skyldugir að halda sérstakar bréfadagbækur yfir öll erindi sem þeim barst, sbr. 6. grein í erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar frá 1783 (sjá s. 9).

Notkunarmöguleikar: Dagbókin nýtist fyrst og fremst til að leita að bréfum um ákveðin málefni, bæði innsendum og útsendum, sjá dagsetningu þeirra og hvar þau liggja í bréfasafninu.

Registur bréfadagbóka 1787 – 1894. Eins konar efnisyfirlit eða registur þar sem innkomin bréf eru flokkuð eftir sendenum í stafrófsröð eru ýmist fremst eða aftast í öllum bréfadagbókunum. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer. Registrunum er skipt þannig að helstu embættismenn landsins, sem flest bréf bárust frá, fá sinn eigin dálk. Öðrum sendendum er raðað saman í sérdálka eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Embættismennirnir sem fengu sinn eigin dálk í bréfadagbókinni 1821 – 1825 eru þessir:

Arnestappens Ombud
Bardestrandes Sysselmand
Biskoppen/G.Vidalin
Cancelliet
Chirurgerne/Hialtalin og Hvidsteen
Dale Sysselmand
Hallbiarnaröres hospital
Isefiords Sysselmand
Landfogden (S.Thorgrims.)
Landphysicus

Landhusholdnings Selskabet
Landsoverretten
Myre og Hnappedals Sysselmand
Nord- og Öster Amtet
Rentekammeret
Sneefjældsnaes Sysselmand
Strande Sysselmand
Stift- og Sönder-Amtet/Stiftamtmanden
Skogerstrands Ombud

Dæmi 3.1-4. Registor bréfadagbókar 1821 – 1825.

(ÞÍ, VA, I.6. Bréfadagbók 1821-1825).



Arnestappens Ombud	N	Adskilligt	N
ang. ödeöerne Hafnareyars forpagtning	5	Anne Chr. Olmann ansøger om tilladelse til at indgaae nyt ægteskab	20
– Præst Asgeirsens ansögn om hialejen Stapatun maate blive henlagt til mens.	23	Asgeirsen J. Præst ansögn: om hialejen	23
– Jonsen Littlu Seljar	31	Stapatun maatte lægges under Mensal-jorden	39
Indsendt regnskab for Qvilde 1819 Landsk. 1820	34	Samme forlanger exsekution i Sikkret Sagen	119
Meddeler betænkning om bygsel paa Hafnaröene	35	Andreson (Biarne) forespørgsel om budslod	234
Chirurgen Hialtalin ansøger om bygsel paa Örene	36	Asgeirsen (J. Præst) om sysselpas for Jon Biarnesen	460
– Stapatuns henleggelse til mensalgaarden Thæfustens	71	Arnesen (Narfe Leilænding) nedsættelse i afgifterne	461
– Jorden Litluseliars forening med Storuseliar	87	Samme om betaling i anledning af en exsekution	478
– Chirurg Hialtalin ansøger om Hafnörene	113	Arnesen (Olav) om Confirmation, paa et reciproqve testamente	518
– Om Jorden Gislebais bortbygsling	117	Asgeirsen (J. Præst) om at befries for defension i en sag	524
– Regnskabet for en i 1820 og opbierget hualfisk	149	Arne (Arnes.) klager over et skifte	665
– Nedsættelse i Jorden Saxhols afgifter	150	Arnesen (G.) ansøger om eptergivelse af böder for hor	
– Bortbygsling af Jorden Hörgholt	151		
– Nedsettelse i Landskyldu af Jorden gardar			
[...]			

Athugasemdir: Hér má sjá fremstu blaðsíðu registursins í bréfadagbókinni 1821 – 1825. Í dálknum til vinstri eru öll bréf varðandi Arnarstapaumboð skráð í tímaröð og vísað í bréfadagbókarnúmer. Í hægri dálki koma svo öll önnur bréf frá sendendum með upphafsstaf A í nafni

sínu. Registrunum hefur ekki verið ætlað mikið pláss í bókunum og eru því skrifuð með einstaklega smáu lettri. Æði tímafrekt getur því stundum orðið að lesa sig í gegnum þau.

Orðskýringar/styttingar:


mens./mensalsjord: jörð lögð til kirkjunnar, ætluð presti til ábúðar (ekki prestsetur eða staður).

reciprok testamente: gagnkvæm erfðaskrá.

Notkunarmöguleikar: Registrin eru besta og í raun eina leiðin til að finna bréf frá einstökum sendendum. Þar er vísað í bréfadagbókarnúmer en til þess að sjá hvar viðkomandi bréf liggur í bréfasafninu þarf að fletta upp í bréfadagbókinni. Þar sést hvort framhald hafi orðið á málinu og bréfið fært undir annað númer.

Registur yfir Dagbók I 1895 – 1904. Aftast í Dagbók I er registur yfir innkomin bréf sem skiptist á líkan hátt og í eldri bókunum. Helstu embættismenn landsins, sem flest bréf bárust frá, fá sína eigin blaðsíðu í registrinu. Öðrum sendendum er raðað eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Hér eru skráðar mun fyllri upplýsingar um efni bréfanna en í dagbókinni sjálfri, efni hvers og eins bréfs er getið í örstuttu máli og vísað í bréfadagbókarnúmer.

Dæmi 3.1-5. Registur yfir Dagbók I 1895-1904 – bókstafur B.
(ÞÍ, VA, I.23. Dagbók I 1895-1904).



B

1895	<u>Bloom J. sakam.</u>	9	1896		
	<u>Björn Bjarnarson</u>		Júlí 12	<u>Benónía Þiðrd.</u>	
	sakamaður	15		Viðv. barnsf. máli sínu g. Jónasi Pálssyni	18
Febr. 24	<u>Benjam. Benjams.</u>				
	um innt. í Ólafsd.sk.	759	Okt. 30	<u>Breiðuvíkurr.</u> (oddv.)	
Marz 4	<u>Bened. Guðbr.son</u>			Viðv. greiðslu sveitarskuldar Tobíu Jónsd. af erfðafje hennar	591
	um tombóluleyfi til arðs f. lestrarfjelag Kirkjubólsh.	605	31	<u>Baldvin Sigfússon</u>	
Máí 18	<u>Bjarni Sæm.son</u>			á Bj.nesi í Almenningi út af framkomu hr.nefndar Grunnavíkurr. gagnv. honum sem	
	cand mag. um kláðamaur úr Snæf. og Hnappad.sýslu	34		ábúanda á nefndu býli	113
" 10	<u>Björn Bjarnarson</u>		1897		
	sm. í Dalas.		Febr. 5	<u>Björn Sigurðsson</u>	
	Viðv. ísf. málunum	12		kaupm. í Flatey: um útmæl. svæðis (Areol´) undir verzl.hús í sambandi við þilskipaútgærd á Grundarfirði	118
" 31	<u>Sami:</u> snert. sama	12			
Júni 1	<u>Sami:</u> snert. sama	12			
1896					
Jan 7	<u>Böðvar Þorvaldsson</u>		Marz 13	<u>Barðast.hr.</u> (oddv.)	
	Viðv. veðskuld Jóns Benedikts-sonar til bsksj. Vesturamtsins	743		Viðv. úrsk. meðlags á hendur Þórólfi Einarssyni með óskg. barni Petr. Guðmd.	651
" 18	<u>Sami:</u> viðv. sama	743			
" 26	<u>Bogi Thorarensen</u>		Júní 1	<u>Bened. Erl.son</u>	
	á Stóra Holti sækir um innt. í bsk. í Ólafsdal	759		á Sljettaleiti: um skyldu tengdasonar síns Erl. Ólafssonar á Rauðabergi til að annast hann (Bened.)	136
Marz 18	<u>Bjarni Sæm.son cand.</u>				
	Um útfyllingu eyðublaða undir skýrslur um fiskiv.	783			
Apríl 1	[...]				

Athugasemdir: Hér má sjá fyrstu blaðsíðu sendenda sem byrja á bókstaf B. Fremst er skráð dagsetning bréfsins, þá efni þess og nafn sendanda sem er undirstrikað til áherslu. Í þriðja dálki er vísað í númer málaflökks í dagbók.

Orðskýringar/styttingar:

ísf. málin: Ísafjarðarmálin, hér er vísað í tiltekið meiðyrðamál sem var í gangi fyrir dómstólum á Ísafirði.

bsksj.: búnaðarskólasjóður.

bsk.: búnaðarskóli.

Notkunarmöguleikar: Hér er hægt á fljótlegan og auðveldan hátt, að leita að bréfum frá einstökum sendendum, sjá efnisútdrátt bréfa, ásamt því að sjá hvar bréfið liggur í bréfasafninu.

3.2. Bréfasafnið

Bréfasafn Vesturamts er varðveitt í 452 öskjum á Þjóðskjalasafni. Tvenns konar háttur hefur verið hafður á uppröðun bréfanna í bréfasafninu. Stærstum hluta skjalanna frá tímabilinu 1787 – 1894, á meðan rentukammerkerfið var notað, er raðað eftir bréfadagbókarnúmeri, þ.e. bréfin

hafa verið lögð í safnið eftir þeirri röð sem þau bærust embættinu (309 öskjur). Eftir 1894 raðast bréfin samkvæmt kansallíkerfi, þ.e. í málaflokka samkvæmt dagbók og í tímaröð innan flokks (26 öskjur). Töluverðum hluta skjalanna var hins vegar raðað saman í sérstaka efnisflokkum (117 öskjur). Mjög misjafnt er yfir hve langt tímabil einstakir efnisflokkar ná. Sumum málum hefur verið haldið sér frá því snemma á 19. öld og allt til ársins 1904 þegar embættið var lagt niður. Í öðrum tilvikum ná málaflokkarnir einungis yfir nokkra áratugi. Það þarf þó ekki að þýða að sambærileg skjöl frá öðru árabili séu ekki til. Þeim skjölum gæti allt eins hafa verið raðað eftir bréfadagbókarnúmeri þau árin. Úr því fæst ekki skorið nema að skoða viðkomandi bréfadagbók. Ósamræmi þetta stafar einfaldlega af því að hver amtmaður hafði sinn háttinn á í embættisstörfum sínum.⁴² Þannig fjölgaði efnisflokkunum töluvert árið 1879 þegar byrjað var að skrá 30 málaflokka sérstaklega í bréfadagbækurnar (sjá s. 18-19).

Bréf 1787 – 1894: tímaröð eftir dagbókarnúmerum, 309 öskjur

Bréf 1895 – 1904: kansallíkerfi, raðast í málaflokka skv. dagbók, 26 öskjur

Bréf 1810 – 1904: raðað í efnisflokkum, 117 öskjur

Efnisflokkar bréfasafnsins og tímabil sem þeir ná yfir eru eftirfarandi (þ.e. öskjurnar 117):

Umboðsreikningar og umboðsskjöl 1813 – 1904

Kirkjureikningar 1821 – 1887

Spítalareikningar 1813 – 1881

Saveyrisreikningar 1808 – 1839

Jafnaðarsjóðsreikningar 1831 – 1904

Reikningar Gróustaðarlegats 1818 – 1871 og Stóra-Fjarðarhornslegats 1834 – 1871

Reikningar Flateyjarframfarastiftunar 1836 – 1871

Gjafa- og styrktarsjóðir 1879 – 1893

Búnaðarsjóðsskjöl 1827 – 1874

Búnaðarsjóður 1831 – 1872: bréf tilheyrandi bréfadagbók Búnaðarsjóðs Vesturamts (sjá s. 47)

Styrkveitingar til eflingar búnaði 1880 – 1903

Reikningar Búnaðarsjóðs 1840 – 1903

Búnaðarskólagjaldareikningar 1885 – 1904

Ólafsdalsskóli 1879 – 1903

Reikningar dómsmálasjóðs 1841 – 1870

Sýslusjóðsreikningar 1849 – 1892

Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar 1893 – 1903

Laxárbrúarreikningar (Dalasýsla) 1900 – 1901/1903

Skjöl varðandi sýslusjóðsreikninga 1895 – 1904

Fjallvegir 1876 – 1886

Skiptaskýrslur 1848 – 1871 og skjöl varðandi skiptaskýrslur 1879 – 1904

Skýrslur um ómyndugrafé 1848 – 1904

Sjóleiðarbréfareikningar 1856 – 1872/1879

Skjöl um amtsbókasafnið 1842 – 1849, 1861/1864/1866, 1880 – 1881, 1887 – 1904

Búnaðarskýrslur 1837 – 1903

Verðlagsskrár 1818 – 1819, 1825 – 1899

Skýrslur um almennt ástand 1873 – 1895

Skýrslur og skjöl um fastakaupmenn 1879 – 1903

Tollgjaldareikningar 1879 – 1893


Efnahagsskýrslur sveitasjóða 1874 – 1903

⁴² ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.

Þjónustufrímerkjareikningar 1873 – 1903
 Gjaldabókareftirrit 1879 – 1903
 Uppskriftir sýslufundargerða 1874 – 1904
 Hundahaldsskýrslur 1878 – 1893
 Réttarskýrslur 1878 – 1903
 Reikningsendurskoðun og úrskurðir 1876 – 1893
 Sáttaskýrslur 1878 – 1903
 Sýslureikningar (manntalsreikningar) 1878 – 1893
 Verslunarskýrslur og skrásetning skipa 1874 – 1893
 Aukatekjureikningar 1878 – 1893
 Ávísanir og tilkynningar um innborganir 1879 – 1887
 Aukatekjuskýrslur 1880 – 1904
 Útflutningsgjaldareikningar 1882 – 1904
 Bólusetningar 1873 – 1894
 Yfirsetukonur 1876 – 1904
 Æðarræktarmálið 1887 – 1904
 Frönsku ströndin og vogrekin 1870 – 1872
 Embættaveitingar 1878 – 1893
 Fensmarksmálið 1883 – 1888
 Ýmis óbókfærð skjöl 1815 – 1890

Dæmi um skjal í bréfasafni – verðlaun fyrir björgun úr sjávarháska 1817. Hinn 20. janúar 1823 sótti Guðmundur Sigurðsson frá Sveinsstöðum á Snæfellsnesi um verðlaun fyrir að hafa bjargað fimm manns frá drukknun í Dritvík árið 1817. Umsóknina sendi hann til amtmanns sem sendi hana áfram til umsagnar til kansellísins í Kaupmannahöfn. Það gaf samþykki sitt þann 23. maí sama ár.⁴³ Þann 15. ágúst tilkynnti amtmaður sýslumanninum í Snæfellsnessýslu að kansellíið hefði samþykkt umsókn Guðmundar⁴⁴ og í árslok barst amtmanni til baka kvittanir Guðmundar og þeirra sem stóðu að björguninni með honum.⁴⁵

Dæmi 3.2-1. Verðlaun fyrir björgun úr sjávarháska í Dritvík 1817.
 (ÞÍ, VA, II.88. Bréfadagbók 1821-1825, nr. 1660).



⁴³ ÞÍ, VA, I.6. Bréfadagbók 1821-1825. – ÞÍ, KA/98. Bréf 1823.

⁴⁴ ÞÍ, VA, III.11. Bréfabók 1822-1824.


⁴⁵ ÞÍ, VA, II.88. Bréf 1824, nr. 1660.

I anledning af Deeres havelbaarenhedes gunstige skrivelse af 15. aug. sidstl., og i forbindelse med min underdanige skrivelse til Deeres havelbaarenhed af 25. sept. næstefter, giver jeg mig den underdanige frihed vedlagt at fremsende samtlige vedkommendes qvitteringer for modtagelsen af de 70 Rbd. sølv som ere tilstaaede Gudmund Sigurdssen og de af hans mandskab som opholde sig her i syssellet, til belønning, for at have i aaret 1817 i Dritvig reddet 5 mennesker fra at drukne.

Ingialdshol den 31. Dec. 1823
underdanigst
E.Sverrison

Kvittanir þeirra sem tóku á móti björgunarlaununum fylgja með og vekur athygli að einn kvenmaður hefur verið í áhöfninni.

Kvittun Helgu Jónsdóttur:



Af ofanskrifudum 80 Rbd. i silfri er mér undirskrifadri sem var háseti Gudmundar Sigurdssonar á Sveinsstöðum og hialpadi ad björgun 5 manna ur lifshaska i Dritvik 1817 af sysslumanni E. Sverrissygni utbetaladir 6 Rbd. i silfri, fyrir hvorja sex ríkisbankadali i silfri edur 7 rb., 48 s. n.v. hermed qvittera

Grundarfirdi þan 20. Dec. 1823

Helga Jónsdóttir
(handsaladi)

Athugasemdir: Guðmundur Sigurðsson frá Sveinsstöðum, formaðurinn á bátnum sem kom að björguninni, fékk 40 ríkisbankadali en hásetar hans 6 ríkisbankadali hver. Þeir voru Ísleifur Ísleifsson, Illugi Torfason, Helga Jónsdóttir, Guðlaugur Ólafsson, Sæmundur Helgason, öll úr Snæfellsnessýslu og Jón Jónsson frá Efra-Núpi í Húnavatnssýslu.

Lagagrundvöllur: Auglýsing danska kansellís, 14. september 1798 um verðlaun fyrir björgun mannlífa frá drukknun.⁴⁶

Orðskýringar/styttingar: Rbd.: ríkisbankadalur.

Notkunarmöguleikar: Bréf þessi er t.d. hægt að nota til rannsókna á sjóslysum og áhöfnum báta.

Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf Jóhanns Halldórssonar í Látravík 1897. Árið 1872 kom húnvetnskur maður að nafni Jóhann Halldórsson í Grunnavíkurehrepp og lét mæla sér út nýbýli

⁴⁶ *Lovsamling for Island*. 6. bindi 1792-1805, s. 341. (Cancellie-Plakat ang. Præmier for Druknedes Redning, 14. Sept. 1798).

í Látravík á Ströndum. Það mun vera síðasta býlið hér á landi sem mælt var út úr almenningi. Þar bjó Jóhann ásamt fjölskyldu sinni til ársins 1905.⁴⁷ Eftir að Jóhann hafði búið í Látravík um nokkurn tíma reis ágreiningur milli hans og hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps um eignarhald hans á jörðinni og hvaða skatta honum bæri að greiða eins og eftirfarandi bréf ber með sér.

Dæmi 3.2-2. Bréf Jóhanns Halldórssonar í Látravík til amtmanns, 19. janúar 1897.
(ÞÍ, VA, II.314. Dagbók 1895-1904, nr. 113).

Herra Amtmaður Julius Hafstein
Reikjavík

Jeg þakka yður ásamt Herrum Landshöfðingja fyrir góða viðkunningu og mild orð, við mig næstliðu Sunnar er mikið lætti á samvisku minni. Eftir það fór jeg með Lauri heimleidis á Ísaffjörðum dagum eftir attaði eg að sjá Herrna Gyslamanni Nybyggjara bréf mitt, var þá verið að halda fund fund í húsi hans, og eg gat ekki fundið hann. Næsta dag eftir fór eg með postinum að Stað í Grunnavík, þar er Herrum Landshöfðingi sagði, eg skyldi stefna ~~til~~ til seiltafanolar sér stökum mönnum er eg þóttist eiga sök við, og þar með, að eg ætti skafa batur fyrir ólöglegum útbúð úr almenningi. Þá beiðli eg séra Þjartan að skrifa sáttastefuna, ^{á hvaru} neitavi hann því fullkomlega. Af tilviljun kom Petur sonur minn þágangur vestur meðan eg var þar, fann hann oddvita og nefndarmenn, spurði hann þá að hvert þeir vildu nokkuð bata fyrir þeirri gjörning sinn við mig, þeir neitt neituvu því þverlega, gjörðu skop að öllu, og kröfust halda sína áfram sem áður. Nú gat eg um við Prest er Herrum Landshöfðingi þjávi mér, að einginn ætti meg að hafa Almenningsstikka skipti úr annari sveit í aðra. Þó er aðal feili í máli þessu, að Grunnavíkingar tóku rétt sína sjálfir, nefnilega Almenningsstikka í Hlestyrarfirri sem lá í Grunnavíkursveit tóku þeir sem sína fasteign, og gáfu Aðalvíkingum fyrir Látravík úr almenningsi er lá í Aðalvíkur sveit. Bjarnarness Almenningsi af því hann lá í Grunnavíkursveit telja þeir sína fasteign, og fyrir þessi ofargreindu skipti, telja þeir Látravík sína fasteign náttúrlega allt þvert á móti lögum og rétti. Þó þessi fargreindi gjörningur þeirra hafi verið ~~þessu~~ samþykktur á Gyslafundi

ÞesDI n° 113 - 1897-98. Isf. 202-97

⁴⁷ Guðrún Ása Grímsdóttir, Grunnvíkingabók I. Mannlíf í Grunnavíkurhreppi. Þættir úr byggðarsögu. Rvk 1989, s. 248-249. – Guðrún Ása Grímsdóttir, Ystu strandir norðan Djúps. Árbók Ferðafélags Íslands 1994, s. 185.

Herra Amtmaður Júlíus Hafstein

Reykjavík

Jeg þakka yður ásamt Herra Landshöfðingja fyrir góða viðkinningu og mild orð, við mig næstliðið sumar er mikið létti á samvisku minni. Eptir það fór jeg með „Lauru“ heimleiðis á Ísafjörð, daginn eptir ætlaði eg að sýna Herra Sýslumanni Nýbyggjara bréf mitt, var þá verið að halda fund í húsi hans, svo eg gat ekki fundið hann. Næsta dag eptir fór eg með póstinum að Stað í Grunnavík, þar eð Herra Landshöfðingi sagði, eg skyldi stefna til sáttafundar sérstökum mönnum er eg þættist eiga sök við, og þar með, að eg ætti skaðabætur fyrir ólöglegann útburð úr almenníngi. Þá beiddi eg séra Kjartan að skrifa sáttastefnuna eða kjæru, neitaði hann því fullkomlega. Af tilviljun kom Pétur sonur minn þángað vestur meðann eg var þar, fann hann oddvita og nefndarmenn, spurði hann þá að hvert þeir vildu nokkuð bæta fyrir firri gjörning sinn við mig. Þeir neituðu því þverlega, gjörðu skop að öllu, og kváðust halda sinu áframm sem áður. Nú gat eg um við Prest er Herra Landshöfðingi tjáði mér að einginn ætti með að hafa Almenníngs stikkja skipti úr annari sveit í aðra. Þó er aðalfeilið í máli þessu að Grunnvíkingar tóku rétt sinn sjálfir, nefnilega Almenníngsstikkið í Hesteyrarfirði sem lá í Grunnavíkursveit tóku þeir sem sína fasteign, og gáfu Aðalvíkingum fyrir Látravíkur almennínginn er lá í Aðalvíkursveit, Bjarnarness Almennínginn af því hann lá í Grunnavíkursveit telja þeir sína fasteign og fyrir þessi ofangreindu skipti, telja þeir Látravík sína fasteign náttúrliga alt þvert á móti lögum og rétti. Þó þessi fyrgreindi gjörningur þeirra hafi verið samþykktur á sýslufundi getur ekki annað álitist enn ómark, því hefði hin Háttvirta Landsstjórn samþykkt það, gaf hún strax til leyfis að Almenníngar á öllu landinu legðust sem eign undir sveitir þær er þeir liggja í, og þar með að hafa mætti landstikkja skipti hvar helst sem væri. Það sem snertir útburðinn frá Bjarnarinesi og skaða þann er eg hef beðið fyrir Grunnvíkinga aðgjörðir frá því fista til síðasta get eg ekki gjört mig ánægðann með litlar skaðabætur, því þar sem eg hafði ekki viðar ráð í níu ár hverki til húsa byggingar né annars og misti þar fyrir 3 báta, kú og fleyri kindur fyrir ágáng á grasnit af þeirra hálfu, þar þeir bygðu Elíasi ofann á mig. Fugl, eggja og viðartekja af ymsum síðann útvisunargjörðinn var gjörð alt fyrir þeirra umtölur að eg ætti ekkert með Látravík, þá gjætu skaðabæturnar ekki orðið minni enn 2000 krónur, skal eg samt gjöra mig ánægðann með 1000 sem þó heitir ekki nema úrlausn.

Er þó víst ekki meíníng þeirra (Grunnvíkinga) að borga mér þettað ofannskrifaða, þar sagt er nú þeir ætli að byggja mér út héðann en byggja aftur Látravík þeim manni sem lofar að byggja hér túngarða, þó sést ekki spannar lángur garðspotti hjá nokkrum manni sveitina á enda. Ekki er eg þó hræddur um að þettað fyrirtæki þeirra hafi frammgáng. Eptir þeim orðum er Herra Landshöfðingi sagði mér og stemmir eptir því sem segir í Nýbýlinga bréfinu Tilskipun 15. April 1776 þar svo stendur: Hafi einginn sannað eignarrétt sinn til lands þess sem úthlutað er til nýbýlis – notkunarréttur kemur ekki til greina – verður nýbýlið óðal og eign nýbýlingsins, hvert sem það liggur í bygd, í aftrjetti eða í óbygðum. Nái til mín nokkrar skyldur, átti að frammvísa í Nýbyggjara bréfi mínu hverjar þær væru, sem í öðru byggingarbréfi fyrir jörðum, en þar það er ekki tilgreint hlítur bréf mitt að álitast sem eignarbréf.

Nú skrifa eg yður þettað bréf Háttvirtu Herra Amtmaður bak við hr. Sýslumann því eg íminda mér hann haldi meir taum Grunnvíkinga enn minn eptir því ofannskrifaða sem sagt er að þeir ætli að taka undann mér Látravík, er yður þá málið kunnugra.

[...]

Þar sem eg varð sárnaudugur að skrifa mig í Grunnavíkur sveit fyrir ólöglegu Almenníngsstikkja skiptum þeirra, enn hvert ár velkominn aptur í Aðalvíkursveit, krefst eg þess af yður Háttvirta Landsstjórn að hún leysi mig frá þessum ólögum Grunnvíkinga, verði mér synjað um þessa bón mína, þýngir mikið á minni veiku samvitsku, þar sem eg hef strítt við þessi ólög í rúm 20 ár. Að endingu bið eg yður auðmjúklega Háttvirtu Herra Amtmaður að auðsýna mér þá mildi og forláta þó bréf þettað sé stírt og óorðugt. Þóknist yður að verða við bón minni með að skrifa mér, bið eg yður virðingarfíllt svo vel gjöra og slá utan um bréfið til óðalsbónða Guðmundar Þorsteinssonar Hesteyri Aðalvíkursveit, annars má vera eg fái það aldrei.

Virðingarfíllt

Látravík 19. Janúar 1897

Jóhann Halldórsson

Athugasemdir: Athygli vekur að Jóhann Halldórsson, venjulegur bóndi norður á Ströndum, hefur sjálfur farið til Reykjavíkur og borið erindi sitt upp við bæði landshöfðingja og

amtman, tvo æðstu embættismenn þjóðarinnar og farið þannig á bak við sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu sem eðlilegra hefði verið að hann leitaði til í vandræðum sínum. Jóhann er vel meðvitaður um það eins og fram kemur í bréfinu og treystir sýslumanni ekki of vel. Jóhann virðist hafa átt fáa bandamenn í sveitinni eins og fram kemur í niðurlagi bréfsins – hann treystir því ekki að póstur til hans komist til skila. Fleiri skjöl varðandi þetta mál liggja í bréfasafninu undir sama númeri, einkum bréfaskrif milli amtmanns og sýslumanns, þar sem amtmaður útlistar málið fyrir sýslumanni og biður hann að koma á sáttum í málinu. Of langt mál væri að gera grein fyrir þeim öllum hér en Jóhann hélt eignarrétti á jörð sinni eins og nýbýlabréf hans gerði ráð fyrir.⁴⁸

Lagagrundvöllur: Lög um nýbýli, 15. apríl 1776.⁴⁹

Notkunarmöguleikar: Bréf þetta, ásamt fleiri skjölum varðandi málið, er t.d. hægt að nota til rannsóknar á ævi Jóhanns Halldórssonar og samskiptum hans við nágrannana. Einnig eru þetta mjög áhugaverðar heimildir í byggðasögulegu ljósi. Við mat á heimildagildi bréfsins verður að sjálfsgöðu að hafa í huga að það lýsir fyrst og fremst sjónarhorni Jóhanns og því nauðsynlegt að skoða fleiri sköl varðandi málið til að varpa skýrara ljósi á það.

3.3. Bréfabækur 1787 – 1876

Bréfabækur í skjalasafni Vesturamts eru eftirfarandi:

Bréfabók 1787 – 1795 (Kiöbstæð Protocol)	Bréfabók 1837 – 1839
Bréfabók 1787 – 1803 (bréf til stjórnardeilda í Kaupmannahöfn)	Bréfabók 1839 – 1842
Bréfabók 1787 – 1791 (innanlands bréf)	Bréfabók 1842 – 1844
Bréfabók 1792 – 1803	Bréfabók 1844 – 1846
Bréfabók 1803 – 1807	Bréfabók 1847 – 1851
Bréfabók 1804 (bréfabók setts amtmanns Stefáns Þórarinssonar, 25. júní – 19. okt. 1804)	Bréfabók 1851 – 1856
Bréfabók 1804 – 1805 (bréfabók Fr. Trampe 25. nóv. 1804 – 31. des. 1805)	Bréfabók 1856 – 1858
Bréfabók 1808 – 1817	Bréfabók 1858 – 1860
Bréfabók 1817 – 1820	Bréfabók 1860 – 1863
Bréfabók 1820 – 1822	Bréfabók 1863 – 1865
Bréfabók 1822 – 1824	Bréfabók 1865 – 1867
Bréfabók 1824 – 1825	Bréfabók 1867 – 1868
Bréfabók 1826 – 1828	Bréfabók 1868 – 1869
Bréfabók 1828 – 1830	Bréfabók 1869 – 1870
Bréfabók 1831 – 1833	Bréfabók 1870 – 1871
Bréfabók 1834 – 1837	Bréfabók 1871 – 1872
Bréfabók 1834 – 1835 og 1847 – 1848 (þessa bók hélt Bjarni Þorsteinsson í Khöfn)	Bréfabók 1872 – 1873
	Bréfabók 1873 – 1876
	Bréfauppköst 1865 – 1868/1872 – 1873
	Uppköst sjóðareikninga 1886 – 1890

⁴⁸ ÞÍ, VA, II.314. Dagbók 1895-1904, nr. 113.

⁴⁹ *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 251-257. (Forordning um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbygð pláz á Íslandi, 15. April 1776).

Ritun bréfabóka í Vesturamti hófst strax á fyrsta starfsári embættisins 1787, enda hafði tíðkast um langan tíma að amtmenn landsins héldi slíkar bækur.⁵⁰ Í fyrstu voru haldnar þrjár bréfabækur í Vesturamti, ein fyrir bréf innanlands, önnur fyrir bréf til stjórnardeilda í Kaupmannahöfn og hina þriðja fyrir bréf varðandi kaupstaðina Grundarfjörð og Skutulsfjörð (Ísafjörð). Vísun í innkomin bréf var jafnframt skráð á spássíu í þeirri bók. Hún hefur því gegnt bæði hlutverki bréfabókar og bréfadagbókar fyrir málefni sem vörðuðu kaupstaðina en á titilsíðu er hún nefnd „Kiöbstæd protocoll.“ Yfirleitt hélt nýr amtmaður áfram að rita í þá bók sem forveri hans í starfi hafði verið með. Þó hafa þeir Stefán Þórarinsson (júní – nóv. 1804)⁵¹ og F. Trampe (1804 – 1806) haldið sínar eigin bækur. Bréf Trampe hafa síðan einnig verið afrituð í bréfabókina 1803 – 1807. Þau er því að finna í báðum bókunum. Ritun bréfabóka í Vesturamti stóð síðan samfellt til ársins 1876 að hún lagðist af en á síðari hluta 19. aldar þegar bréfagerð var orðin mikil dró almennt mjög úr notkun bréfabóka. Þess í stað voru bréfauppköst gerð á sérstakar arkir, og þau látin með öðrum skjölum viðkomandi máls í bréfasafni embættisins.⁵² Áður hafði verið venja að fleygja uppköstum bréfa eftir að þau höfðu verið færð inn í bréfabókina. Þó eru til bréfauppköst samhliða bréfabókum Vesturamts frá árunum 1865 – 1868 og 1872 – 1873, og að auki uppköst nokkurra sjóðareikninga frá 1886 – 1890.

Allar bréfabækur Vesturamts eru með líku sniði þó oftast megi greina einhvern mun á uppsetningu þeirra milli einstakra embættismanna. Hverju bréfi var gefið sitt númer, hlaupandi tölu innan bókar, þannig að ný bók byrjar ávallt á númerinu einn (N^o1). Bréfin voru rituð í bækurnar tímaröð án tillits til efnis eða til hverra þau voru. Nafn viðtakanda og dagsetning bréfsins er ritað í dálk til hliðar við bréfið sjálft. Jafnframt er vísað í bréfadagbókarnúmer innkominna bréfa er varða sama mál. Í bréfadagbókunum er síðan vísað í dagsetningu útfarna bréfsins. Þannig spila bréfadagbækur og bréfabækur saman.

Bréfabók 1822 – 1824 – beiðni um leiðarvísu í garðrækt 1824. Allt frá síðari hluta 18. aldar hafði það verið eitt af markmiðum danskra stjórnvalda að efla hvers kyns matjurta- og garðrækt á Íslandi. Í því skyni var m.a. útbýtt ókeypiss bæklingum og ritum um garðrækt landsmönnum til leiðbeiningar.⁵³ Í mars 1824 sendi amtmaður Vesturamts, sýslumanninum í

⁵⁰ Þjóðskjalasafn Íslands. *Grundvöllur og hlutverk*, s. 24. Um bréfabækur amtmana fyrir 1770, sjá: Nanna Lárusdóttir, *Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688 til 1770. Embættið og uppbygging skjalasafnsins*. Rit Þjóðskjalasafns Íslands. Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum. Ritstj. Kristjana Kristinsdóttir (2011).


⁵¹ Stefán Þórarinsson var settur amtmaður í Vesturamti 30. júní 1804 þar til F. Trampe tók við í nóvember sama ár. Stefán var jafnframt amtmaður í Norður- og austuramti.

⁵² Þjóðskjalasafn Íslands. *Grundvöllur og hlutverk*, s. 25.

⁵³ Sjá: Þorkell Jóhannesson, *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Fyrri bindi. Rvk 1937, s. 67-72.

Snæfellsnessýslu, fjögur eintök af garðyrkjuriti séra Bjarna Arngrímssonar sem ætluð voru til dreifingar á Skógarströnd.

Dæmi 3.3-1. Bréfabók 1822 – 1824.
(ÞÍ, VA, III.11. Bréfabók 1822-1824).



<p style="text-align: center;"><u>N°1536</u> <u>JrlvaJ4 N°1664</u></p> <p>Efter min circulair skrivelse til sysselmændene i Vesteramtet, dat. 30. nov. 1821 er, iblandt andre, daværende sysselmand i Sneefiældsnaes syssel, tilsendte af præst B. Arngrimsens afhandling om haveyrkningens vigtighed og nytte for Island, 40 exempl. til gratis uddeling, mellem geistlige og verdslige embedsmænd, saavel som de kyndigste almues mænd, i hans syssel.</p> <p>Det gjør mig derfor meget ondt, af hr. sysselmands behagelige skrivelse, dat. 31. dec. f.a. at erfare, at repstyreren paa Skogarstrand ej har erfaldt at pasende antal exemplarer af denne afhandling, til uddeling blandt almuesmænd i hans distrikt, hvorvel det ej er mig mueligt, nu at overbeviise mig om rigtigheden af hans andragende derom, efterdi sysselmandens uddelingsliste herfra er tilsendt Det Kongelige Landhusholdnings Selskb.</p> <p>For nærværende tid er jeg i bisiddelse af ikkun 4 exempl. (to paa skrivpapiir og to paa trykpapiir) af oftnævnte afhandling, hvilke 4 exemplarer derfor hermed tilsendes dem, for at overlades gratis repstyreren og nogle andre, af de bedste bönder paa</p>	<p>[1824]</p> <p>Til Sysselmand E.Sverrisen s.d.</p>
---	--

Skogstrand. Det vil derhos være mig meget behageligt, at hr. sysselmand ej allene anvender, en stadig og særdeles opmærksomhed paa havedyrkningens framgang i deres embeds distrikt, men tillige bestedber Demfor, at befordre den, og ved hvert aars udgang underrette mig speciation, om udfaldet deraf.

Athugasemdir: Bréf þetta er til Eiríks Sverrissonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu og var skrifað þann 6. mars 1824. Það hefur fengið bréfanúmerið 1536. Eftst til hægri er vísað í bréfadagbókarnúmer (N^o1664). Eins og sjá má af bréfinu hafði 40 eintökum af bókinni verið dreift um Snæfellsnessýslu þremur árum áður og amtmaður átti ekki nema fjögur eintök tiltæk í ársbyrjun 1824.

Orðskýringar/styttingar:

JrlvaJ4: Journal Vesturamts, journal nr. 4.

s.d.: sami dagur, þ.e. sama dagsetning og bréfsins að ofan sem er 6. mars 1824.

Lagagrundvöllur: Danska landbúnaðarfélagið kostaði prentunina á garðyrkjuriti séra Bjarna og lét úthluta því ókeypis á Íslandi. Ritið kom út 1820 og hét *Um garðyrkjunnar nytsemi* og hlaut séra Bjarni minnispening úr gulli fyrir ritið. Var það helsti leiðarvísirinn um garðrækt hér á landi fram eftir 19. öld.⁵⁴

Notkunarmöguleikar: Bréfabækurnar nýtast vel til þess að sjá hvernig amtmaður vann úr einstökum málum sem á hans borð bárust. Þar sem bréfin eru rituð í bækurnar í tímaröð án tillits til efnis getur verið nauðsynlegt að vita hvenær tiltekinn atburður átti sér stað, sé nánari upplýsinga um hann leitað. Bréf þetta getur t.d. verið liður í rannsókn um aðgerðir stjórnvalda til eflingar á garðrækt og hvernig til tókst í þeim efnum.

Registur bréfabóka 1787 – 1876. Ýmist aftast eða fremst í hverri bréfabók er að finna registur þar sem bréfin er flokkuð eftir viðtakendum í stafrófsröð. Þar kemur efni bréfanna fram í mjög stuttu máli, ásamt vísun í bréfanúmer. Registrunum er skipt á sama hátt og í bréfadagbókunum þannig að helstu embættismenn landsins, sem amtmaður hafði mest samskipti við, fá sinn eigin dálk en öðrum viðtakendum er raðað saman í sérdálka eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Einnig hafa verið búnir til nokkrir málaflokkar yfir algengustu málefni sem amtmaður hafði með höndum. Embættismennirnir og málaflokkarnir sem fengu sinn eigin dálk í bréfabókinni 1822 – 1824 eru þessir:

⁵⁴ Þorkell Jóhannesson, *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Fyrri bindi, s. 190. – *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940*. 1. bindi, Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1948, s. 157.

Arnestappens ombud
Autorisationer paa Protocoller
Kongelige og andre Bevilinger
Beskikkelsesbreve
Bardestrands syssel
Circulairer to sysselmænd
Det Kongelige Danske Cancellie
Confirmationer
Dale syssel
Districts chirurgerne
Erklæringer paa ansøgninger
Hallbiarnaröres Hospital
Isefiords syssel
Landhuusholdnings Selskabet
Landsoverretten

Landfogden
Landphysikus
Myres og Hnappedals syssel
Nord og Öster amtet
Nationalbanken
Paategninger paa regnskaber og regninger
Det Kongelige Rentekammer
Snefiældsnes syssel
Strande syssel
Skogerstrands ombud
Stiftamtet og sønder amtet
Biskoppen (Geir Vidalin)
Vaccinations væsenet
Adskilligt (a-z)

Athugsemdir: Registrin í bréfbókunum eru byggð upp á nákvæmlega sama hátt og registrin í bréfadagbókunum (sjá dæmi 3.1-4, s. 26-27).

Notkunarmöguleikar: Registrin eru besta leiðin til að finna bréf send tilteknum embættum eða einstaklingum. Til að nota registrin við leit að bréfum um tiltekið mál er því nauðsynlegt að vita við hvern eða hverja amtmaður hafði mest samskipti varðandi það mál.

3.4. Bréfaskrár/registur 1866 – 1904

Bréfaskrár/registur í skjalasafni Vesturamts eru eftirfarandi:

Bréfaskrá 1866 – 1867 (tímaskrá)
Bréfaskrá 1867 – 1873 (tímaskrá)
Bréfaskrá 1873 – 1877 (tímaskrá, fylgir bréfaskrá Suðuramts, sjá þar)
Bréfaskrá 1878 – 1884 (tímaskrá, fylgir bréfaskrá Suðuramts, sjá þar)
Bréfaskrá 1884 – 1888 (tímaskrá, fylgir bréfaskrá Suðuramts, sjá þar)
Bréfaskrá 1879 – 1884 (viðtakendaskrá)
Bréfaskrá 1895 – 1902 (registur yfir Dagbók I)
Bréfaskrá 1902 – 1904 (registur yfir Dagbók I)

Bréfaskrár 1866 – 1888 (tímaskrár). Árið 1866 var byrjað að útbúa sérstakar bréfaskrár yfir öll bréf sem amtmaður sendi frá sér. Þetta eru eins konar bréfaregistur þar sem öll útsend bréf eru skráð í tímaröð í fimm dálka. Í fyrsta dálk var bréfadagbókarnúmer viðkomandi máls skráð og í annan dálk númer uppkastsins, hlaupandi tala innan árs, sem jafnframt var skráð á uppkastið sjálft sem liggur í bréfasafninu með öðrum bréfum málsins. Þetta númer er ekki það sama og bréfanúmerið í bréfabókinni þannig að þessar skrár virðast frekar hugsaðar til þess að halda utan um uppköst útförnu bréfanna. Í þriðja og fjórða dálk er nafn viðtakanda og örstuttur efnisútdráttur bréfsins skráður. Aftasti dálkurinn var ætlaður fyrir athugasemdir en var ekki notaður að neinu ráði í fyrstu bókinni og honum því sleppt í síðari bókum. Frá árinu 1873, eftir að einn amtmaður hafði verið skipaður yfir bæði Vestur- og Suðurömtin, voru bréfaskrár beggja amtanna færðar inn í sömu bókina þrátt fyrir að ömtin tvö teldust aðskilin

umdæmi. Þetta eru einu embættisbækurnar sem eru sameiginlegar fyrir bæði ömtin og eru þær nú varðveittar í skjalasafni Suðuramts. Hætt var að halda bréfaskrár þessar í árslok 1888. Eftir það eru ekki til nein yfirlit yfir útfarin bréf fyrr en 1895 þegar kansallíkerfið var tekið upp.

Dæmi 3.4-1. Bréfaskrá 1867 – 1873.

(ÞÍ, VA, III. 37. Bréfaskrá 1867-1873).

Númer í dagbók-inni.	Koncept N ^o	Hverjum skrifað.	Aðalinnihald.	Athugasemdir
Aðalinnihald. 1867.				
1. Október				
J ₁₄ N2135	419	Sm. í Snfs.	Epting. sekt f. 1. hórbrót Margr. Ögmundsd.	
– 2136	420	Sami	Ákveðin 8 rd. sekt f. 3. legorðsbr. Sigurds Guðbrd.	
– 2134	421	Sami	Epting. sekt f. 1. hórbrót Gísla Guðmundss.	
– 2157	422	Bfg. á Ísaf.	Að stjórnin neiti um styrk til lestrarfjelags Ísfirð.	
– 2165	423	Sm. í Ísaf.	Um lík rekið á Látrafjöru, að tilk. M. Thorsteinsen útfallið.	
2. Október				
– 2158	424	Landfógeti	Beðinn um 78r. 58s. tilh. Jóni sál. Friðrikssyni.	Kr.
– 2193	425	Ordins kap.	Sendur dbrm eiður G. Jónss. á Hnúki.	
3. Október				
– 2176	427	Bfg. á Ísaf.	Beðinn um stýrslu um tvösk. stýrslu Háabak hafi lögð til fjárfis.	
– 1522	428	Sm. í Ísaf.	Prófessur um 18 ^{de} af jafnaðars. af 1866.	
– 2107	429	Sami	– Ho – um vottun í vör Mr. Eliasdóttur.	
– 2108	430	Sami	– Svar stýrslu f. 2. hversstjórn.	
– 2160	431	Sami	– Um að undanberga lögmætun á stýrslu um, það sem ákveðið er af þeim, og svara kvæðum fyrir þess.	
– 2032	432	Sami	– Svareð um stýrslu um stýrslu um (vör. borgum) fyrir fjárfis og lögmæt.	
4. Október				
– 1093	433	Sm. í Ísaf.	Prófessur 2. vinnu um þannf. mál. G. Gísla Guðmundss.	
5. Október				
– 2166	434	Sami	Um stýrslu P. Þjórnarinnar um búið af fjárfis.	
– 1742	435	Sami	Um stýrslu fyrir fjárfis um vör. á stýrslu stýrslu um Helavinnubjarð.	

Númer í dagbók-inni	Koncept N ^o	Hverjum skrifað	Aðalinnihald 1867	Athugasemdir
1. Október				
J ₁₄ N2135	419	Sm. í Snfs.	Epting. sekt f. 1. hórbrót Margr. Ögmundsd.	
– 2136	420	Sami	Ákveðin 8 rd. sekt f. 3. legorðsbr. Sigurds Guðbrd.	
– 2134	421	Sami	Epting. sekt f. 1. hórbrót Gísla Guðmundss.	
– 2157	422	Bfg. á Ísaf.	Að stjórnin neiti um styrk til lestrarfjelags Ísfirð.	
– 2165	423	Sm. í Ísaf.	Um lík rekið á Látrafjöru, að tilk. M. Thorsteinsen útfallið	
2. Október				
– 2158	424	Landfógeti	Beðinn um 78r. 58s. tilh. Jóni sál. Friðrikssyni.	Kr.
– 2193	425	Ordins kap.	Sendur dbrm eiður G. Jónss. á Hnúki.	

– 2177	426	Sm. í Snfs.	Um kröfu Þ. Magnúss. f. meðlag með G. Arngr.d. <u>3. Október</u>
– 2176	427	Bfg. á Ísaf.	Beðinn um skýrslu um hvort skipið Haabet hafi leyst ísl. sjópassa.
– 1522	428	Sm. í Ísafj.	Krafinn um 18r. af jafnaðars.g. 1866.
– 2109	429	Sami	– dto – um vottorð í sök Kr. Elíasdóttur.
– 2108	430	Sami	Send skipbr. f. 2 hreppstjóra. <u>4. Október</u>
– 2160	431	Sami	Um að endurborga leiguliðum á kgsjörðum, það sem ofkafið er af þeim, og senda kvittun fyrir því.
– 2032	432	Sm. og bfg. S. Bjarnas.	Svarað ýmsum spurningum viðv. borgun fyrir fjárnám og lögtak. <u>5. Október</u>
– 1093	433	Sm. í Ísafs.	Krafinn í 2. sinn um framf.mál S. Guðlaugssonar. <u>5. Október</u>
– 2166	434	Sami	Um skuld B. Björnssonar úr búi Erl. sýslums.
– 1742	435	Sami	Um skil fyrir fje innk. við sölu á strönd. skipi við Hæla-víkurbjarg.

Athugasemdir: Hér má sjá fyrstu síðu bréfaskráarinnar 1867 – 1873. Eftsta bréfið fjallar um eftirgjöf á sekt Margrétar Ögmundsdóttur vegna fyrsta hórdómsbrots hennar. Bréfið er dagsett 1. október 1867 og hefur uppkastið númerið 419. Það er til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu. Bréfadagbókarnúmer málsins er 2135 og liggur uppkast bréfsins þá undir því númeri í bréfasafninu ásamt öðrum bréfum varðandi málið.

Orðskýringar/styttingar:

J₁₄: Journal 14 eða bréfadagbók númer 14.

Koncept N^o: númer uppkasts. Afrit útfarinna bréfa eða uppköst voru gjarnan kölluð koncept að danskri fyrirmynd.

Sm. í Snfs.: sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu.

Bfg. á Isaf.: bæjarfógetinn á Ísafirði.

Ordins kap.: Det kongelige Ordeners kapitul. Eins konar orðunefnd stofnsett af konungi árið 1808 sem átti að annast umsjón allra orðuveitinga í danska ríkinu.⁵⁵

dbm.: dannebrogsmáður.

Notkunarmöguleikar: Í bréfaskránum frá 1866 – 1888 er gott yfirlit yfir öll erindi sem amtmáður sendi frá sér, skráð í tímaröð. Hægt er að sjá efnisútdrátt hvers bréfs og númer uppkastsins. Hægt er að leita að afritum bréfanna í bréfabókunum eftir dagsetningu en eftir að ritun bréfabóka lagðist af 1876 þarf að leita uppkasta bréfanna í bréfasafninu. Bréfadagbókarnúmer sem vísað er til í fremsta dálki segja til um hvar í safninu þau er að finna. Fletta getur þurft í dagbókunum til þess að sjá færslu bréfa milli númera.

⁵⁵ *Salmonsens konversations leksikon*, 18. bindi, redigeret af Chr. Blangstrup, 2. udg., Köfn 1924, s. 587.

Bréfaskrár 1879 – 1884 (viðtakendaskrá). Árið 1879 eða þremur árum eftir að hætt var að halda bréfabækur var byrjað að útbúa aðrar bréfaskrár sambærilegar og bréfaregisturinn sem áður höfðu verið skráð aftast í bréfabækurnar, þar sem öll útsend bréf voru flokkuð eftir viðtakendum, nema nú hefur verið bætt við dálki fyrir dagsetningu bréfsins. Líkt og í registrunum í bréfabókunum þá er skránni skipt þannig að helstu embættismenn landsins fá sína eigin blaðsíðu í skránni en öðrum viðtakendum er raðað saman á sér blaðsíðu eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Ritun skráa af þessari gerð var hætt árið 1884 og tímaskrárnar látnar nægja.

Dæmi 3.4-2. Bréfaskrá 1879 – 1884.
(ÞÍ, VA, III.39. Bréfaskrá 1879-1884).

Dagsetn.	Barðastrandarsýsla	J. N°
	1879	
	Sýslum G. P. Blöndahl	
Jan. 27	Heimtuð skýrsla um Fridrik Bjarnason	Jrl. 3223
30	Sendir nokkrir strandreikningar skips Prince Alfreds	- 3138
31	Heimtuð skýrsla til verðlagsskrárinna 1879/80	- 3271
-	- skil fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi 1878	- 3295
Febr. 13	Heimtað svar í fátækramáli Guðm. Kristjánssonar	- 2903

Dagsetn.	Barðastrandarsýsla	J. N°
	1879	
	Sýslum. G. P. Blöndahl	
Jan. 27	Heimtuð skýrsla um Fridrik Bjarnason	Jrl. 3223
30	Sendir nokkrir strandreikningar skips Prince Alfreds	- 3138
31	Heimtuð skýrsla til verðlagsskrárinna 1879/80	- 3271
-	- skil fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi 1878	- 3295
Febr. 13	Heimtað svar í fátækramáli Guðm. Kristjánssonar	- 2903

Marz 8	Heimtaðar ath. við spítalareikn 1876	- 3311
–	Heimtaðar spítalagjaldsreikningur f. aflaár 1877 m.fl.	- 3312
22	Sendar 913 kr. 0/ í strandkostnað Prince Alfreds	- 3313
24	Sendar 104 kr. sem greptrunarkaup 2 franskra sjómanna	- 3335
26	Heimtaðar ýmsar skýrslur og reikningar pr. 1878	- 3341
Apr. 21	Út af spurn. S. Bachmanns um sölu á Vatneyri	- 3449
29	Tilk. um innlausn ávísunar	- 3446
30	Kvittað fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi 78 573 kr. 69 s.	- 3397
Juni 3	Ut af fyrirspurn Erl. Jafetssonar um húsaskatt	- 3523
10	Sendar aths. við reikn 77	- 3525
Juli 28	Heimtud Ruckattesti f. nokkur skip	- 3598
29	Sendar ath. við spítalareikning og skiptaskýrslur 1877	- 3620
Aug. 22	Sendir áteiknaðir lögtakslistar	- 3649
27	Tilk. um innlausn ávísana	- 3663
30	G. Blöndahl send eyðublöð til pensions útreiknings	- 3666
Sept. 1	Ásm. Sv. tilk. að hann sje settur með fullum launum frá 1. Sept. 79	- 3669
5	Heimtuð skýrsla um efnah. sveitasjóðanna 1875/76	Jrl. 6
Okt. 14	Svarað spurn E. Jafetssonar um tífundargjald	Jrl. 3572
Dec. 1	Heimtar Ruckattest f. skonnort Carl	Jrl. 116
3	Að sra Jac. Guðmundssyni sje veitt venis practicandi	- 125
18	Send dómsályktun yfirr. í máli Katrinar Andrjesd.	- 106
2	Heimtaðar sáttaskýrslur pr. 1878	- 17
–	Beiðst uppl. í máli um uppreisn á æru Bj. Bjarnarsonar	- 117

Athugasemdir: Hér má sjá yfirlit yfir öll bréf til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu árið 1879. Í fyrsta dálk er dagsetning viðkomandi bréfs skráð, þá kemur örstuttur efnisútdráttur og í aftasta dálki er vísað í dagbókarnúmer.

Orðskýringar/styttingar:

J.N^o: Journal númer, þ.e. bréfadagbókarnúmer.

Ruckattest: skýrsla/vottorð.

Venia practicandi: aðstoðarlæknir.

Notkunarmöguleikar: Hér er á fljótlegan hátt hægt að fá yfirlit yfir öll bréf sem amtmaður sendi frá sér til einstakra embættismanna og efni þeirra. Hægt er að leita að bréfum til annarra viðtakenda eftir upphafsstaf í nafni viðkomandi. Dagbókarnúmer í aftasta dálki segir til um hvar í bréfasafninu viðkomandi bréf liggur.

Bréfaskrár 1895 – 1904 (registur yfir Dagbók I). Skráin yfir útsend bréf tímabilsins 1895 – 1904 er tvískipt. Annars vegar er um að ræða skrá yfir bréf til helstu embættismanna og hins vegar til allra annarra. Hún eru byggðar upp á sama hátt og registrið yfir innkomnu bréfin í Dagbók I. Því þykir ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir henni hér (sjá dæmi 3.1-5, s. 27).

3.5. Sérmaál – ýmislegt

Í skjalasafni Vesturamts er að finna ýmsar embættisbækur sem varða sértæk málefni amtsins og falla ekki undir neinn af þeim skjalaflokkum sem þegar hefur verið fjallað um. Bækur

þessar voru upphaflega merktar „Diverse Protocoller“ í afhendingarskrá Vesturamts 1865⁵⁶ og er þeim haldið saman hér sem einum skjalaflokki undir heitinu: Sérnám – ýmislegt. Þessi skjalaflokkur er því eins konar reytingur úr ýmsum áttum. Skjöl og bækur sem um ræðir eru eftirfarandi:

Ýmis eftirrit og útdrættir 1770 – 1820:

Konungs- og stjórnardeildabréf til stiftamtmanns 1770 – 1787 (eftirrit, bandlaus í örkum)
Stiftamtmannsbréf til stjórnardeilda í Kaupmannahöfn 1770 – 1787 (eftirrit, innbundin bók)
Stiftamtmannsbréf til viðtakenda á Íslandi 1770 – 1787 (eftirrit, innbundin bók)
Skrár um konungs- og stjórnardeildabréf til stiftamtmanns 1770 – 1787 og amtmanns 1787 – 1804
Tilskipanir og opin bréf 1786/1794 – 1801/1803 – 1805 (allt prentað efni, í örkum)
Útdrættir úr konungsbréfum, tilskipunum o.fl. 1800 – 1820 (með hendi Bjarna Thorsteinssonar amtmanns (1821-1849))
Útdrættir úr kansellíbréfum 1800 – 1818 (með hendi Bjarna Thorsteinssonar)
Vesturamts Copiebog for kongelige forordninger, o.fl. 1786 – 1796
Minnisbók Bjarna Thorsteinssonar amtmanns 1766/1791/1810/1821 – 1849 (heft í arkir í 4to)
Skrá um sýslumenn og hreppstjóra í Vesturamti um 1861/1868 – 1881 (innbundin bók)
Jarðabók Vesturamts 1760 (útdráttur úr jarðabók Skúla Magnússonar landfógeta)
Veðbréfabók Vesturamts 1784 – 1871 (veðsetningarbréf f. sýslum, umboðum og konungstíundum)
Skiptabók Vesturamts 1792/1794 (dánarbú Jóns Arnórssonar sýslumanns á Elliða í Staðarsveit og Ragnhildar Eggertsdóttur, eiginkonu Magnúsar Ketilssonar sýslumanns)
Verðlagsskrár úr Vesturamti 1817 – 1895 (mest prentað efni)
Bréfadagbók og bréfabók Búnaðarsjóðs Vesturamts 1831 – 1873
Póstbók 1787 – 1795
Póstskrá 2. mars 1802 – 31. maí 1802 (óbundin)
Póstskrá 10. des. 1802 – 14. mars 1803 (óbundin)
Póstbók 1849 – 1861
Póstbók 1861 – 1866
Póstbók 1867 – 1870
Póstbók 1870 – 1872
Póstlistar 1865 – 1873 (uppköst, óbundin)

Hér gefst ekki rúm til þess að taka dæmi úr öllum þessum heimildum svo ólíkar sem þær eru. Tvö dæmi verða látin nægja, eitt úr veðbréfabókinni 1784 – 1871 og annað úr póstbókunum svonefndu. Að öðru leyti verður aðeins tæpt á um hvers lags heimildir er að ræða en hugsa má flest þessi gögn sem nokkurs konar hjálpargögn amtmanna í Vesturamti við embættisstörfin.⁵⁷

Ýmis eftirrit og útdrættir 1770 – 1820. Á árunum 1770 – 1787 var stiftamtmaður jafnframt settur amtmaður yfir Suður- og vesturamtinu. Þegar Vesturamtið var skilið frá Suðramtinu 1787 hefur hinn nýskipaði amtmaður þar, Ólafur Stephensen, að sjálfsögðu þurft að kynna sér þau mál sem tengdust hans amtsumdæmi og höfðu áður komið til kasta stiftamtmanns. Í rentukammerbréfi 11. ágúst 1787 var veitt heimild til þess að ráða mann sem skyldi fara yfir safnið í þessu skyni og skrifa upp það sem nauðsynlegt þætti af skjölum sem vörðuðu málefni Vesturamts.⁵⁸ Þrjár bækur með uppskriftum sem rekja má til þeirrar vinnu eru nú varðveittar í

⁵⁶ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.

⁵⁷ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.

⁵⁸ *Lovsamling for Island*. 5. bindi 1784-1791, s. 412 (neðanmálsgrein).

skjalasafni Vesturamts.⁵⁹ Ein bók sem hefur að geyma konungs- og stjórnardeildabréf til stiftamtmanns (langmest rentukammerbréf) og tvær bækur með útsendum bréfum stiftamtmanns, annars vegar til stjórnardeilda í Kaupmannahöfn og hins vegar til viðtakenda á Íslandi. Allar bækurnar þrjár taka yfir tímabilið 1770 – 1787. Frumgerð þessara bréfa eru varðveitt í skjalasafni stiftamtmanns. Hér er einnig að finna eins konar bréfaskrár eða registur yfir konungs- og stjórnardeildabréf til stiftamtmanns frá árunum 1770 – 1787 og til amtmanns frá 1787 – 1804. Skráin er þrískipt í konungs-, kansellí- og rentukammerbréf. Hér liggja með nokkuð af prentuðum tilskipunum og opnum bréfum frá tímabilinu 1786 – 1805. Þá er hér einnig að finna nokkra útdrætti úr konungsbréfum, tilskipunum o.fl. frá árunum 1800 – 1820 og kansellíbréfum frá 1800 – 1818, með hendi Bjarna Thorsteinssonar amtmanns (1821-1849).⁶⁰

Vesturamts Copiebog for kongelige forordninger, o.fl. 1786 – 1796 er stór og þykk bók sem ýmsar tilskipanir, auglýsingar og bréf konungs og stjórnardeilda hafa verið afrituð í. Bréfin eru skráð í tímaröð en aftast er registur þar sem bréfin eru flokkuð í 10 flokka sem eru: rentukammerbréf, kansellíbréf, bekiendgjörelse, bevillingar, confirmationer, forordninger, fundation, placater, opreisninger og rescripter.

Minnisbók Bjarna Thorsteinssonar amtmanns (1766 – 1849) sem skráð er af Páli Pálssyni stúdent og amtsskrifara hefur að geyma skrá um opinbera embættismenn í Vesturamti og skrár um sektir og gjöld. Þetta er skrá um hreppstjóra (frá 1810), sáttarnefndarmenn (frá 1821), ljósmæður (frá 1821), umboðsmenn konungsjarða (frá 1791), sýslumenn (frá 1804), héraðslækna (frá 1766) og amtmenn í Vesturamti (frá 1787). Skráin nær til ársins 1849 þegar Bjarni Thorsteinsson lét af embætti. Þetta er einnig skrá um hórdómsbrot (1823-1849), legorðsbrot (1831-1849), spítalasektir (1826-1843), spítalagjöld (1822-1826), lausafjártúnd (1821-1848), niðurjöfnun annarra gjalda (1822-1847) og hvernig þeim var varið (1822-1842). Skrár af þessu tagi eru afar fágætar hér á landi en tíðkuðust mjög meðal danskra embættismanna og nefndust vísdomsbækur (*visdomsbøger*) en Bjarni hafði einmitt starfað í stjórnarskrifstofum í Kaupmannahöfn áður en hann tók við amtmannsembætti.⁶¹

Skrá um sýslumenn og hreppstjóra í Vesturamti 1861/68 – 1881. Bergur Thorberg (1865-1883) hafði einnig unnið á stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn og af líkum toga er skrá hans um sýslumenn og hreppstjóra í Vesturamti frá því um 1860 – 1881. Getið eru um

⁵⁹ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.

⁶⁰ Merkt svo á örk.

⁶¹ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt.


hreppstjóra í hverjum hrepp fyrir sig, hvenær viðkomandi var skipaður í embætti og hvenær sá hinn sami lét af embætti.

Jarðabók Vesturamts 1760 hefur að geyma útdrætti úr jarðabók Skúla Magnússonar landfógeta. Þar eru taldar upp konungsjarðir eftir umboðum, Skálholtsjarðir, spítalajarðir, fátækrajarðir, kirkjujarðir og sjálfseignarjarðir í amtinu. Getið er um jarðardýrleika, landskuld og kúgildi á jörðunum. Aftast í bókinni er registur þar sem jarðir eru taldar upp í stafrófsröð og vísað í blaðsíðunúmer.

Veðbréfabók Vesturamts 1784 – 1871 inniheldur afrit veðbréfa eða tryggingarbréfa fyrir sýsluafgjöldum og afganggjöldum af umboðsjörðum konungs í amtinu. Á titilsíðu er hún sögð hefjast við árið 1784 en þar má þó finna nokkur bréf sem eru eldri, það elsta frá 1755. Löng hefð var fyrir því að sýslumenn tækju embætti sín á leigu, þ.e. þeir greiddu ákveðna upphæð árlega fyrir sýsluna en hirtu allar tekjur af henni sjálfir. Á 18. öld þurftu sýslumenn að setja veð fyrir embætti sínu og tekjum þess.⁶²

Dæmi 3.5-1. Veðbréfabók Vesturamts 1784 – 1871.

(ÞÍ, VA, IV.8. Veðbréfabók Vesturamts 1784-1871).



⁶² Einar Laxness, *Íslandssaga III s-ö*, Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995, uppflettið »sýslumaður«, s. 85.

N. 67

Caution

for Afgifterne af Snæfellsnæs – Sysse

Vitanlegt gjörist hér með að ég undirskrifaður eptir beiðni og fyrir hönd herra sýslumanns Páls Melsteðs, veðset með fyrsta forgangsrétti 15 hndr (fimtán) hundruð í eignarjörð minni Lækjarbug í Hraunhrepp innan Mýra-sýslu með 2 kúgyldum og 3 specia árlegu eptirgjaldi, veðset ég ofangreinda eign mína konungssjóðnum til fullvissu fyrir afgjaldi því sem velnefndur herra sýslumaður árlega á að gjalda af Snæfellsnes-sýslu og skal veðsetning þessi standa þangað til ég með löglegum hálfárs fyrirvara segi henni lausri.

Hólmlátri 12ta April 1850

Guðbrandur Magnússon

(L.S.)

Lesið á manntalsþingi að Lækjarbug, dag 22. Maí 1850 og síðan ritað í Mýra- og Hnappadalssýslna kaupbréfa- og veðsetningabók, bls. 115.

Jón Pétursson

Í Mýra- og Hnappadals-sýslna kaupbréfa- og veðsetningabók finnst ekkert það skjal er heimili veðseljandanum nokkurn rétt yfir jörðinni Lækjarbug, heldur stendur þar Student B. Benedictsen sem eigandi hennar.

Jón Pétursson

borgunarlaust
Jón Pétursson

Athugasemdir: Guðbrandur Magnússon sem hér veðsetur eignarjörð sína, Lækjarbug, fyrir hönd sýslumanns var giftur bóndi og búandi á jörðinni Hólmlátri í Snæfellsnessýslu þetta ár.⁶³ Hann er sagður hafa verið velstæður og hefur ekki munað um að gangast í ábyrgð fyrir sýslumann sem var af góðum ættum. Páll Melsteð var sonur Páls Melsteðs amtmanns í Vesturamti (1849 – 1861) og Önnu Sigríðar dóttur Stefáns Þórarinssonar fyrrum amtmanns í Norður- og austuramti (1783 – 1823).⁶⁴ Bréfinu var þinglýst 22. maí 1850 af Jóni Péturssyni sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu og innfært í veðsetningarbók sýslunnar þar sem það á heima með öðrum veðsetningarbrefum. Hér er því um afrit sama bréfs að ræða. Einhver vafi virðist þó vera á því hvort Guðbrandi væri heimilt að veðsetja jörðina sbr. athugasemd Jóns Péturssonar neðan við bréfið.

Lagagrundvöllur: Amtmanni bar að hafa umsjón og eftirlit með sýslumönnum og umboðsjörðum konungs⁶⁵ og hefur væntanlega látið rita þessa bók í þeim tilgangi.

Notkunarmöguleikar: Veðmálabókina má t.d. nota til þess að skoða hvaða og hve mikla tryggingu sýslumenn og umboðsmenn konungsjarða þurftu að setja fyrir embættum sínum.

Skiptabók Vesturamts 1792/1794 inniheldur uppskrift á dánarbúum Jóns Arnórssonar sýslumanns á Elliða í Staðarsveit, d. 26. apríl 1792 og Ragnhildar Eggertsdóttur konu Magnúsar

⁶³ Manntal 1850. www.manntal.is

⁶⁴ *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940.* 4. bindi, Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1951, s. 131. Páll Melsteð þessi er líklega þekktastur fyrir sagnfræði- og ritstörf.

⁶⁵ Sbr. erindisbréf Stefáns Þórarinssonar amtmanns. *Lovsamling for Island.* 4. bindi 1773-1783, s. 728-740. Sjá einnig kafla 2.2 hér að framan um verksvið amtmanns.

Ketilssonar sýslumanns, d. 6. nóv. 1793. Sýslumenn önnuðust alla jafna um dánarbúskipti en þegar sýslumaður sjálfur féll frá bar amtmanni að hafa umsjón með skiptunum.⁶⁶ Í skiptabókina voru allar eigur þeirra Jóns og Ragnildar skráðar niður og virtar til verðmætis, bæði í föstu og lausu, fatnaði, búsgögnum og öðru. Hún gefur því einstaka innsýn í veraldlegur eigur fyrirfólks í lok 18. aldar.

Verðlagsskrár 1817 – 1895. Með tilskipun 16. júlí 1817 skipaði konungur að settar skyldu verðlagsskrár fyrir Ísland, líkt og tíðkuðust í Danmörku.⁶⁷ Tilgangurinn með þeim var að koma í veg fyrir „... langvint þras og misklíð margra á milli, um réttann gjaldmáta á sköttum, tíundum, tollum og landskuldum.“⁶⁸ Amtmönnum bar að safna saman upplýsingum hjá sýslumönnum um almennt verðlag í landinu sem eru grunnurinn að verðlagsskrám þessum. Skýrslur þessar voru síðar prentaðar í *Skýrslum um landshagi á Íslandi og Stjórnartíðindum* eftir að útgáfa þeirra hófst.

Bréfadagbók og bréfabók Búnaðarsjóðs Vesturamts 1831 – 1873. Búnaðarsjóður Vesturamts var stofnaður í nóvember 1828 og reglugerð hans staðfest með konungsúrskurði 4. júní 1830. Aðal tilgangur sjóðsins var að veita verðlaun fyrir jarðrækt, fiskveiðar, húslegar handiðnir og yfirhöfuð sérhvern nýtsaman og heillavænlegan atvinnuveg. Öllum var gefið leyfi til að sækja um verðlaun en þó „... sérilagi fátækum, framkvæmdasömum og ráðvöndnum mönnum í bændastétt.“⁶⁹ Amtmaðurinn í Vesturamtinu og sá sýslumaður í sama amti sem næst honum bjó skyldu annast stjórn sjóðsins og bar þeim að halda sérstaka bók yfir stjórnarverk sín. Bókin er tvískipt. Fyrri hluti hennar er dæmigerð bréfadagbók þar sem innkomin bréf eru færð inn í tímaröð og síðari hluti hennar dæmigerð bréfabók með afritum útsendra bréfa og er hún byggð upp á nákvæmlega sama hátt og bréfadagbækur og bréfabækur amtsins (sjá kafla 3.1 og 3.3). Innkomin bréf varðandi málefni sjóðsins eru í bréfasafni amtsins í séröskjum merktum Búnaðarsjóðnum. Hér eru um að ræða heimildir sem eru einkar gagnlegar til rannsókna á búnaðarsögu landsins og framkvæmdum einstakra manna sem um verðlaun sóttu. Árið 1873 var hætt að halda sérstaka dagbók yfir málefni sjóðsins en mál hans færð inn í almennar bréfadagbækur amtsins.

⁶⁶ Sbr. 9. grein erindisbréfs Stefáns Þórarinssonar. *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 733-734.

⁶⁷ *Lovsamling for Island*. 7. bindi 1806-1818, Khöfn 1857, s. 692-697. (Forordning ang. aarlige Capitelstaxter i Island, 16. Juli 1816 og Kongelig Resolution ang. Regler for Capitelstaxtens Sættelse i Island, 16. Juli 1817).

⁶⁸ *Klausturpósturinn* 1. árg. 1818, s. 38.

⁶⁹ *Lovsamling for Island*. 9. bindi 1826-1831, Khöfn 1860, s. 519. (Kongelig Confirmation paa Regulativ for en oeconomisk Fond for Vester-Amtet, 4. Juni 1830). Nánar um Búnaðarsjóð Vesturamtsins, sjá: Þorkell Jóhannesson, *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Fyrra bindi, s. 217-219.

Póstbækur 1849 – 1872. Upphaf opinberrar póstþjónustu hér á landi má rekja til ársins 1786 þegar ákveðið var að ráðnir skyldu fjórir bréfberar á föstu kaupi.⁷⁰ Bréfberunum var þó ekki treyst til þess að sundurgreina póst og afhenda hann beint til viðtakenda heldur tóku þeir við læstum koffortum eða bréfaskrínnum og lykillinn fylgdi með í sérstökum umbúðum undir innsigli.⁷¹ Skráð var vandlega hvaða bréf og böggla pósturinn flutti milli staða.

Dæmi 3.5-2. Póstbók 1861 – 1866.

(ÞÍ, VA, IV.3. Póstbók 1861-1866).

Júni Listi 1861		Stærðarmáli			
		Þr.	gull	sl.	þ. þ.
1-2	A. Til Myrasýslu. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	2			
3-6	B. Til Reykjavíkur. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	3	6		
7-14	C. Til Reykjavíkur. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	8			
15-21	D. Til Reykjavíkur. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	7			
22-23	E. Til Reykjavíkur. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	2			
	F. Til Reykjavíkur. L. S. 604 L. S. 410 L. S. 298 L. S. 142	9			

⁷⁰ Lovsamling for Island. 5. bindi 1784-1791, s. 269-270. (Rentekammer-Skrivelse til Landfoged Skuli Magnusson, ang Beskikkelse af Postførere m.m., 15. Juni 1786).

⁷¹ Heimir Þorleifsson, Póstsaga Íslands 1776-1873. Rvk 1996, s. 52.

Júní

N.1
Listi

1861

yfir bréf þau og böggla sem í dag eru send frá Stykkishólmi til Reykjavíkur með vesturlandspóstnum Eyþóri Felixssyni.

No.	A. Til Mýrasýslu	Frí geng	Burðareyrir			
			goldinn		ógoldinn	
			rd	s.	rd	s.
1-2	Sýslumaðurinn í Mýra- og Hnappad.s. (með No 2 forsigl. bögg. m. 16 rd 34 s. A.T.)	2				
	<u>B. Til Reykjavíkur</u>					
3-6	Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi	3		6		
7-14	Biskup H.G. Thordersen (með No 14 forsigl. poki m. 146 rd 9s. Hosp. H. Th.)	8				
15-21	Landfógetinn á Íslandi með No 17, 2 forsigl. pokar m. resp. L.F. 60 rd. 30s. og L.F. 410 rd. með No 18, forsigl poki m. L. 298 rd. 21, í No 19 innlagdur 50 rd. seðill og meðfylgir forsigladur peningapoki m. 350 r. L.F. með No. 20 forsigl poki m. 200 r. L.F. með No. 21 forsigl. poki m. 142 r. 41, L.F.	7				
22-23	Landfógeti Thorsteinsson (í No. 23 innlögð kgl. skuldabréf, að upphæð 331r. 48s. og fylgir poki m. 51r. 18 s. L.F.)	2				
24-25	Justitiarius Th. Jonasson	2				
26	Procurator J. Gudmundsson innl. borg. á Ísaf. listi					
27	Prentari E. Þórðarson, fylgir poki m. E. Þ. 49rd. 36s., óborg. alla leið frá Ísaf.				1	6
28-29	Heilbrigðisnefndin í fjárkládamálinu	2				
30	Consul Smith			6		
31	Skólakennari H.K. Friðriksson			6		
32	Alþingismaður A. Ólafsson					6
33	Prestur H. Hálfðanarson í Görðum			6		
	<u>C. Til Nordur- og Austur-amtsins</u>					
34	Amtmaður Havstein	1				
35	Bókbindari P. Pálsson á Eyri borg. til Rvk			6		
36	Sigurður Jónathansson Víðivöllum, sömul.			6		
	<u>D. Til Kaupmannahafnar</u>					
37-41	Justisministeriet	5				
42	Bankbrev for de kongel. Ordeners Capitul, fylgir poki m. O.b. kongel. Order	1				
43	Overpostmesteren i Kjöbenhavn	1				
44	Kammers. Michaelsen			6		
45	Stud. juris H. Melsted			9		
	<u>Seinna innkomin</u>					
46	Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi	1				
47	Sýslumaður P. Melsteð			6		
48	Justitsraad J. Hjaltalín	1				
		36		57	1	12

Síðan voru bréf þessi og bögglar látin niður í 2 kuffort, og þeim þar eptir læst, og lykillinn að öðru sendur í bréfi með amtsins innsigli til Landfógetans í Reykjavík, en lykillinn að hinu kúffortinu í hverju bréfin til Mýrasýslu liggja efst ásamt listanum, er sendur í innsigliðu bréfi prófasti sra S.E. Einarsen í Stafholti, hvar þetta kuffort verður opnað.

Pósturinn er afgreiddur í dag kl. 8 e.m. frá Skrifstofu Vesturamtsins Stykkishólmi 10. Júní 1861.

B. Thorarensen
St.

Þremur dögum síðar kom pósturinn að Stafholti, séra Einar S. Einarson prófastur tók þar á móti honum og skýrir svo frá:

Ár 1861 fimmtudaginn þann 13. Júní kl. 10 f.m. kom vesturlandspósturinn Eyþ. Felixsson hingað að Stafholti og afhenti mér bréf undir innsigli Vesturamtsins, í hverju var lykill að mér einnig afhentri skrínu, með honum var henni síðan lokið upp og úr henni tekinn þessi listi, ásamt með bréfunum No 1 og 2, samt því síðarnefnda fylgjandi böggli.

Athugasemdir: Hér má sjá að Vesturlandspósturinn Eyþór Felixsson hefur verið með 48 bréf meðferðis í för sinni milli Stykkishólms og Reykjavíkur. Hann lagði af stað 10. júní 1861 frá Stykkishólmi og kom þremur dögum síðar að Stafholti í Mýrasýslu þar sem tvö bréf til sýslumannsins voru tekin úr póstskrínunni. Hann var síðan kominn til Reykjavíkur daginn eftir. Á þessum tíma tíðkaðist mjög að flytja peninga með póstinum eins og sjá má af upptalningunni og því ekki að ástæðulausu sem kistan var höfð læst. Fyrir kom að pósturinn skemmdist á leiðinni. Þegar Vesturlandspóstur kom við að Hítardal 25. júní á bakleið sinn frá Reykjavík opnaði séra Einar skrínuna og komst að því að:

í báðum skrínunum er allt stórskemmt af skrölti hvað innan um annað, og sumt svo að naumast verður lesið, lausa peninga komna úr umbúðum týndi ég saman og taldi í votta viðurvist, 53rd. 32s., lét þá síðan ásamt rifnu umbúðunum niður í tilfengnar nýjar umbúðir, og voru þeir svo látnir í þeim niður í skrínuna. Til að taka af skrölt í skrínunum var síðan fengið hey til fyllingar.

Orðskýringar/styttingar: Hosp. H. Th.: merkir líklega að um sé að ræða peninga ætlaða spítalásjóðnum.

Lagagrundvöllur: Bréf rentukammers um skipan bréfbera, 15. júní 1786 og bréf rentukammers um íslensk póstmál, 17. júní 1786.⁷² Póstafgreiðsla Vesturlandspósts var til húsa á amtmannssetrinu í Stykkishólmi á árunum 1849 – 1872, á sama tímabili og póstbækurnar í skjalasafni amtmanns ná yfir og er það líkleg ástæða þess að þær er að finna þar.

Notkunarmöguleikar: Bókina er hægt að nota til rannsókna á ferðum Vesturlandspósts á umræddu tímabili, viðkomustöðum hans, fjölda bréfa og ástands á póstinum þegar komið var á áfangastað. Sambærilegar heimildir um ferðir póstsins frá því fyrir 1849 og eftir 1872 er að finna í skjalasafni Rentukammers (fylgiskjöl með reikningum jarðabókasjóðs) og í safni Umboðslegrar endurskoðunar.⁷³

3.6. Amtsráð Vesturamts 1875 – 1907

Amtsráð voru stofnuð árið 1872, tóku til starfa 1875 og voru lögð niður í árslok 1907 eins og fram kom hér að framan (sjá s. 12). Amtsráð Vesturamts kom sér ekki upp sérstöku skjalasafni í upphafi að öðru leyti en því að haldnar voru sérstakar fundargerðarbækur. Önnur skjöl

⁷² *Lovsamling for Island. 5. bindi 1784-1791, s. 269-274.* (Rentekammer-Skrivelse til Landfoged Skuli Magnusson, ang Beskikkelse af Postførere m.m., 15. Juni 1786 og Rentekammer-Skrivelse til Stiftamtmand Levtzow, ang. Postvæsenets Indretning i Island, 17. Juni 1786).

⁷³ Sjá: Heimir Þorleifsson, *Póstsaga Íslands 1776-1873*, s. 517.

varðandi málefni amtsráðsins hafa hafnað í skjalasafni amtsins sjálfs. Skilin á milli starfa amtmanns og amtsráðsins virðast þannig stundum frekar óljós. Fyrst eftir að ömtin voru lögð niður 1904, var farið að halda sérstaka bréfadagbók amtsráðs. Bréf og bækur amtsráðsins í Vesturamti eru eftirfarandi:

Gerðabók 1875 – 1895
Gerðabók 1896 – 1897
Gerðabók 1898 – 1903
Gerðabók 1904 – 1907
Dagbók I 1904 – 1907
Bréfaskrá 1904 – 1907 (registur yfir Dagbók I)
Bréfasafn 1904 – 1907 (4 öskjur)

Gerðabækur 1875 – 1907. Fundargerðir amtsráðsins voru ritaðar í gerðabækurnar og gefa þær því góða innsýn í þau málefni sem komu á borð ráðsins. Amtsráðunum bar að halda einn fund á ári í byrjun júnímánaðar og tók hver fundur oftast tvo til þrjá daga. Auk þess gat forseti ráðsins, þ.e. amtmaður, kvatt til aukafundar ef honum þótti brýn nauðsyn til.⁷⁴ Helstu málefni sem tekin voru fyrir á fyrsta fundi amtsráðsins í Vesturamti, 7. og 8. júní 1875, voru yfirskoðun á gjörðabókum sýslunefnda, rætt um málefni búnaðarsjóðs, reglugerð um þjóðvegi og vegabætur, spurning um breytingu á póstleiðum, varnir gegn útbreiðslu fjárkláðans og að síðustu samin og samþykkt áætlun um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs.⁷⁵ Fundargerðirnar voru síðan birtar í *Stjórnartíðindum*, B-deild, viðkomandi ár og verður því ekki fjallað nánar um þær hér.

Dagbók I, bréfaskrá og bréfasafn 1904 – 1907. Þegar ömtin voru lögð niður 1904 hóf amtsráðið að halda sína eigin bréfadagbók yfir bréf sem því bárust og mynda sitt eigið bréfasafn. Það er nú varðveitt í fjórum öskjum merktum amtsráðinu. Eldri bréf varðandi mál amtsráðsins liggja í bréfasafni amtsins sjálfs. Notast var við kansellíkerfið og aftast í dagbókinni er registur yfir innkomin bréf þar sem bréfin eru flokkuð eftir sendendum í stafrófsröð. Skráð er dagsetning bréfs, efnisútdráttur og vísað í dagbókarnúmer, á líkan hátt og gert var í dagbók amtsins sjálfs. Á sama hátt voru útsend bréf amtsráðsins skráð eftir viðtakendum í stafrófsröð í sérstaka bók sem kallast bréfaskrá 1904 – 1907.

Málaflokkarnir í dagbókinni 1904 – 1907 eru eftirfarandi:

Amtsráðsmannakosningar og amtsráðsfundir
Alþýðustyrktarsjóðir
Amtsbókasafn
Amtsráðið
Búnaðarsjóður

⁷⁴ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 424. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

⁷⁵ *Stjórnartíðindi* 1875 B, s. 77-79. (Skýrslur um fundi amtsráðanna. Fundur amtsráðs Vesturumdæmis 7.-8. júní 1875).

Búnaðarskólasjóður
Dúngjald
Eyðublöð
Jafnaðarsjóður
Reglugerðir
Reikningar (að mestu sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar)
Sýslufundargerðir
Þorvaldarminning – Styrktarsjóður
Ýmislegt
Yfirsetukonur

Athugasemdir: Dagbók amtsráðs er byggð upp á sama hátt og dagbók Vesturamtsins 1895 – 1904 (sjá dæmi 3.1-3, s. 23-25 og dæmi 3.1-5, s. 27-28).

Lagagrundvöllur: Amtsráðunum var skylt að varðveita öll bréf og skjöl sem því bárust samkvæmt 50. grein tilskipunar um sveitastjórn.⁷⁶

Notkunarmöguleikar: Dagbókin nýtist fyrst og fremst til að leita að bréfum amtsráðs um tiltekin málefni, bæði innsendum og útsendum, sjá dagsetningu þeirra og hvar þau liggja í bréfasafninu.

Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf Baldvins Bergvinssonar bókavörðar 1906. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi tók formlega til starfa um haustið 1847. Stjórnendur þess voru amtmaðurinn í Vesturamti og prófasturinn í Snæfellsnessýslu. Sérstakur bókavörður var ráðinn til að annast útlán og umhirðingu safnsins.⁷⁷ Eftir að amtsráðið tók til starfa 1875 tók það við stjórn bókasafnsins.

Dæmi 3.6-1. Amtsráðsskjöl – bréf Baldvins Bergvinssonar bókavörðar 1906.
(ÞÍ, VA, V.3. Dagbók amtsráð I 1904-1907, nr. 7).

Heithesta amtsráði Vesturamtsins!

Eftir að hafa verið, hversu stund bókavörður hér við Amtsbókasafnið er miðað, þá finnst ég að þess aðveðinn laun bókavörðar er af lítil – að upphæð 100 kr. fyrir vnið.

Þinni þá, sem bókav. ver til ríttlans bóka og ltr. vordals á vettu, er minnst 3/4 hl. tíni einu einni í viku, og 1 hl. tíni á summi, og þar að aukri verður bókavörður að verja miklum tíma til þess, bæði. Þá sinna allri málteku hlöðu, tímarita og bóka.

⁷⁶ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 411. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

⁷⁷ *Lovsamling for Island*. 13. bindi 1844-1847, Köfn 1866, s. 565-567. (Reglement for Amtsbibliotheket for Vester-Amtet, án dags. 1847). – Ásgeir Ásgeirsson, *Miðstöð Vesturlands. Saga Stykkishólms 1845-1892*. Saga Stykkishólms II. Stykkishólmur 1997, s. 93.

sem berast mánaðarlega að safninu, og líka að
sinna kvöldum lántakenda víðsvegar í amtinu.

Ennfremur er það tálmun á atvinnuveginum, að
verða ávallt að vera til staðar vissa tíma í
hverri viku allt árið, samkvæmt reglum um
vittis lántakafnsins

Sé bókov. liðlegur maður, sem vill gera öllum
sömu skil, þá verður hann nærri því dagsdaglega
að vinna eitthvað fyrir safnið – þar sem meiri hluti
utanbæjarmanna getur ekki notað hina ákvörðuðu
vittis lántakafnsins

Og sé bókov. reglusamur og áreiðanlegur, og styðji
fast að tilgangi safnsins, þá þarf til þess
allmiklum tíma – því meiri vandvirkni og sam-

Háttvirta amtsráð Vesturamtsins!

Eftir að hafa reynt hversu starf bókovarðar hér við amtsbókasafnið er mikið, þá finn ég að hin
ákvæðu laun bókovarðar er of lítil – að upphæð 100 kr. fyrir árið.

Tími sá, sem bókov. ver til útláns bóka og lestrarsals á vetri, er minnst 3 ½ kl. tími einu sinni í viku,
og 1 kl. tími á sumri, og þar að auki verður bókovörður að verja miklum tíma til þess, bæði að sinna
allri, móttöku blaða, tímarita og bóka, sem berast mánaðarlega að safninu, og líka að sinna kvöldum
lántakenda víðsvegar í amtinu.

Ennfremur er það tálmun á atvinnuveginum, að verða ávallt að vera til staðar vissa tíma í hverri
viku allt árið, samkvæmt reglum um útlán bókasafnsins.

Sé bókov. liðlegur maður, sem vill gera öllum sömu skil, þá verður hann nærri því dagsdaglega að
vinna eitthvað fyrir safnið – þar sem meiri hluti utanbæjarmanna getur ekki notað hina ákvörðuðu
útláns tíma safnsins.

Og sé bókov. reglusamur og áreiðanlegur, og styðji fast að tilgangi safnsins, þá þarf til þess all-
mikinn tíma – því meiri vandvirkni og umhyggja, þess meiri tími.

Þess skal geta að 38 lántakendur hafa bæzt við safnið síðan n.l. haust, er ég tók við því.

Ég get vel trúað því, að fyrv. bókovarðir hafi eigi fundið ástæðu til, að fá hækkuð laun sín, þar sem
augljóst er að þeir hafa haft þann starfa – að minnsta kosti í seinni tíð – í of-miklum hjáverkum, svo
safnið hefur áreiðanlega liðið við það skaða.

Samkvæmt ofanefndum ástæðum, vil ég hér með leyfa mér að fara þess á leyt við hið háttvirta amtsráð Vesturamtsins, að það nú þegar, á þessum yfirstandandi fundi sínum hér í St.hólmi, vildi úrskurða laun bókavardar hærri, en þau eru nú. Og jafnframt leyfa mér að koma fram með þá ósk mína, að ég fái launahækkun, þetta yfirstandandi ár, að 50 kr.

Laun, bókavardar framvegis, álít ég að þurfi að vera 200 kr. árlega.

Stykkishólmi, 18. júní 1906.

Virðingarfyllst!

Baldvin Bergvinsson

bókavörður

Athugasemdir: Á fundi sínum þennan sama dag, samþykkti amtsráðið að veita Baldvini launaviðbót upp á 25 krónur, „... sem viðurkenningu fyrir prýðisfallega umgengni um amtsbókasafnið.“⁷⁸

Lagagrundvöllur: Reglugerð um bókasafn Vesturamts frá 1847⁷⁹ og tilskipun um sveitastjórn frá 1872 en þá var amtsráðum fallið að annast stjórn allra opinberra stofnana sem amtmenn höfðu áður haft einir á hendi.⁸⁰

Notkunarmöguleikar: T.d. til rannsókna á vinnutíma og launum bókavardar og almennt um sögu bókasafnsins en hún hefur ekki mikið verið könnuð.⁸¹ Hér verður að hafa í huga að bókavörðurinn er að biðja um launahækkun og því má ætla að hann geri heldur meira úr vinnuálagi á safninu en ella. Bréfið er samt sem áður mikilsverð heimild um kjör og vinnu bókavarda í upphafi 20. aldar.

⁷⁸ *Stjórnartíðindi* 1906 B, s. 198. (Skýrsla um fund amtsráðs Vesturamtsins 18. og 19. júní 1906).

⁷⁹ *Lovsamling for Island*. 13. bindi 1844-1847, s. 565-567. (Reglement for Amtsbibliotheket for Vester-Amtet, án dags. 1847).

⁸⁰ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 412. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

⁸¹ Sjá þó: Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*. 1. bindi, 2. útg. [Hafnarfjörður] 1993, s. 163-177. – Ásgeir Ásgeirsson, *Miðstöð Vesturlands. Saga Stykkishólms 1845-1892*, s. 83-100.

4. SUÐURAMT

4.1. Fyrri samruni við skjalasafn stiftamtmanns

Í rúma öld eða á árunum 1770 – 1873 var stiftamtmaður einnig amtmaður yfir Suðuramti, þegar frá er talið það rúma ár sem sérstakur amtmaður var settur yfir Suðuramt 1790 – 1791. Þegar í upphafi voru skjöl stiftamtmanns og Suðuramts höfð í einu lagi án aðgreiningar. Þó voru ritaðar sérstakar bréfabækur Suðuramts 1790 – 1807 og 1811 – 1829 og bréfadagbækur 1803 – 1809 og 1811 – 1829. Eftir það og allt til loka marsmánaðar 1873 voru skjöl þessara tveggja safna óaðgreind með öllu. Þess vegna þarf hver sá sem kanna vill Suðuramtsskjöl frá tímabilinu fyrir 1873 að panta þau eftir skránni um skjalasafn stiftamtmanns.⁸² Hér verður því einungis gerð grein fyrir skjalasafni Suðuramts eftir 1873. Um leið og stiftamtmansembættið var lagt niður og landshöfðingi tók við, 1. apríl 1873, voru Suður- og Vesturömtin lögð undir einn og sama amtmann en skyldu þó áfram vera tvö aðskilin umdæmi.⁸³ Þannig varð það að amtmaðurinn í Vesturamti, Bergur Thorberg, bætti við sig Suðuramtinu 1873 og fluttist úr Stykkishólmi til Reykjavíkur.

4.2. Bréfadagbækur 1873 – 1904

Varðveittar bréfadagbækur í skjalasafni Suðuramts eru eftirfarandi:

Bréfadagbók 1873 – 1876
Bréfadagbók 1876 – 1879
Bréfadagbók 1879 – 1884
Bréfadagbók 1884 – 1888
Bréfadagbók 1888 – 1889
Bréfadagbók 1890 – 1892
Bréfadagbók 1893 – 1894
Dagbók I 1895 – 1899
Dagbók II 1900 – 1904

Uppbyggingu skjalasafns Suðuramts svipar að mörgu leyti til skjalasafns Vesturamts sem eðlilegt má telja þar sem sami embættismaður átti í hlut. Bréfadagbækur Suðuramts frá 1873 – 1894 eru með hefðbundnu sniði samkvæmt rentukammerkerfi. Í ársbyrjun 1895 var kansallíkerfið síðan tekið upp líkt og í Vesturamti.

Bréfadagbækur 1873 – 1894 (rentukammerkerfi). Bréfin voru færð inn í tímaröð án tillits til efnis. Hverri opnu bókanna er skipt upp í sex dálka þar sem skráð var komudagur, efnisútdráttur, númer og dagsetning bréfs, auk tilvísana í önnur bréf um sama mál, úrskurðar amtsins

⁸² ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Suðuramt.

⁸³ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 458. (Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872).

um afgreiðslu viðkomandi erindis og dagsetning afgreiðslunnar. Árið 1879 var byrjað að skrá 32 efnisflokka sérstaklega út af fyrir sig, líkt og í Vesturamti, og fékk hver þeirra fast númer. Önnur almenn bréf voru áfram skráð aftan við málaflökkanna í tímaröð á sama hátt og áður. Efnisflokkarnir 1879 eru þessir:

Almenna ástandið
Búnaðartöflur
Búsettir verslunarmenn
Búnaðarskólagjaldsreikningar
Dómkirkjan í Reykjavík
Efnahagur sveitasjóðanna
Frímerkjareikningar
Gjaldabókaeftirrit
Gjörðabókaútskriftir sýslunefnda
Hundahaldsskýrslur
Jafnaðarsjóðsreikningar
Kirkjureikningar
Ómyndugraýfirlit
Réttarskýrslur
Reikningaendurskoðun og úrskurðir
Sáttaskýrslur

Sýslureikningar (mantals og tekjuskatts)
Sýslusjóðsreikningar
Sjópássareikningar
Skiptaskýrslur
Spítalareikningar
Styrktar- og gjafasjóðir
Tollgjaldareikningar
Umboðsreikningar
Verðlagsskrár
Verslunarskýrslur og skrásetning skipa
Aukatekjureikningar
Ávísanir og tilkynningar um innborganir
Eftirrit af auktekjubókum
Vitagjaldsreikningar
Vegabótaskýrslur og reikningar
Útflutningsgjaldareikningar

Dagbók I og II 1895 – 1904 (kansallíkerfi). Bréfin eru flokkuð eftir efni eða málum en efnis-ágrípi þeirra sleppt. Hver málaflokkur fékk sitt númer og öll bréf varðandi þann málaflokk, bæði innkomin og útsend, skráð á það númer í tímaröð. Fremst í bókunum er skrá yfir helstu málaflökkana. Þeir eru:

Alþýðustyrktarsjóðir
Amtsráðsmannakosningar og amtsráðsfundir
Bólusetningar: a. skipun bólusetjara
Bólusetningar: b. kostnaður við bólusetningar
Brot gegn lögum um fiskiveiðar í landhelgi og lögum um bann gegn botnvörpuveiðum
Brot gegn verslunarlögum
Brot gegn lögum um verslun og veitingar áfengra drykkja
Búnaðarskólinn á Hvanneyri
Byggingar í Reykjavík
Dómkirkjan í Reykjavík
Eyðublöð
Ferðaleyfi sýslumanna og skipan þeirra
Ferðaleyfi lækna
Fjárkláði
Fjárskoðanir (á útfluttu fé)
Fiskiveiðasamþykktir
Flutningur þingstaða
Fangahúsið í Vestmannaeyjum
Gjaldabókaútskriftir: a. aðflutningsgjald
Gjaldabókaútskriftir: b. útflutningsgjald
Gjaldabókaútskriftir: c. aðalgjaldabók
Gjörðabókaútskriftir sýslunefnda
Gjafsóknir

Hneykslanleg sambúð
Hreppstjórar, skipun þeirra o.fl.
Húsavirðingar
Heiðursmerki
Hegningarhúsið í Reykjavík
Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi
Innborganir í landssjóð
Konungleg leyfisbréf
Kjörskrár til alþingis og þingmannakosningar
Konungsvogrek
Kvennaskólinn í Reykjavík
Löggilding embættisbóka
Meðlagsúrskurðir um meðlög með óskilgetnum börnum
Meðlagsúrskurðir um meðlög með foreldrum og öðrum vandamönnum
Póstmál
Reikningar: aðflutningsgjaldareikningar
Reikningar: útflutningsgjaldareikningar
Reikningar: aukatekjureikningar
Reikningar: mantalsbókarreikningar
Reikningar: tekjuskattsreikningar
Reikningar: kirkjureikningar
Reikningar: umboðsreikningar

Reikningar yfir gjöld fyrir verslun og veitingar áfengra drykkja
 Reikningar: athugasemdir við og úrskurðir
 Reikningar: sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðs
 Reikningar: þjónustufrímerkja
 Skipting hreppa í fleiri hreppa
 Skipting hreppa í fleiri manntalsþinghár
 Skrifstofukostnaður
 Skiptaskýrslur
 Skýrslur um efnahag sveitasjóðanna
 Skýrslur um búnaðarástand
 Skýrslur um fastar verslanir og um útmælingu verslunarlóða
 Skýrslur um verðlag á kaupstaðarvörum, skipakomum, inn- og útfluttar vörur, og skrásetning skipa m.m.
 Skýrslur um sjálfsmorð
 Skýrslur um dómsmál
 Skýrslur um sáttamál
 Skýrslur um birting laga
 Skýrslur um ástand þjóðjarða
 Skýrslur um legöt og styrktarsjóði
 Skýrslur um gifta, fædda og dána
 Skýrslur um bátfiski aðkomandi fiskimanna, fiskafli í opnum bátum, dúntekju o.fl.
 Skýrslur um leiguliðaábúð

Skýrslur um ófriðun á látursel vegna laxveiði
 Sjóðir: Jafnaðarsjóður Suðuramtsins
 Sjóðir: Búnaðarskólasjóður
 Sjóðir: Styrktarsjóður Þjóðjarðalandseta
 Sjóðir: Hafnarsjóður Reykjavíkurkaupstaðar
 Sjóðir: Lögreglusjóður Reykjavíkurkaupstaðar
 Sjóðir: Hafnsögusjóður
 Sáttamálefni: skipun sáttamanna og breytingar á sáttum dæmum
 Sæluhúsið á Kolviðarhóli
 Tombóluleyfi og sjónleikjaleyfi
 Umboðsmenn lögreglustjóra
 Veitingaleyfi
 Yfirsetukvennum dæmi: skipun og verkfæri
 Yfirlit yfir fjárráðenda
 Þjóðjarðir: bygging og afbygging
 Þjóðjarðir: skemmdir og afgangslækkun
 Þjóðjarðir: bónarbréf þjóðjarðaábúenda um lán eða styrk úr landssjóði til bygginga og endurbóta á jörðunum
 Þjóðjarðir: um breyting á húsaskipun og um styrk til íbúðarhúsbyggingar
 Þjóðjarðir: sala þjóðjarða
 Þjóðjarðir: landamerki þjóðjarða
 Þjóðjarðir: um útmæling lóða undir þurrabúðir

Uptalning þessi nær ekki yfir nærri alla málaflokkana. Sami háttur hefur verið hafður hér og í skjalasafni Vesturamts. Sumum málaflokkum, eins og t.d. framfærslumálum, barnsfaðernismálum, meðlagsúrskurðum, lögreglumálum, réttarrannsóknnum og sakamálum, hefur verið skipt upp í marga flokka þannig að hvert og eitt mál fékk sérstakt númer. Málefnum hvers einstaklings fyrir sig er haldið sér (en ekki blandað saman undir einu númeri). Sama á við um skipsströnd, hvert og eitt strand hefur sitt eigið númer í dagbókunum.

Athugasemdir: Þar sem dagbækurnar eru byggðar upp á nákvæmlega sama hátt og Dagbók Vesturamts I 1895 – 1904 þykir ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir uppbyggingu þeirra hér (sjá dæmi 3.1-3, s. 23-25).

Lagagrundvöllur: Amtmenn voru skyldugir að halda sérstakar bréfadagbækur yfir öll erindi sem þeim barst, sbr. 6. grein í erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar frá 1783 (sjá s. 9).

Notkunarmöguleikar: Dagbækurnar nýtast fyrst og fremst til að leita að bréfum um ákveðin málefni, sjá dagsetningu þeirra og hvar þau liggja í bréfasafninu.

Registur bréfadagbóka 1873 – 1904. Öllum bréfadagbókunum fylgir registur þar sem innkomin bréf er flokkuð eftir sendendum í stafrófsröð. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer. Registrunum er skipt, á sama hátt og registrunum í dagbókum Vesturamts, þannig að helstu embættismenn landsins, sem flest bréf bárust frá, fá

sinn eigin dálk en öðrum sendendum er raðað saman í sérdálka eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Sendendurnir í bréfadagbókinni 1873 – 1876 eru eftirfarandi:

Árnessýsla	Landfógeti
Borgarfjarðarsýsla	Málaflutningsmenn við yfirréttinn
Biskupinn yfir Íslandi	Norður- og austuramtið
Bjarnarnesumboð	Prófastarnir
Bjarnarneskirkja	Reykjavíkurborg
Dómkirkjan í Reykjavík	Rangárvallasýsla
Dýralæknirinn	Reikningastjórnard. (1ste Revisions Department).
Dómsmálastjórnin	Suðurumdæmi Íslands
Gullbringu- og Kjósarsýsla	Skaftafellssýsla
Héraðslæknarnir	Stiptyfirvöld
Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboð	Vestmanneyjasýsla
Landshöfðinginn	Ýmislegt: A – Ö (aðrir sendendur)
Landlæknir	

Athugasemdir: Þar sem registrin eru byggð upp á sama hátt og registrin í dagbókum Vesturamts verður ekki fjallað frekar um þau hér (sjá dæmi 3.1-4 og 3.1-5, s. 26-28).

Notkunarmöguleikar: Registrin eru besta leiðin til að leita að bréfum frá einstökum sendendum, sjá efnisútdrátt bréfa, ásamt því að sjá hvar viðkomandi bréf liggur í bréfasafninu.

4.3 Bréfasafnið

Bréfasafn Suðuramts er varðveitt í 287 öskjum á Þjóðskjalasafni. Misjafnt er hvaða háttur hefur verið hafður á uppröðun bréfanna í bréfasafninu. Stærstum hluta skjalanna frá tímabilinu 1873 – 1894, á meðan rentukammerkerfið var notað, er raðað eftir bréfadagbókarnúmeri, þ.e. bréfin hafa verið lögð í safnið eftir þeirri röð sem þau bárust embættinu (102 öskjur). Nokkrum hluta skjalanna er hins vegar raðað saman í sérstaka efnisflokka. Hér er um að ræða sömu 32 efnisflokka og teknir voru upp 1879 og skráðir voru sérstaklega í bréfadagbækurnar (66 öskjur) (sjá s. 56). Hluta skjalanna hafði samt sem áður verið raðað í þá flokka alveg frá 1873. Auk þess hafa nokkrir aðrir málaflokkar verið teknir út án þess að skrá þá sérstaklega í dagbækurnar og settir í séröskjur merktar viðkomandi máli (20 öskjur). Ekki er vitað um tilurð eða ástæður þess. Eftir 1894 raðast bréfin samkvæmt kansallíkerfi, þ.e. í málaflokka samkvæmt dagbókarnúmeri og í tímaröð innan flokks (99 öskjur).

Bréf 1873 – 1894: tímaröðun eftir dagbókarnúmerum, 102 öskjur
Bréf 1873 – 1894: röðun eftir efnisflokkum skv. dagbók 1879, 66 öskjur
Bréf 1873 – 1894: röðun eftir efnisflokkum, tilurð óviss, 20 öskjur
Bréf 1895 – 1904: kansallíkerfi, raðast í málaflokka skv. dagbók, 99 öskjur

Efnisflokkar tilgreindir í bréfadagbókum frá 1879 og tímabil sem þeir ná yfir:

Almenna ástandið 1878 – 1894
Búnaðarskýrslur 1873 – 1894
Búsettir verslunarmenn 1879 – 1894
Búnaðarskólagjaldsreikningar 1873 – 1894

Dómkirkjan 1873 – 1894
Efnahagur sveitarsjóðanna 1876 – 1894
Frímerkjareikningar 1879 – 1894
Þjónustufrímerkjareikningar 1873 – 1894
Gjaldabókaeftirrit 1879 – 1894
Gjörðabókaútskriftir sýslunefnda 1874 – 1894
Hundahaldsskýrslur 1879 – 1890
Jafnaðarsjóðsreikningar 1874 – 1893
Kirkjureikningar 1878 – 1894
Legater og donationer/styrktar- og gjafasjóðir 1880 – 1894
Ómyndugraýfirlit 1872 – 1892
Réttarskýrslur 1879 – 1894
Reikningaendurskoðun og úrskurðir 1878 – 1894
Sáttaskýrslur 1880 – 1894
Sýslureikningar (mantalsreikningar) 1880 – 1894
Sýslusjóðsreikningar 1875 – 1894
Skiptaskýrslur 1880 – 1894
Spítalareikningar 1876 – 1881
Tollgjaldareikningar 1880 – 1894
Umboðsreikningar 1880 – 1894
Verðlagsskrár 1879 – 1894
Verslunarskýrslur/skrásetning skipa 1879 – 1894
Aukatekjureikningar 1883 – 1894
Ávísanir/tilkynningar um innborganir 1879 – 1883
Eftirrit af aukatekjubókum 1880 – 1894
Vegabótaskýrslur og reikningar 1878 – 1892
Útflutningsgjaldsreikningar 1883 – 1894

Efnisflokkar í séröskjum – ekki tilgreindir í bréfadagbókum:


Amtsráðs- og alþingiskosningar 1874 – 1881
Hreppsnefndar- og sveitarstjórnarkosningar 1873 – 1874
Bólusetningar 1880 – 1894
Fjárkláðaskoðanir 1901 – 1903
Fjárveitingar til eflingar búnaði 1880 – 1881
Landbúnaðarnefnd 1876
Hvanneyrarskólinn 1882 – 1890
Leyfisbréf 1874 – 1892
Ljósmeðramál 1879 – 1894
Reikningar yfir tekjur og gjöld landskjálftasamskotasjóðsins 1896 – 1898
Skýrslur um skemmdir af jarðskjálftum á Suðurlandi 1896 – 1898
Styrkir til konungslandseta 1874 – 1893
Umboð Bjarnanes 1880 – 1891
Umboð Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs 1883 – 1889
Útmælingargjörðir byggingarnefndarinnar í Reykjavík 1878 – 1888
Vegamál: þjóðvegir/fjallvegir 1874 – 1882
Vegamál: fjallvegir 1876 – 1886
Vegamál: Kaldadalsvegur 1876 – 1881
Vegamál: Svínahraunsvegur 1882 – 1891
Fylgiskjöl með vegareikningum 1886 – 1890

Dæmi um skjal í bréfasafni – kæra á hendur Einari Þórðarsyni prentara 1873. Í ágúst 1873 lá franska herskipið Loiret í Reykjavíkurböfn en komur franskra herskipa voru tíðar hér við land á síðari hluta 19. aldar. Þetta voru eftirlits- og hjálparskip sem fylgdu franska fiskiskipa-

flotanum.⁸⁴ Til stimpinga kom milli eins hermansins og Einars Þórðarssonar prentara við eitt vatnsból bæjarins. Franski yfirfönginginn klagði málið til landshöfðingja sem sendi síðan erindi til amtmanns og átti amtmaður að sjá um að málið yrði rannsakað og mál höfðað gegn Einari ef ástæða væri til.

Dæmi 4.3-1. Bréf landshöfðingja til amtmanns vegna kæru á hendur Einari Þórðarsyni prentara, 21. ágúst 1873.

(*ÞÍ*, SA, 2. Bréfadagbók 1873-1876, nr. 303).



Landshöfðinginn yfir Íslandi
Reykjavík 21. d. ágústm. 1873

Ég sendi yðr hér með bréf dagsett í dag frá yfirföngingja inna frönsku herskipa hér við landið, þar er borið er upp á Einar prentara Þórðarson hér í bænum, að hann í dag hafi gjört sig sekan í broti gegn alþjóðlegri lögreglu með því að atyrða á almennings götu hermenn frá frönsku herskipi, að taka samastaðar í skjeggið á frönskum undirföngingja og að hótta honum illu.

Þér eruð herra amtmaður beðnir að sjá um, að mál þetta verði rannsakað sem fyrst, og að inn ákærði verði lögsókr eptir atvikum. Ég vona að fá skýrslu um það, er gjört verði, og þá um leið að fá bréfið er fylgir hér með, endursent.

Hilmar Finsen

Athugasemdir: Einar Þórðarson var bæjarfulltrúi í Reykjavík og formaður í nefnd þeirri sem hafði umsjón með vatnsbólum bæjarins. Honum þótti frönsku hermennirnir ganga heldur illa

⁸⁴ Elín Pálmadóttir, *Fransí biskví. Frönsku Íslandssjómennirnir*. Rvk 1989, s. 62-65.

um vatnsbólið og hafði því tal af þeim. Einhver misskilningur varð á milli hans og þeirra frönsku sem enduðu með stimpingum.


Lagagrundvöllur: Amtmaður var næsti undirmaður landshöfðingja og yfirmaður sýslumanna og bæjarfógeta sem fóru með ákærvaldið og því eðlilegt að landshöfðingi vísaði málinu til amtmanns. Amtmaður vísaði málinu síðan áfram til bæjarfógetans í Reykjavík (sjá dæmi 4.4-1 hér á eftir, s. 63-64).

Notkunarmöguleikar: Þetta bréf má t.d. nota til rannsókna á samskiptum Íslendinga og franskra sjómanna. Getur sömuleiðis nýst við rannsókn á ævi Einars Þórðarsonar.

Dæmi um skjal í bréfasafni – skothvalur á Sólheimafjöru 1899. Þegar rekinn hvalur fannst með skutli í átti skotmaður helming hvalsins. Talað var um skotmannshlut í því samhengi.⁸⁵ Ef réttur skotmaður fannst ekki þurfti að auglýsa opinberlega eftir honum. Hinn 7. október 1899 tilkynnti sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu amtmanni um skothval á Sólheimafjöru.

Dæmi 4.3-2. Bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu til amtmanns vegna hvalreka á Sólheimafjöru, 7. október 1899.

(ÞÍ, SA, 134. Dagbók I 1895-1899, nr. 281).



⁸⁵ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* 5. Rvk 1986, s. 40-41.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum.
Kirkjubæjarklaustri 7. okt. 1899

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda yður, hávelborni herra, hjálagt brjef Vigfúsar bónda Þórarinssonar á Ytri-Sólheimum, dags. 14. ág. þ.á., þar sem hann skýrir frá, að 12. s.m. hafi rekið á Sólheimafjöru hval með skoti í, og lýsir hann marki á skutlinum, að það hafi verið „FH“ (samanbundið F og H). Jeg hef síðar látið rannsaka markið ýtrar og fullyrða þeir, er skoðað hafa, þar á meðal Vigfús Þórarinsson, að enn fremur sje VI (sex í róm. tölum) fyrir framan og aptan stafmarkið, en að öðru leyti er skutullinn til sýnis í verzlunarbúð J.P.T. Brydes í Vík.

Jafnframt því hjer með virðingarfyllst að skýra frá þessu og láta þess getið, að skotmannshlut hefir verið skipt úr hvalnum og hann virtur, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að mælast til að hið háa amt þóknanlegast vildi gjöra ráðstöfun um auglýsing á skoti þessu eptir opnu brjefi 4. maí 1778, 5. gr.

Guðl. Guðmundsson

Athugasemdir: Amtmaður sendi auglýsinguna áfram til háyfirdómarans í yfirréttinum með beiðni um að hún yrði lesin upp þar, hinn 30. október, samkvæmt uppkasti að bréfi amtmanns, dagsett 24. október, sem liggur með í sama skjalabunka. Réttur eigandi skutulsins hafði þá eitt ár og sex vikur til þess að gefa sig fram. Ef enginn gaf sig fram féll hans hlutur til landeiganda og skurðarmanna.

Lagagrundvöllur: Opið bréf um fjöruréttindi á Íslandi, 4. maí 1778, 5. grein og 4. og 5. kafli rekabálks Jónsbókar.⁸⁶

Notkunarmöguleikar: Bréf þetta er t.d. hægt að nota til rannsókna á sérkennum fjörumarka og hvernig óþekkt mark sem rak á fjörur var meðhöndlað.

4.4. Bréfabækur

Varðveittar bréfabækur í skjalasafni Suðuramts eru tvær:

Bréfabók 1873 – 1875


Bréfabók 1875 – 1876

Öll útsend bréf voru afrituð í bréfabækurnar áður en þau voru send frá embættinu. Hverju bréfi var gefið sitt númer, hlaupandi tölu innan bókar, þannig að báðar bækurnar byrja á númerinu einn (N^o1). Bréfin voru rituðu í bækurnar tímaröð án tillits til efnis eða til hverra þau voru. Nafn viðtakandi og dagsetning bréfsins var ritað í dálk til hliðar. Jafnframt er vísað í bréfadagbókarnúmer innkominna bréfa er vörðuðu sama mál. Ritun bréfabóka í Suðuramti var hætt árið 1876 eins og í Vesturamtinu og uppköst svarbréfa lögð með innkomnu bréfunum í staðinn.

⁸⁶ *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 448-449. (Plakat ang. Forstrands-Rettigheden i Island, 4. Mai 1778). – *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*. Már Jónsson tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8. Ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Rvk 2004, s. 202-203.

Bréfabók 1873 – 1875 – mál Einars Þórðarsonar prentara 1873. Hinn 21. ágúst 1873 barst amtmanni bréf frá landshöfðingja vegna stimpinga milli Einars Þórðarsonar prentara og fransks hermans sem staddur var í Reykjavík (sjá dæmi 4.3-1 hér að framan, s. 60). Daginn eftir skrifaði amtmaður bæjarfógetanum um að hefja rannsókn málsins.

Dæmi 4.4-1. Bréfabók 1873 – 1875. Bréf amtmanns til bæjarfógetans í Reykjavík, 22. ágúst 1873, vegna kæru á hendur Einari Þórðarsyni prentara. (ÞÍ, SA. Bréfabók 1873-1875).



Til
bæjarfógetans
í Reykjavík
22. ágúst

Nº 282. b

J.A. N° 303

Í hjálögðu brjefi til landshöfðingjans yfir Íslandi, dags í gær, hefir yfirföringi hinna frakknesku herskipa hjer við landið borið fram umkvörtun yfir því, að maður nokkur að nafni E. Thorderson, sem búi nálægt vatnspósti einum hjer í bænum, og sem því meinast að vera forstöðumaður landsprentsmiðjunnar, Einar Þórðarson, hafi sama dag

gjört sig sekan í því að atyrða menn frá hinu frakkneska herskipi Loiret, þá er þeir hafi tekið vatn úr nefndum vatnspósti, og náð því að taka við þetta tækifæri í skeggið á frakkneskum undirofficera og ógna honum.

Fyrir þessa sök hefir landshöfðinginn boðið amtinu að hlutast til um, að mál þetta verði rannsakað sem fyrst, og að hinn ákærði verði lögsóktur eptir atvikum.

Þessu boði landshöfðingjans læt jeg ekki hjá líða að fullnægja með því hjer með þj. að skora á yður, hr. kancelliráð, að fyrirtaka mál þetta sem allra fyrst og leiða það til lykta sem opinbert lögreglumál, en ef hlutaðeigandi óskar að sleppa hjá frekari rannsókn og dómi eptir tilsk. 24. jan. 1838, 10. gr. móti því fríviljuglega að greiða sekt til fátækra, þá bið jeg yður, um leið og þjer þá berið málið undir úrskurð amtsins að skýra frá upphæð þeirrar sektar, er hlutaðeigandi býðst til að greiða, en að öðrum kosti senda amtinu útskrift af rjettargjörðunum í málinu undir eins og dómur hefir verið uppkveðinn í því.

Fylgiskjalið óskast á sínum tíma endursent.

Athugasemdir: Fyrir mistök hefur bréfanúmerið 282 verið tvínotað og seinna bréfið, þ.e. bréfið sem hér er birt, því fengið númerið 282.b. Það er dagsett 22. ágúst og er til bæjarfógetans í Reykjavík. Eftst í hægra horni er vísað í bréfadagbókarnúmer, J.A. N°303, þ.e. journal A, bréf númer 303. Fleiri bréf fóru á milli amtmanns og landshöfðingja og amtmanns og bæjarfógeta, vegna málsins og hægt væri að kanna feril málsins nánar með því að skoða þau bréf, og að sjálfsögðu einnig dóminn en hann er varðveittur í skjalasafni bæjarfógeta. Málið var tekið til dóms 10. september 1873 og var Einar sýknaður af öllum ákærum.⁸⁷

Orðskýringar/styttingar: þj.: þjónustusamlega.

Lagagrundvöllur: Ákærvaldið var í höndum sýslumanna og bæjarfógeta á þessum tíma og því eðlilegt að amtmaður vísaði málinu beint til bæjarfógeta.⁸⁸


Notkunarmöguleikar: T.d. til rannsókna á aðdraganda þess að Einar var kærður og á ferli málsins milli embættismanna áður en það var tekið til dóms.

Registur bréfabóka 1873 – 1876. Fremst í bréfabókunum er registur þar sem bréfin er flokkuð eftir viðtakendum og/eða málefnum í stafrófsröð. Þar kemur efni bréfanna fram í mjög stuttu máli, ásamt vísun í bréfanúmer. Registrunum er skipt á sama hátt og í bréfadagbókunum þannig að helstu embættismenn landsins, landshöfðingi, landfógeti, landsyfírréttur, landlæknir, héraðslæknar, biskupinn, stiptyfirvöld, sýslumenn og umboð, fá sinn eigin dálk í registrinu en öðrum viðtakendum/málefnum er raðað saman í sérdálka eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Helstu málaflokkar eru: áteiknanir á dóma, kvittanir, leyfisbréf, löggildingar á bækur, skipunarbréf (hreppstjóra, sáttanefndarmanna og yfirsetukvenna), umburðarbréf og úrskurðir um reikninga.

⁸⁷ ÞÍ. Borgarfógetinn í Reykjavík, GA3.1/2. Dómabók 1869-1873. (10. sept. 1873, s. 257-259).

⁸⁸ Lovsamling for Island. 11. bindi 1837-1840, Khöfn 1863, s. 160-171. (Tilskipan viðvíkjandi misgjörningumálum á Íslandi, 24. jan. 1838).

Dæmi 4.4-2. Registor bréfabókar 1873 – 1875 – bókstafur A og Borgarfjarðarsýsla.
(ÞÍ, SA, Bréfabók 1873-1875).



A. Ýmislegt	N.	Borgarfjarðarsýsla (Sýslumaður E.Th.Jonasson)	
1873		1873	
Árnason Sighvatur, Um Ingeniör til að rannsaka brúargj. á Þjórsá og Ölfusá	157	Samþykkt að lögferja sje sett á Hvítá frá Langh.	50
Sami skipaður að færa mál fyrir síra Björn Þorvaldss. Holti	233	Send löggilt uppboðsbók f. Borgarfj.s.	68
Askam W. um bönarbjeff hans um einkarjettindi	296	Um tertia kvittun Lopts Bjarnasonar	86
Ákvarðanir um lögferju frá Langholti yfir Hvítá í Borgarfirði	480	Um sölu á 1 hndr. í jörðinni Signýarstöðum sem er eign ómyndugra	105
Áminning til Páls Jónssonar og Fidísar Guðmundsd. um að skilja	497	Um yfirsetukonupeninga	115
Áminning til Guðm. Ögmundss. og Margrjetar Halldórsd. um að skilja	498	Sent skipunarbr. til hrst. fyrir Hannes Magnússon	159
1874		Sendar tvær löggiltar bækur	175
Auglýsing um vogrek frá Árnessýslu	556	Um tilhögun á ferð Sveins Sveinssonar jarðyrkjum.	197
Auglýsing um pest á stórgripum á Hjálmstöðum í Grímsneshr.	967	Kvittað fyrir 150 rdl. uppí jafnaðarsjóðsgjald Borgarfj.s.	267
Auglýsing um vogrek á Oddakirkjufjöru	1013	Kvittað fyrir fimmtungi þjóðvegagj. af Borgarfj.s.	269
Auglýsing um bjargað strandgóz í Rangárvallas.	1177b	Um ferð Snorra dýral. uppí Reykholtisdal	286
Aðvörun fyrir Magnús Kristjánss. og Þuríði Sigurðard. að slíta sambúð	1268	Sent skipunarbr. handa Símoni Jónssyni sem hrst. Hvalfj.	297
		Kvittað fyrir 18rd. 23sk. sem eptirstöðvum af fimmtungi vegabótagj.	335
		Send lögg. ljaldabók	341

Athugasemdir: Í hægri dálki hér má sjá öll útsend bréf amtmanns til viðtakenda og málefna með upphafsstaf A árin 1873 og 1874 og í vinstri dálki bréf til sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu fyrri hluta árs 1873. Af registrunum má sjá að amtmaður hefur haft töluvert meiri bréfskipti við sýslumenn en aðra embættismenn eða óbreytta bændur. Fljótlegt er að fletta upp á bréfunum eftir bréfanúmeri í dálkum til hliðar.

Orðskýringar/styttingar:

Tertia kvittun: kvittun í þremur eintökum.

hrst.: hreppstjóri.

Notkunarmöguleikar: Registrin eru besta leiðin til að finna bréf varðandi ákveðin málefni eða bréf send til einstakra embættismanna.

4.5. Bréfaskrár/registur

Bréfaskrár/registur í skjalasafni Suðuramts eru eftirfarandi:

Bréfaskrá Suðuramts, Vesturamts og Stiftsyfirvalda 1873 – 1877 (tímaskrá)
Bréfaskrá Suðuramts og Vesturamts 1878 – 1884 (tímaskrá)
Bréfaskrá Suðuramts og Vesturamts 1884 – 1888 (tímaskrá)
Bréfaskrá Suðuramts 1876 – 1878 (viðtakendaskrá)
Bréfaskrá Suðuramts 1879 – 1885 (viðtakendaskrá)
Bréfaskrá 1895 – 1899 (registur yfir Dagbók I, send bréf)
Bréfaskrá 1900 – 1904 (registur yfir Dagbók II, send bréf)

Bréfaskrár 1873 – 1888 (tímaskrár). Þegar Bergur Thorberg amtmaður í Vesturamti var einnig skipaður yfir Suðuramtið árið 1873 hóf hann að útbúa sérstakar bréfaskrár eða bréfaregistur yfir útsend bréf í Suðuramti líkt og höfðu verið í gangi í Vesturamti frá 1866. Einhverra hluta vegna hafa bréfaregistur beggja amtanna verið færð inn í sömu bækurnar og eru það einu embættisbækurnar sem eru sameiginlegar fyrir bæði ömtin (sjá s. 38). Bækurnar skiptast þannig að fremst er skrá Suðuramts og þar aftan við skrá Vesturamts. Í fyrstu bókina hafa einnig verið færð inn bréf stiftsyfirvalda en þegar embættis stiftamtmanns var lagt niður 1873 tók amtmaður Suður- og Vesturamts við skyldum hans sem annar aðili stiftsyfirvalda.⁸⁹

Bréfin eru skráð í tímaröð í fjóra dálka. Í fyrsta dálk var bréfadagbókarnúmer skráð, í annan dálk númer uppkasts, þá nafn viðtakanda og örstuttur efnisútdráttur. Hætt var að halda bréfaskrár þessar í árslok 1888. Eftir það eru ekki til nein yfirlit yfir útfarin bréf fyrr en 1895 þegar kansallíkerfið var tekið upp.

Athugasemdir: Þetta eru alveg sambærilegar skrár og tímaskrárnar sem voru haldnar í Vesturamti 1866 – 1888 (sjá dæmi 3.4-1 s. 39-40).

Bréfaskrár 1876 – 1885 (viðtakendaskrár). Árið 1876 sama ár og hætt var að halda bréfabækur var byrjað að útbúa sérstakar bréfaskrár, þar sem öll útsend bréf voru flokkuð eftir viðtakendum. Bréfaskrár þessar eru sambærilegar bréfaregistrunum sem áður höfðu verið færð í bréfabækurnar. Ritun skráa af þessari gerð var hætt í ársbyrjun 1885 og tímaskrárnar látnar nægja.

⁸⁹ Einar Laxness, *Íslandssaga* III s-ö, uppflettiorð »stiftsyfirvöld«, s. 58.

Athugasemdir/notkunarmöguleikar: Skrár þessar eru alveg sambærilegar og bréfaregistrur í eldri bréfabókunum (sjá dæmi 4.4-2, s. 65).

Bréfaskrár 1895 – 1904 (registur yfir Dagbók I og II). Þessar skrár eru registur yfir útsend bréf tímabilsins 1895 – 1904 og fylgja Dagbókum I og II. Bréfin eru flokkuð eftir viðtakand- um þannig að helstu embættismenn landsins, sem flest bréf bárust frá, fá sína eigin blaðsíðu en öðrum viðtakendum er raðað saman eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer og bréfanúmer.

Dæmi 4.5-1. Bréfaskrá 1895 – 1899 – Gullbringu- og Kjósarsýsla.
(ÞÍ, SA, Bréfaskrá 1895-1899).

1895.		Gullbringu og Kjósarsýsla.	
Jan. 8.	Byggðgjöf f. Þjóðg. Höfnarveg - I. N.º 625	9	Febr. 14. Fyrirséð mynd gjetta þess ísl. og eltri médgerð - I. N.º 13.
---	10. Um verðlaun f. þjórgæm ís. lípönnu I. N.º 6.	19	---
---	14. Þv. kambóluleggi Gædd. d. omph. í B. omph. þröngi I. N.º 605.	25	14. Um þrófu Gædd. hv. á hálfrútt. d. omph. hv. í h. hv. ísl. og fram- faru ís. þ. þ. omph. - I. N.º 14.
---	16. Sjúk. þjóð. sking. 1895 Ís. omph. í m. hv. og m. hv. þ. omph. - S. hv. og hv. omph. - I. N.º 8.	31	16. Um hv. omph. og hv. omph. hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 15.
---	25. Um hv. omph. og hv. omph. hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 11.	48	18. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 12.
---	26. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 605.	49	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 13.
---	30. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 13.	51	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 13.
---	31. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.	66-67	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	31. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.	68	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
Febr. 2.	Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 625.	74	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	2. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 779.	76-77	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	7. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 743.	104	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	7. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 739.	105	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	7. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 20.	106	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.
---	7. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 20.	106	20. Hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - hv. hv. og hv. omph. - I. N.º 652.

G.Ks
H
J
K
K.P.
L
Lh.
Lh.
M
M.Bf
N
N.
O
P
Q
R
Rvs.
Rk
S
Skfs
Stv.
T

1895		Gullbringu og Kjósarsýsla			
Jan. 8.	Bygg.brjef f. Þjóðj. Kópavog. <u>I. n: 625</u>	9.	Febr. 14.	Fyrirskipuð rjettarpróf út af illri meðferð á sauðfje <u>I. n: 13</u>	119
– 10.	Um verðlaun f. björgun úr lífsháska <u>I. n: 6</u>	19.	– 14.	Um kröfu Garðahr. á hendur sv.st. hr. í Hv.s. út af framfærslu B. Þorsts. <u>I. n: 14</u>	120
– 14.	Viðv. tombóluleyfi Goodtempl. í Bessast.hreppi <u>I. n: 605</u>	25.	– 16.	Um ágreining milli Dyrh.hr. og Rosmhvalan.hr. út af sveitf. Jóns Hannessonar <u>I. n: 15</u>	122
– 16.	Tilk. brjef l.höfð. 12/1 '95 viðv. innh. á meðlagi með óskg. börnum Sólveigar Níelsdóttur <u>I. n: 8</u>	31.	– 18.	Send til umsagnar kæra O. Halldórson yfir Eyjólfí Símsyni <u>I. n: 21</u>	124
– 25.	Um ískyggil. dauða barns í Mosf.sveit <u>I. N: 2</u>	48.	– 20.	Úrsk. um meðlag Magn. Gr.sonar á Melbæ í Leiru með óskg. barni hans og Vigd. Bj.d. <u>I. n: 652</u>	129
– 26.	Viðv. dansleikjaleyfi lestrarfjel. Bessastaðahrepps <u>I. N: 605</u>	49	– 20.	Um innh. meðlags Brands Guðm.s. á Ísólfsk. með óskilg. barni hans <u>I. n: 655</u>	130
– 30.	Send til umsagnar kæra Egg. Leví um illa meðf. á sauðfé <u>I. N: 13</u>	51			
	[...]				

Athugasemdir: Hér má sjá yfirlit yfir nokkur bréf til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu í janúar og febrúar 1895. Dagsetning bréfs er skráð, örstuttur efnisútdráttur færður inn og vísað í bréfanúmer og dagbókarnúmer sem er undirstrikað til áherslu.

Orðskýringar/styttingar: I. n: númer í Dagbók I – til aðgreiningar frá Dagbók II en dagbækurnar fyrir tímabili 1895 – 1904 eru tvær, aðgreindar I og II.

Notkunarmöguleikar: Hér er hægt að leita að útsendum bréfum amtmanns eftir viðtakendum, sjá efnisútdrátt bréfanna, ásamt því að sjá hver uppkast bréfsins liggur í bréfasafninu.

4.6. Amtsráð Suðuramts 1875 – 1907

Bréf og bækur amtsráðsins í Suðuramti eru eftirfarandi:

Gerðabók 1875 – 1895
Gerðabók 1896 – 1899
Gerðabók 1900 – 1907
Dagbók I 1904 – 1907
Bréfaskrá 1904 – 1907 (registur yfir Dagbók I)
Bréfasafn 1904 – 1907: kansallíkerfi, raðast í málaflokka skv. dagbók (7 öskjur)

Gerðabækur 1875 – 1907. Sama á við um skjalasafn amtsráðs Suðuramts og Vesturamtsráðs. Ekki var um sérstakt skjalasafn að ræða í upphafi nema að því leyti að haldnar voru sérstakar fundargerðarbækur. Fundargerðirnar voru síðan birtar í *Stjórnartíðindum*, B-deild, viðkomandi ár (nánar, sjá um amtsráð Vesturamts, s. 50-51).

Dagbók I, bréfaskrá og bréfasafn 1904 – 1907. Eftir að ömtin voru lögð niður 1904, hóf amtsráðið að halda sérstaka bréfadagbók og mynda sitt eigið bréfasafn. Það er nú varðveitt í

sjö öskjum merktum amtsráðinu. Eldri bréf varðandi málefni amtráðsins liggja í bréfasafni amtsins sjálfs. Dagbók I er byggð upp á sama hátt og dagbækur Suðuramts I og II. Notast var við kansallíkerfið og aftast í bókinni er registur yfir innkomin bréf þar sem bréfin eru flokkuð eftir sendendum í stafrófsröð. Skráð er dagsetning bréfs, efnisútdráttur og vísað í dagbókarnúmer. Á sama hátt voru útsend bréf amtráðsins skráð eftir viðtakendum í stafrófsröð í sérstaka bók sem kallast bréfaskrá 1904 – 1907. Málaflokkarnir í dagbókinni 1904 – 1907 eru eftirfarandi:

Afnám lögferja
Alþýðustyrktarsjóðir
Amtsráðskosningar og fundir
Búnaðarskólasjóður
Holdsveikraspítalinn
Hvanneyrarskólinn
Jafnaðarsjóður
Leiguliðasjóður
Staðfesting fjallskilareglugjörða
Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar
Sýsluvegir og breyting á þeim
Útskriftir úr gjörðabókum sýslunefnda
Ýmislegt

Athugasemdir: Dagbókin og bréfaskráin eru byggðar upp samkvæmt kansallíkerfi, sjá umfjöllun um Dagbók Vesturamts I (dæmi 3.1-3, s. 23-25 og dæmi 3.1-5 s. 27-28).

Lagagrundvöllur: Amtsráðunum var skylt að varðveita öll bréf og skjöl ráðsins samkvæmt 50. grein tilskipunar um sveitastjórn.⁹⁰

Notkunarmöguleikar: Dagbókin og bréfaskráin nýtast fyrst og fremst til þess að leita að bréfum amtsráðs um tiltekin málefni, bæði innsendum og útsendum, sjá dagsetningu þeirra og hvar þau liggja í bréfasafninu. Hægt er að leita bæði eftir málefnum og/eða sendendum/viðtakendum.

Dæmi um skjal í bréfasafni – aðkeyptar matvörur til skólabúsins á Hvanneyri 1906 – 1907.

Undir málaflokknum Hvanneyrarskóli má finna ýmis skjöl sem tengjast rekstri skólans. Þar er til að mynda að finna efnahagsreikning skólans fyrir árið 1906 – 1907 ásamt ýmsum skýrslum og skráum sem tengjast gerð hans. Einn útgjaldaliður skólans var fæðiskostnaður sem skiptist í: (a) kornvörur, fisk o.fl. matvörur, (b) kaffi, sykur og kaffibætir, (c) mjólk, (d) kjöt o. fl. af slátursfénaði og garðaávextir og (e) keypt fæði á ferðalögum. Af skýrslum og skráum sem fylgja með efnahagsreikningnum má svo sjá hvernig hver og einn útgjaldaliður skiptist.

Dæmi 4.6-1. Skrá yfir ýmsar aðkeyptar matvörur til skólabúsins á Hvanneyri 1906 – 1907 (fylgiskjal við lið 3.a. á efnahagsreikningi).

(ÞÍ, SAR, 5. Dagbók amtsráðs I 1904-1907, nr. 199).

⁹⁰ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 411. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

Fylgiskjal við gjaldal. 3.
staflíð a.

Skrá

yfir ýmsar aðkeyptar matvörur, sem notaðar voru til fæðis á skólabúinu á Hvanneyri, reikningsárið 1906-'07.

1. Fiskur.
Keyptur af Guðjóni Björnssyni, verzlunarm. í Rvík.
a. 480 Keila, söltuð og þurkuð pr. kr. 66,00
b. 320 pd saltþorsks 20,80
c. 200 pd ufsa pr. 22,50
d. 1 Td. gellur 9,00
e. Flutningskostnaður á þessu pr. 7,95 = Kr. 126,25
2. Hvalur.
Keyptur af sama manni 3 Td. af hval pr. 77,36
3. Lax.
Keyptur af Ólafi Davíðssyni á Hvítárvöllum
lax fyrir samtals 24,50
4. Smjör og smjörlíki (Margarine).
a. Keypt af séra Guðmundi Helgasyni í Reykholti
60 pd smjör á 0/70 = kr. 42,00
b. Keypt af Guðmundi bónda á Indriðastöðum 31 pd. á 0/65 = 20,15
c. Keypt af Jóni bónda á Kvígsstöðum
71 pd. á 0/65 = 46,15
d. Keypt af Magnúsi bónda á Brekku
39 pd. smjörs á 0/70 = 27,30
e. Keypt af J. P. T. Brydesv. á Borgarnesi
48 1/2 pd. smjörs pr. 31,20
pr. 166,80 = Kr. 228,11.

ad. Stafl. I 1919.

Flutt. Kr. 166,80 Kr. 228,11.

J. Keypt af Eðvin Þorv. í Rvík.
14 Kassar smjörlíki pr. 163,40 = 330,20

5. Brauð.
a. Keypt af verzlun Gunnars Einarsdótt. Rvík.
3 Td. kea pr. kr. 48,50
b. Keypt af Andriasi Ólafssyni, Rvík.
1 Kassi kea 12,25
c. Keypt af sama manni 35 rjúbrauð pr. 12,25
d. S. Semhófl, tokana, Rvík.
30 brauð pr. 15,00 = 86,30
6. Harlóflur.
Keyptur af Gunnari Einarsyni, Rvík.
2 Td. jorðegala pr. 18,80
Samtals Kr. 663,41.

Hvanneyri í Jorðvegum 1907.
Hjörtur Snorrason.

[blaðsíða 1]

Fylgiskjal við gjaldal. 3
staflíð a.

Skrá yfir ýmsar aðkeyptar matvörur, sem notaðar voru til fæðis á skólabúinu á Hvanneyri, reikningsárið 1906-'07.

1. Fiskur
Keyptur af Guðjóni Björnssyni, verzlunarm. í Rvík.
a. 480 pd. keila, söltuð og þurkuð pr. kr. 66,00
b. 320 pd. saltþorsks 20,80
c. 200 pd. ufsa pr. 22,50
d. 1 Td. gellur 9,00
e. Flutningskostnaður á þessu pr. 7,95 = Kr. 126,25
2. Hvalur
Keyptur af sama manni 3 Td. af hval pr. 77,36
3. Lax
Keyptur af Ólafi Davíðssyni á Hvítárvöllum
lax fyrir samtals 24,50
4. Smjör og smjörlíki (Margarine)
a. Keypt af séra Guðmundi Helgasyni í Reykholti
60 pd. smjör á 0/70 = kr. 42,00
b. Keypt af Guðmundi bónda á Indriðastöðum 31 pd. á 0/65 = 20,15
c. Keypt af Jóni bónda á Kvígsstöðum
71 pd. á 0/65 = 46,15
d. Keypt af Magnúsi bónda á Brekku
39 pd. smjörs á 0/70 = 27,30
e. Keypt af J. P. T. Brydesv. á Borgarnesi
48 1/2 pd. smjörs pr. 31,20
pr. 166,80 = Kr. 228,11

[blaðsíða 2]

	Flutt	Kr. 166,80	–	Kr. 228,11
f. Keypt af Edinborgarv. í Rvík				
14 kassar smjörlíki pr.	.	<u>– 163,40</u>	≡	– 330,20
5. Brauð				
a. Keypt af verzlun Gunnars Einarssonar, Rvík				
3 Td. kex pr.	.	kr. 46,80		
b. Keypt af Andrésí Bjarnasyni, Rvík				
1 kassi kex á	.	– 12,25		
c. Keypt af sama manni 35 rúgbrauð pr.	–	12,25		
d. – – D. Bernhöft bakara, Rvík				
30 brauð pr.	.	<u>– 15,00</u>	≡	– 86,30
6. Kartöflur				
Keyptar af Gunnari Einarssyni, Rvík				
2 Td. jarðepla pr.	.	<u>– 18,80</u>		
		Samtals		Kr. 663,41

Hvanneyri í fardögum 1907
Hjörtur Snorrason

Athugasemdir: Sambærilegar skrár yfir aðra útgjaldaliði skólans liggja einnig með í sama skjalabunka. Hér er því hægt sjá allar þær matvörur sem keyptar voru til skólans umrætt ár. Fram kemur hve mikið magn var keypt af einstökum tegundum og verð þeirra. Viðskipta- aðilar eru tilgreindir og eins og sjá má þá hefur skólinn átt viðskipti við verslanir bæði í Borgarnesi og Reykjavík, en einnig beint við bændur í Borgarfirði. Hjörtur Snorrason sem hér kvittar undir reikningana var skólastjóri á Hvanneyri 1894 – 1907.⁹¹

Orðskýringar/styttingar: pd.: pund.

Td.: tönde/tunna.

Lagagrundvöllur: Búnaðarskólinn á Hvanneyri var stofnaður á vordögum 1889. Amtsráðið í Suðuramti hafði yfirumsjón með rekstri hans samkvæmt reglugerð um skólann frá 1890.⁹² Þegar amtsráðin voru lögð niður 1907 tók ríkið við rekstri skólans.⁹³

Notkunarmöguleikar: Þessa reikninga, ásamt fleiri gögnum um skólann sem er að finna í skjalasafni Suðuramts, er hægt að nota til að rannsaka sögu skólans nánar, t.d. varðandi rekstur hans, aðdrætti, aðbúnað, fæði nemenda, o.fl. Einnig væri áhugavert að kanna áhrif skólans á byggðina í kring, s.s. viðskipti skólans við bændur í nágrenninu.

⁹¹ *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940.* 2. bindi, Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1949, s. 369.

⁹² *Stjórnartíðindi* 1890 B, s. 17. (Reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hvanneyri, 14. febr. 1890, 4. grein).

⁹³ *Stjórnartíðindi* 1908 B, s. 339. (Reglugjörð fyrir bændaskólann á Hvanneyri, 6. ágúst 1908).

5. NORÐUR- OG AUSTURAMT

5.1. *Bruni á Möðruvöllum 1874*

Nánast allt skjalasafn Norður- og austuramts fuðraði upp í miklum eldsvoða á amtmannssetrinu að Möðruvöllum aðfaranótt 21. mars 1874. Engu varð bjargað af skjölum nema örfáum sem geymd voru í litlum eldtraustum járnkassa, en í honum geymdi amtmaður hin mest áriðandi skjöl, svo sem skuldabréf, veðbréf og eyðublöð „undir þær konunglegu afgreiðslur, sem amtmönnum er trúað fyrir að láta í té.“ Kassi þessi náðist fyrst eftir að húsið var brunnið til grunna.⁹⁴ Lítið sem ekkert er því til af skjölum amtsins fyrir 1874. Amtmannssetrið á Möðruvöllum hafði áður orðið fyrir miklu tjóni í stórbruna árið 1826 en þá náðist að bjarga meiri hluta skjalanna.⁹⁵ Bruninn 1874 olli hins vegar einhverju mesta tjóni sem orðið hefur á skjalasafni á Íslandi en svo vel vill til að gerð var afhendingarskrá yfir skjalasafnið rúmum þremur árum fyrir brunann þannig að einhverja hugmynd má fá um öll þau skjöl sem brunnu þessa örlagaríku nótt. Skráin var gerð þann 1. nóvember 1870 þegar Pétur Havsteen lét af embætti amtmanns og Theódór Jónassen tók við⁹⁶ og er hún varðveitt í skjölum Íslensku stjórnardeildarinnar á Þjóðskjalasafni.⁹⁷ Samkvæmt skránni hefur verið byrjað að halda bréfadagbækur í amtinu í ársbyrjun 1807. Til voru bréfabækur allt frá árinu 1769 auk fjölmargra bréfapakka og fleiri gagna. Þau gögn sem brunnu á Möðruvöllum 1874 samkvæmt afhendingarskránni 1870 voru eftirfarandi:⁹⁸

Bréfadagbækur 1807 – 1870 (53 bækur)

Copibøger over kongelige Reskripter, Resolutioner Collegialbreve m.v. 1783 – 1857 (12 bækur)

Bréfabækur 1769 – 1870 (80 bækur)

Jarðabækur (6 bækur):

Jordebog over det publique Jordegods i amtet

En Extract af Jordebog over Selvejergodset i Island

En af forestaaende 3de jordebøger syssel- og thingsognviis uddraget extract

En Jordebog over Svarfadardals Landskylder og Qvildelejer 1763

En Pakke med Jordbøger over Hunavatns, Skagafjords, Norder, Sønder- og Nordermulesyssler

3 expl. af Jordebogen 1861

Gerðabækur um kosningar til Alþingis (5 bækur)

Ýmsar bækur (24 bækur/bréfapakkar):

Lögþingsbækur 1724 – 1800, ekki samfelldar (í einum pakka)

⁹⁴ ÞÍ. NAA, Bréfabók 1874-1875. (Bréf Kristjáns Kristjánssonar amtmanns til sýslumanns J. Johnsen, 1. apríl 1874).

⁹⁵ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum. Saga Möðruvalla í Hörgárdal frá öndverðu til okkar tíma*. 1. bindi, Rvk 2001, s. 217.

⁹⁶ Theódór Jónassen var settur amtmaður í Norður- og austuramti frá 1. – 19. nóvember 1870. Þá tók Ole W. Smith, sýslumaður í Norður-Múlasýslu við embættinu uns Kristján Kristjánsson var skipaður amtmaður frá 6. júní 1871.

⁹⁷ ÞÍ. Ísl. stj., XIII.15. (1871). Isl. Journ. 13, nr. 583. – Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum*, 2. bindi, s. 747-749.

⁹⁸ ÞÍ. Ísl. stj., XIII.15. (1871). Isl. Journ. 13, nr. 583.

Lögþingsbækur 1700 – 1782 (eitt bindi)
Copiebögar over postcharter 1791 – 1813 (3 bækur)
Postlister 1783 – 1813/1818
2 böger over incassation af kjøbesummen og renter for Holum forrige bispestols jordegods
En journal over afgifter af hjemme- og framombud
En kassebog over tugthuus contributionen m.v.
Matriculerings protocol over Öfjords syssel raaden
En bog hvori findes indførte cautioner, og hvor i endeel ditto ere indlagte löse
Beskrivelse over de islandske kyster og havner, 4 hefti með 4 kortum
Instrúx fyrir hreppstjórnarmenn á Íslandi, 4 ex.
Hugvekja til góðra innbúa á Íslandi, 3 ex.
Stutt og einföld ávísun um maturtarækt m. fl. 3 ex.
Stutt ávísun fyrir þá sem ekki eru lækna, áhrærandi það hvað athugasvert er við dauðfædd börn
Athugasemdir um kúabólusetningu og bólusótt 20 ex.
Ritgjörð um birkiskóga viðurhald 1 ex.
Saxdorps yfirsetukvennafræði 1 ex.
Levys yfirsetukvennafræði 1 ex.
Skorrastaðs districts forligelsesprotocol begyndt 13. october 1802
En forligelsescommissions protocol for Öfjords district 1799 – 1836
Fattigvæsens plan skrevet paa pergament af Kammerraad Briem 1813
Tabellariske oversigter over bygselbreve fra 1827

Forordninger og Placater 1776 – 1869 (5 innbundnar bækur og 28 bréfapakkar)

Innkomin bréf 1783 – 1870 (317 bréfapakkar)

Ýmis skjöl: hér í skjöl um Frikðriksgáfu og Möðruvelli, amtsbókasafnið, sjóðbækur legatsjóðs Jóns Sigurðssonar, máldagaafskriftir klaustraeigna, skjöl varðandi ómynduga, um kaupstaðinn Akureyri, veðbréf og reikningar sýslumanna og umboðsmanna, yfirlit yfir efnahag opinberra sjóða, hreppstjóra- og sáttamannatal, útdráttur úr byggingarbréfum o.fl. (46 bréfapakkar)

Einnig er tilgreindur ýmis búnaður sem tilheyrði embættinu; s.s. tveir bókaskápar, 4 innsigli, kassi með lás, járnkista, hand- og fótjárn og böðulsöxi.

Öll skjöl embættisins sem til urðu frá því skráin var gerð 1870 og til ársins 1873 hafa að sjálfsögðu einnig brunnið þessa sömu nótt. Eftir brunann var embættið fyrst um sinn flutt að Skípalóni en síðar til Akureyrar þar sem það var staðsett þar til það var lagt niður árið 1904.⁹⁹

5.2. Varðveitt skjöl 1770 – 1874 (fyrir bruna)

Smávegis hefur komið í leitirnar af skjölum amtsins frá því fyrir brunann 1874. Hluti þessara skjala er kominn úr einkaskjalasöfnum en þar sem um embættisskjöl var að ræða þótti eðlilegt að láta þau fylgja safni embættisins.¹⁰⁰ Skjölin sem um ræðir eru eftirfarandi:

Generaltollkammerbréf til amtmanns 1774 – 1775/1781 (úr embættistíð Ólafs Stephensens amtmanns í Norður- og austuramti 1770 – 1783)

Stiftamtmannsbréf til amtmanns 1785 – 1787/1789 (úr einkasafni Páls Melsteðs sagnfræðings og málflutningsmanns, f. 1812, d. 1910)

Landfógetabréf til amtmanns 1770 – 1772/1775 – 1776/1779 (úr embættistíð Ólafs Stephensens)

Bréf úr Múlasýslu til amtmanns 1776/1780/1781 (úr embættistíð Ólafs Stephensens)

Bréf úr Skaftafellssýslu til amtmanns 1771 – 1783 (úr embættistíð Ólafs Stephensens)

⁹⁹ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum*, 2. bindi, s. 748.

¹⁰⁰ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Norður- og austuramt.

Kansellíbréf til amtmanns 1824/1826/1829/1830/1832/1833 (úr einkasafni Gríms Jónssonar amtmanns, embættistíð 1824 – 1833)

Rentukammerbréf til amtmanns 1824 – 1833 (úr einkasafni Gríms Jónssonar amtmanns)

Landfógetabréf til amtmanns 1826/1829/1832/1833 (úr einkasafni Gríms Jónssonar amtmanns)

Ýmsar töflur:

Jarðeignir og tekjur konungs 1824 – 1848

Aukaskattur o.fl. 1824 – 1832

Hagur Íslands 1844 – 1848

Innfluttar og útfluttar vörur 1828 – 1830/1833 – 1848

Giftingar (fjöldi á ári) 1827 – 1844

Verðlagsskrár 1828 – 1830

Gerðabók prentsmiðjunnar á Akureyri 1849 – 1878

Reikningsbók prentsmiðjunnar á Akureyri 1853 – 1886

Málsskjöl: Stjórnendur prentsmiðju landsins gegn forstöðunefnd prentsmiðjunnar á Akureyri.

Uppskriftir málsskjala í Landsyfirrétti og Hæstarétti og dönsk þýðing þeirra 1854 – 1858

Endurrit brunninna skjala 1873 – 1874

Páll Melsteð var dóttursonur Stefáns Þórarinssonar amtmanns (1783 – 1823) og hafa stiftamtmannsbréfin frá 1785 – 1787/1789 verið í vörslu fjölskyldu Stefáns eftir hans daga en ekki embættisins og þannig sloppið við brunann. Sama er að segja um skjöl úr einkasafni Gríms Jónssonar amtmanns (1824 – 1833), þau hafa verið í vörslu fjölskyldu hans. Eftir brunann fór Kristján Kristjánsson amtmaður þess á leit að hann fengi uppskriftir amtsbréfa frá árinu 1873 og fram að brunadegi frá sýslumönnum í amtinu.¹⁰¹ Endurrit þessi eru nú varðveitt í einni öskju í skjalasafni amtsins. Flest eru þau úr Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum en minna úr öðrum sýslum. Þá er hér einnig nokkuð af endurritum frá landshöfðingjaembættinu. Ekki er vitað um uppruna annarra skjala sem eru talin upp hér að ofan og eru augljóslega frá því fyrir brunann á Möðruvöllum 1874. Þau voru einfaldlega í böggli með öðrum amtsskjölum á Þjóðskjalasafni, þar sem uppruna var ekki getið.¹⁰²


Dæmi um skjal í bréfasafni – bréf leiguliða á klausturjörðum í Álftaveri 1779. Eftir siðskipti var jörðum hvers klausturs fyrir sig haldið saman og þær veittar að léni gegn ákveðnu afgjaldi til konungs. Klausturhaldari sá svo um að jarðirnar væru leigðar til ábúenda og innheimti landskuld.¹⁰³ Árið 1779 skrifuðu leiguliðar á klausturjörðum í Álftaveri bréf til amtmanns þar sem þeim þótti klausturhaldari innheimta heldur háa landskuld.

¹⁰¹ ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Norður- og austuramt.

¹⁰² ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Norður- og austuramt.

¹⁰³ Einar Laxness, *Íslandssaga* II i-r, Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995, uppflettið »klausturhaldari«, s. 51.

Dæmi 5.2-1. Leiguliðar á klausturjörðum í Álftaveri til amtmanns, 16. júní 1779.
 (ÞÍ, NAA, B/1. Bréf úr Skaftafellssýslu 1771-1783).



Hædla velbyrdigr amtmann
 Hr. Olafur Stephansson

Þar nu verande Clausturhaldarar halda aframm að utkalla af ockur meira afgjald effter vor abyle, helldur enn nockurn tyma sydann Kötlugiarhlaup hefur golded vered, sosem hier med fylgiande copier af eins ockar byggingarbriefum og kvittanene sina. Eirnenn lata sier ej nægia þann gamla mata i skuldatökum nefnel. 15 edur 16 fiska i peningum uppi 10 al. nema sieu fuller 20 fiskar. En frammvísa ockur aungre konung Cr. forhæckun á jörðunum, nie umbreyting a þeim landsins Taxta sem vid þa hefðum matt, og viliað giordssamlega hlyda.

Þa í diupustu undergiefne ordsökustum vid fataeker menn enn nu sem eitt sinn áður ad innflia til ydar naduge herra med þennann vorn Memorial audmiukast bidjande þier vildud giora ockur upplysing hvert vid sieum skilduger greindum uppa setninge Clausturhaldaranna ad hlyda, soad vier fyrer vanvisku saker þurfum ei trassugheit syna voru yfervalde i því oss annars bære og vier giætum.

Vid væntum hier uppa nadugrar bænheyrslu med audmiukustu forlatsbon a ockar þra kveine og diupustu undergiefne finustum ydar.

Skalmarbæ	Velbyrdugheita
d. 16 Juny 1779	audmukustu
Jon Jonsson	þenarar
Jon Asbiornsson	Hiorleifur Jonsson
Biarne Eirigsson	Johannes Jonsson

Athugasemdir: Tvö byggingarbréf, en svo nefndust leigusamningar milli landeiganda og leiguliða, fylgja bréfi leiguliðanna og liggja með því í skjalasafninu. Bæði eru þau fyrir hálfri jörðinni Skálmabæ, hið fyrra frá 1764 og það síðara frá 1778 og hafði leigan hækkað nokkuð á umræddu tímabili. Var 25 álnir og 2 ½ fjórðungur smjörs 1764 en 30 álnir og 3 fjórðungar smjörs 1778.

Lagagrundvöllur: Amtmaður var æðsti umboðsmaður konungs í héraði og átti að hafa eftirlit með öðrum embættismönnum í sínu amti.¹⁰⁴ Því lá beinast við fyrir leiguliðana að snúa sér til hans. Með konunglegri tilskipun frá 1705 var landsdrottinn gert skylt að láta leiguliða hafa byggingarbréf sem lýsti skuldbindingum beggja aðila.¹⁰⁵

Notkunarmöguleikar: Bréfið má nota í margs konar rannsóknir um klausturumboðin, t.d. varðandi innheimtu landskulda, afgjalda hækkana og samskipti landsdrottna og leiguliða.

5.3. Bréfadagbækur 1874 – 1904

Varðveittar bréfadagbækur í skjalasafni Norður- og austuramts eru eftirfarandi:

Bréfadagbók 1874 (frá 28/3)
Bréfadagbók 1875
Bréfadagbók 1876
Bréfadagbók 1877
Bréfadagbók 1878
Bréfadagbók 1879
Bréfadagbók 1880
Bréfadagbók 1881
Dagbók I 1882 – 1884
Dagbók II 1884 – 1892
Dagbók III 1893 – 1904

Uppbygging bréfadagbóka úr Norður- og austuramti er nokkuð frábrugðin því sem við sáum í bæði Suður- og Vesturamti. Elstu bækurnar fram til ársloka 1881, þ.e. úr embættistíð Kristjáns Kristjánssonar (1871-1881), eru flokkaskiptar en bréfin skráð í tímaröð innan flokks. Frá og með árinu 1882 eru dagbækurnar síðan með hefðbundnu kansallíkerfi. Þá var Júlíus Havsteen (1881-1894) nýlega tekinn við amtmannsembættinu. Hann færði sig síðan í Suður- og vesturamtið 1894 en kansallíkerfið er einmitt tekið upp þar árið eftir. Þannig að augljóst virðist að Júlíus Havsteen sé upphafsmaður þess að breytt var yfir í kansallíkerfið í báðum tilvikum.

Bréfadagbækur 1874 – 1881 (flokkaskipting). Fyrstu átta bréfadagbækurnar eru flokkaðar þannig að innkomnum bréfum var skipt í 17 efnisflokka og nokkra undirflokka innan þeirra.

¹⁰⁴ Sbr. embættisbréf Stefáns Þórarinssonar (sjá kafla 2.2).

¹⁰⁵ *Lovsamling for Island*. 1. bindi 1096-1720, Khöfn 1853, s. 623. (Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island, 15. Mai 1705).

Efnisflokkarnir eru auðkenndir með bókstöfum frá A – R og undirflokkarnir með hlaupandi tölu frá einum og áfram. Efnisflokkar ásamt föstum undirflokkum eru eftirfarandi:

A. Lög og aðrar almennar ráðstafanir

1. Verðlagsskráin
2. Ný lagaboð
3. Skýrslur um þinglesin lagaboð
4. Embættisbækur til löggildingar
5. Skikkun handa fullmektugum sýslumanna
6. Embættaveitingar í amtinu
7. Embættaveitingar fyrir utan amtið
8. Alþingiskostnaður

B. Búnaðarmálefni

1. Búnaðarsjóður Norður- og austuramtsins
2. Skýrslur um búnaðarástandið í amtinu
3. Skýrslur um hið almenna ástand í amtinu
4. Búnaðarskólasjóðurinn

C. Verslunarmálefni

1. Reikningar yfir útgefin leiðarbréf handa skipum frá Akureyri
2. Reikningar yfir útgefin leiðarbréf handa skipum frá Eskifirði
3. Skýrslur um fastakaupmenn
4. Skýrslur áhrærandi verslanina
5. Bæjarfulltrúakosningar á Akureyri

D. Opinbert jarðagóss

1. Þingeyraklausturs umboðsreikningar
2. Reynistaðarklausturs umboðsreikningar
3. Stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarða umboðsreikningar
4. Möðruvallaklausturs umboðsreikningar
5. Munkaþverárklausturs vesturparts umboðsreikningar
6. Munkaþverárklausturs norðurhluta umboðsreikningar
7. Norðursýslu og Reykjadalssjarða og $\frac{3}{4}$ Flateyjar umboðsreikningar
8. Skriðuklausturs og Suður-Múlasýslujarða umboðsreikningar
9. Afbygging opinbera jarða
10. Bygging á opinberum jörðum

E. Sakamálefni

1. Skýrslur yfir ákærðar persónur í amtinu
2. Skýrslur um offentlige politiforseelser
3. Skýrslur um sjálfsmorð
4. Reikningar dómsmálasjóðsins

F. Sáttamálefni

1. Skýrslur um fyrirtekin sáttamál
2. Útnefningar sáttamanna
3. Skikkun fyrir setta sáttamenn

G. Skipti og yfirfjárráðamálefni

1. Skýrslur um lokin og ólokin skipti
2. Yfirlit yfir fjármuni ómyndugra
3. Útskriftir af gjaldabókum sýslumanna sem skiptaráðenda
4. Leyfisbréf til að sitja í óskiptu búi

H. Lögreglumálefni

1. Embættisbréf handa hreppstjórum
2. Skýrslur um fornærmelser i ord eller gjerning
3. Skýrslur om private politiforseelser

I. Vegabótamálefni

1. Reikningar yfir þjóðvegagjaldið
2. Uppástungur um vegabætur

- 3. Skýrslur um unnar vegabætur
- 4. Jökulsárbrúin
- K. Fátækramálefni
 - 1. Skýrslur um efnahag sveitarsjóðanna
 - 2. Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar
 - 3. Gjafasjóður Péturs sýslumanns Þorsteinssonar
 - 4. Fátækraeikningar Akureyrarkaupstaðar
- L. Læknamálefni
 - 1. Skýrslur héraðslækna í amtinu
 - 2. Reikningar fyrir bólusetningar
- M. Spítalar, kirkjur og aðrar opinberar stofnanir
 - 1. Möðruvallaklausturskirkjureikningar
 - 2. Munkaþverárklausturskirkjureikningar
 - 3. Flateyjarkirkjureikningar
 - 4. Styrktarsjóður ekkna og munaðarlausra barna
 - 5. Gjafasjóður Jóhannesar Kristjánssonar
 - 6. Jóns Sigurðssonar legat
 - 7. Gjafasjóður Örum og Wulffs
 - 8. Sjúkrahúsið á Akureyri
- N. Skattamálefni
 - 1. Aukatekjubækur til yfirskoðunar
 - 2. – 7. Sýslureikningar (flokkaðir eftir sýslum)
 - 8. Reikningar yfir gjald af vínföngum
 - 9. Útskriftir af gjaldabókum sýslumanna
 - 10. Reikningar yfir tekjur og gjöld sýslusjóðanna
- O. Póstmálefni
 - 1. Hið nýja póstfyrikkomulag / póstgöngur
 - 2. Reikningar yfir brúkuð þjónustufrímerki
- P. Jafnaðarsjóðurinn
 - 1. Reikningar yfir jafnaðarsjóðsgjaldið
 - 2. Meðlag með heyrnar- og mállausum
- Q. Konungleg leyfisbréf
 - 1. Konungleg leyfisbréf útgefin af amtinu
- R. Ýmisleg málefni
 - 1. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng
 - 2. Amtmannsins gager (laun)

Öðrum málum, sem ekki féllu undir neinn af föstu undirflokkunum, var síðan gefið næsta lausa númer innan viðkomandi efnisflokks (byrja á 3, 4, 5 allt eftir því hvað föstu flokkarnir voru margir). Hverju og einu máli var haldið sér, þannig að fjölmargir undirflokkar mynduðust innan hvers efnisflokks. Mál númer 5 í flokknum búnaðarmálefni árið 1876 fjallar t.d. um beiðni bænda í Þingeyjarsýslu um aðstoð við að koma sér upp æðarvarpi (sjá dæmi 5.3-1) og mál númer 6 um styrk handa Páli Jónssyni á Þverá til búnaðarnáms í Noregi. Flestir málaflökkarnir skiptast þannig að málefnum hvers einstaklings fyrir sig er haldið sér. T.d. fjallar mál 5 í flokknum fátækramálefni um kostnað vegna sjúkrahúsvistar Steins Kristjánssonar á Akureyri. Þannig að ekki er hægt að fá góða yfirsýn yfir öll málin nema kynna sér dagbækurnar vel. Hver bók tekur einungis yfir eitt ár þannig að ef einhvert mál hélt áfram milli ára var það flutt yfir í næstu bók og er þá ávallt vísað skilmerkilega á milli bóka.

Sum mál voru í gangi í fleiri ár og getur því stundum þurft að rekja sig í gegnum margar bækur til þess að sjá hvenær málið endar. Þegar viðkomandi máli lauk var merkt við með stórum krossi í dagbókina. Bréfin eru skráð í tímaröð innan hvers flokks eftir komudegi og merkt með bókstöfum a, b, c og áfram eftir því sem fleiri bréf bárust viðvíkjandi málinu. Bréfin sjálf eru síðan auðkennd með bréfadagbókarnúmeri sem er ávallt á forminu bókstafur (fyrir tiltekinn málaflokk), hlaupandi númeri innan flokks og ártali bréfs, t.d. B.2a/1874 (þ.e. bréf nr. 2a í flokki B árið 1874. Næsta bréf inn þess flokks hefur þá númerið B.2b/1874).

Hverri opnu bókanna er skipt upp í 11 dálka. Í tvo fremstu dálkana á vinstri síðu opunnar er ártal og dagsetning innkomna bréfsins skráð og í þriðja dálki er sendandi tilgreindur. Þá kemur örstuttur efnisútdráttur bréfsins og komudagur, þ.e. dagsetningin þegar viðkomandi bréf barst embættinu. Á hægri síðu opunnar koma síðan fram upplýsingar um afgreiðslu bréfsins. Hvernig því var svarað og hvenær og vísað í bréfanúmer útfarna bréfsins. Í síðustu tvo dálkana koma svo upplýsingar um hvernig og hvenær útfarna bréfinu var svarað, þ.e. næsta innkomna bréf varðandi málið.

Dæmi 5.3-1. Bréfadagbækur 1876 og 1877.

(ÞÍ, NAA, Bréfadagbækur 1876 og 1877).

[Bréfadagbók 1876, vinstri síða]

20.				B Bréfadagbækur málspri	
Dagur	Fríð	Innihald mályfanna		Innk.	
1876		N ^o 5			
Jan 21.	Nikkri	bandur í Hólluhverfi beiðast amtsins til álotunar um, að mætur va' í Hinnarvotro spjolu, og laginn er að koma á aðarsvarpi verði útrogaður þar og norður, til að koma þar á aðarsvarpi á ginnunni stöð um, samt að ferdakottrindur slannvinnu mætti bergeast að meiktru ísa öllu leiti af spinnberum spjóri.			3/2 76
ma 13	Eyjólfur	Guðmundsson á Eyjarbakka tjóvi að þann á nætti komandi sumri munu koma norður af þringum stöður sínar leyfi, samt að útroga þjá bandur þessum 100-200 skoparhríslur fluttar þingad á Akureyri.			1/4 -

Ár	Dagsetning	Frá hverjum	Innihald málefna	Innk.
1876	Jan. 31	Nokkrir a	<u>N. 5</u> bændur í Kelduhverfi beiðast amtsins tilhlutunar um, að maður sá í Húnavatnssýslu, er laginn er að koma á æðarvarpi verði útvegaður þangað norður, til að koma þar á æðarvarpi á ýmsum stöðum, samt að ferðakostnaður mannsins mætti borgast að nokkru eða öllu leyti af opinberum sjóði.	3/2-76
–	marz 18	Eyjólfur b	Guðmundsson á Eyarbakka tjáir að hann á næstkomandi sumri muni koma norður ef kringumstæður sínar leyfi, samt að útvega hjá bændum þessum 100 – 200 skógarhríslur fluttar hingað á Akureyri.	11/4 –

[Bréfadagbók 1876, hægri síða]

Til hvers	Afgreidd	Kb. N.	Dagsetn.	Innkomið	Nær
Eyjólfur a	Guðmundssyni á Eyarbakka sendt eptirrit af bréfi bændanna og laggt til með af amtinu að hann takist hina umræddu ferð á hendur 26/2-76	102	17/6-76 c	B. Bjarnason á Vöglum afhendir reikning yfir kostnað skógvíðarins	17/6-76
Eyjólfur b	Guðmundssyni borgaður í peningum 100 kr. uppí ferðakostnað fyrir að fara norður í Þingeyarsýslu að koma á æðarvarpi og kenna það, samt gefin leiðbeining 27/11-76 hverja hann skuli heimsækja.	722	27/11-76 d	Eyjólfur Guðmundsson gefur kvittun indupl. fyrir móttöku þeirra 100 króna	27/11-76

Yfirfært fol. 14-1877

Yfirfært fol. 19-1877

Athugasemdir: Hér sjáum við málefnaflokk númer B.5 í bréfadagbókinni 1876. Fyrsta bréfið í málaflokknum er dagsett 31. janúar 1876 og er frá nokkrum bændum í Kelduhverfi sem beiðast aðstoðar við að koma sér upp æðarvarpi. Í aftasta dálki á vinstri síðu má sjá að bréfið hefur borist á skrifstofu amtmanns þann 3. febrúar 1876. Á hægri síðu sést að amtmaður hefur sent beiðni bændanna áfram til Eyjólfss Guðmundssonar á Eyjarbakka þann 26. febrúar sama ár. Það bréf hefur bréfanúmer 102 í bréfabókinni. Eyjólfur svaraði því bréfi 18. mars og gaf vilyrði sitt fyrir að takast ferðina á hendur (sbr. næsta innkomna bréf á vinstri síðu. Bréfin eru auðkennd a, b, c, d, eftir þeirri röð sem þau bárust). Hinn 27. nóvember 1876 fékk Eyjólfur borgaðar 100 krónur upp í ferðakostnaðinn og kvittar fyrir móttöku þeirra sama dag. Fleiri bréfaskrif varðandi þetta mál áttu sér ekki stað fyrr en árið eftir og neðan við kemur athugasemd sem sýnir að málið hefur verið fært á blaðsíðu 19 í dagbókinni fyrir árið 1877 (yfirfært fol. 19-1877).


Orðskýringar/styttingar: Innk. = dagsetning innkomins bréfs.

Kb.N.: númer í „kópiubók“, þ.e. bréfabók.

Nær: þ.e. hvenær viðkomandi bréf barst eða komudagsetning bréfs


Í næstu bók heldur málið sínu númeri, þ.e. B.5/1876. Þar kemur örstuttur útdráttur um forsögu málsins úr eldri bókinni og nýjum bréfum bætt við eftir þörfum. Málinu hefur lokið með bréfi Eyjólfss, dagsett 28. janúar 1877, þar sem hann gerir grein fyrir ferð sinni um Þingeyjar- og Skagafjarðarsýslur. Það bréf hefur borist amtmanni í hendur 21. febrúar 1877. Krossinn neðan við merkir að ekki fylgi fleiri bréf þessu tiltekna máli.

[Bréfadagbók 1877, vinstri síða]



Ár	Dagsetning	Frá hverjum	Innihald málefna	Innk.
		a-d	[...] N.5/1876 Hinn 17/6-76 afhendir B. Bjarnason á Vöglum skóviðinn, ásamt kvittun fyrir upphæð hans 25 kr. 78 aur., sem sendast á Eyólf á Eyjarbakka. Hinn 27/11-76 (722) eru nefndum Eyólfi borgaðar 100 krónur upp í ferðakostnað hans við að kenna að koma á æðarvarpi í Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum.	

[Bréfadagbók 1877, hægri síða]



Til hvers	Afgreidd	K.b. N.	Dagsetn.	Innkomið	Nær
	[...] <u>N.5/1876</u>		28/1-77 e X	N.5/1876 Eyjólfrur á Eyjarbakka tjáir um ferð sína um Þingeyjar og Skagafjarðarsýslur	21/2-77

Notkunarmöguleikar: Bréfadagbækurnar nýtast ágætlega til að leita að bréfum um ákveðin málefni og sjá afgreiðsluferil þeirra. Ekki hafa verið útbúnar neinar bréfaskrár eða registur yfir bréfadagbækurnar 1874 – 1881, því er nauðsynlegt að kynna sér efni málaflokkanna vel og hefja leitina þar sem líklegast er að mál sem leitað sé að geti verið niður komið.

Bréfadagbækur 1882 – 1904 (kansallíkerfi). Eins og fyrr greinir var tekið upp nýtt skráningarakerfi í ársbyrjun 1882, hið svokallaða kansallíkerfi, og var því haldið allt þar til að amt-skipunin var lögð niður 1904. Bréfadagbækur fyrir þetta tímabil urðu þrjár talsins. Bréfin eru flokkuð eftir efni eða málum en efniságrípi þeirra sleppt. Hver málaflokkur fékk sitt númer og öll bréf varðandi þann málaflokk, bæði innkomin og útsend, skráð á það númer í tímaröð. Helstu málaflokkarnir fengu föst númer og er efnisskrá yfir þá rituð fremst í dagbækurnar. Föstu málaflokkarnir í dagbókinni 1882 – 1885 eru eftirfarandi:

Jóns Sigurðssonar legat
Gjöf Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps
Gjafasjóður Örum og Wulffs
Styrktarsjóður Jóhannesar Kristjánssonar
Reikningar Möðruvallaklausturskirkju
Reikningar Munkaþverárklausturskirkju
Reikningar Flateyjarkirkju
Umboðsreikningar
Athugasemdir við umboðsreikninga
Manntalsbókargjaldareikningar

Athugasemdir við manntalsbókargjaldareikninga
Aukatekjureikningar og aukatekjubókaútskriftir
Athugasemdir við aukatekjureikninga
Spítalagjaldsreikningar
Athugasemdir við spítalagjaldsreikninga
Tollgjaldareikningar
Athugasemdir við tollgjaldareikninga
Skýrslur um lausafjárhundruðin

Útskriftir af tollgjaldabókunum
Útskriftir af gjaldabókum sýslanna
Skiptaskýrslur
Yfirlit yfirfjárráðanda
Skýrslur um mál út af meiðslum í orði og verki
Skýrslur um einka lögreglumál
Skýrslur um efnahag sveitasjóðanna
Skýrslur um búnaðarástandið
Skýrslur um hina föstu kaupmenn
Skýrslur um verðlag á vörum og um skipakomur
Bygging opinbera þjóðjarða
Verðlagsskrár

Skýrslur um ákærðar persónur í amtinu
Skýrslur um opinber lögreglumál
Skýrslur um sjálfsmorð
Sáttaskýrslur
Sáttamálefni (skikkun sáttasemjara)
Skýrslur umboðsmanna um byggingu þjóðjarða
Innborganir í landssjóð
Skýrslur um hið almenna ástand
Útflutningsgjaldsreikningar
Athugasemdir við útflutningsgjaldsreikninga
Skilagreinar yfir tekjuskatt

Öðrum málaflokkum, eins og t.d. sakamálum, gjafsóknum, barnsfaðernismálum og fátækra-
málum hefur verið skipt upp í marga minni flokka þannig að málefnum hvers einstaklings
fyrir sig var haldið sér, undir eigin númeri. Málaflokkur númer 94 heitir t.d.: „Um skyldu
Gunnlaugs Gunnlaugssonar á Ytri-Ey um að framfæra móður sína.“

Athugasemdir/notkunarmöguleikar: Dagbækurnar eru byggðar upp á sama hátt og dagbók
Vesturamts 1895 – 1904 og verður því ekki fjallað frekar um þær hér (sjá dæmi 3.1-3, s. 23-
25 og dæmi 3.1-5, s. 27-28).

5.4. Bréfasafnið

Bréfasafn Norður- og austuramtsins 1874 – 1904 er varðveitt í 164 öskjum á Þjóðskjalasafni.
Skjölum frá tímabilinu 1874 – 1881 var raðað á þann hátt, að hverjum efnisflokki fyrir sig var
haldið sér frá upphafi til enda þess tímabils og eru öskjurnar nú merktar viðkomandi efnis-
flokki (34 öskjur). Hér er að sjálfsögðu um sömu 17 efnisflokka að ræða og tilgreindir eru í
bréfadagbókum tímabilsins, þ.e. yfirflokkar auðkenndir A – R (sjá bls. 77-78). Eftir 1881
raðast bréfin samkvæmt kansallíkerfi, þ.e. í málaflokka samkvæmt dagbókarnúmeri og í
tímaröð innan flokks (129 öskjur). Í eina öskju til viðbótar hafa verið sett ýmis óbókfærð bréf
til amtmanns og eyðublöð, ásamt sýnishornum um skýrslugerð.


Bréf 1874 – 1881: röðun í efnisflokka, 34 öskjur
Bréf 1882 – 1904: kansallíkerfi, raðast í málaflokka skv. dagbókarnúmeri, 124 öskjur
Óbókfærð bréf 1872 – 1887 og óútfyllt eyðublöð: 1 askja

Dæmi um skjal í bréfasafni – skýrsla Eyjólfss Guðmundssonar um æðarvarp 1876/77. Upp
úr miðri 19. öld fór verð á æðardún hækkandi og um 1880 var kaupstaðarverð á dún komið í
20 krónur pundið.¹⁰⁶ Hér var því um töluverð hlunnindi að ræða fyrir bændur sem þess áttu
kost. Eyjólfur Guðmundsson á Eyjarbakka á Vatnsnesi var einn þeirra manna sem þótti

¹⁰⁶ Valdimar H. Gíslason, „Verslun með æðardún.“ *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*. Ritstj. Jónas Jónsson, Rvk
2001, s. 143.

sérlega laginn við að koma upp nýjum æðarvörpum og efla þau sem fyrir voru. Í bréfa-
dagbókinni 1876 sáum við að nokkrir bændur í Kelduhverfi beiddust leiðsagnar hans við að
koma sér upp æðarvörpum (dæmi 5.3-1, s. 79-82). Eyjólfur ferðaðist um Eyjafjarðar- og
Þingeyjarsýslur í nóvember og desember 1876 og sagði mönnum til um æðarrækt. Í janúar
árið eftir skilaði hann síðan skýrslu um ferð sína til amtmanns. Skýrslan er átta handskrifaðar
blaðsíður að lengd. Hér á eftir kemur brot úr skýrslunni.

Dæmi 5.4-1. Skýrsla Eyjólfssonar um æðarvarp á Norðurlandi 1876/77.
(PÍ, NAA, B/11. B. Búnaðarmálefni, Nr. 5/1876).



Eyjarsbakka 28. Janúar 1877

Hávellborni Herra Amtmadur

Eptir tilmælum yðar í reisuþassa mínum skrifa ég yður ferdasögu mína frá þeim deigi að jeg fór að
heiman frá Akureyri þar til jeg kom heim.

Að kvöldi þess 27 dags Nóvemberm. n.l. komst jeg út að Skipalóni hvar mjer var afbragðs vel
tekið. Þann 28 gjeck Þ. Danjelson á varppláss sitt, með mjer, sem jeg áleit ágætlega vel til fallið varps,
enn samt af honum forsómað að afgirda, hvað ég áminti hann um að láta gjöra, jafnframt fleiru er jeg
ráðlagði honum í því ebni og tjáði hann mjer sitt varp fremur í rírnun vera.

Samdægurs fór eg til Sveinbjarnar á Ósi og skoðaði jeg með honum varppláss hans, sem jeg á leyt
lángtum lakara til varps enn það áður tjáða, þó það umflotið sjé um flóð, samt er það varp í nokkri
framför.

Samdægurs hjelt eg út að Ytribakka til Friðriks skipstíburmanns hvar jeg var nóttina, þar leiðbeindi jeg honum á annan hátt enn þeim ádurttjáðu þar ekki er um varps von að gjöra nema með flutningsfugli í byrjun.

Daginn þar eptir fór ég út að Arnarnesi til Antons, og er hans varppláss að mínu álitu mun lakara en það næsttalda samt er ekki óhugsandi að varp mætti þar á komast með góðri alúð.

Þann 30 s.m. flutti F. skipstíburmaður mig yfir að Laufási til sra Bjarnar, þar er um mikið var að gjöra, enn þó mun það í nokkuri rírnun. Þar áminti eg hann um að gefa fje til höfuðs varginum, ásamt þeim fyrtöldu, og eirnig að gefa eptir æðunni öll egginn.

Þann 1. Desember. gekk sra Björn með mjer út að Nesi, síðan sendi Einar eptir sra Gunnari út að Höfða og yfirheirdu þeir mig þar allir í senn. Varp Einars er í talsverðri framför, enda mun hann varpklókastur vera af þeim mönnum er eg fyrirhitti á ferd minni.

Varp sra Gunnars í Höfða mun vera heldur í vexti. Samdægurs ljet Einar filgja mjer á vökunni að Þverá í Fnjóskadal hvar jeg var nóttina.

...

Þar læt eg þess hjer síðast getið, að jeg leiðbeindi ekki einungis öllum þeim fyrgreindu mönnum (heldur nokkrum þar að auki sem ekki eru hjer greindir þar ég efast um að það beri nokkrun ávögst hjá þeim) eptir minni bestu þekkingu og jeg álit þjéna mundi eptir afstöðu plássanna.

Hvað borgun viðvíkur þá tel eg þá alla hjer í röð sem borguðu.

1. Ódalsbóndi Sveinbjörn Sigurdsson Ósi kr.
vildi borga 9 kr. enn jeg vildi ekki taka við nema 5
2. Skipstíburmaður Friðrik Jónsson Ytribakka 5
3. Anton bóndi á Arnarnesi 5
4. Prófastur sra Björn Halldorsson Laufási
vildi láta 10 kr. enn eg þáði ekki nema 5
5. Dannibrogismaður Alþingismaður Einar Ásmundsson
Nesi hann kvað ekki til neins að bjóða mjer nema 5
6. Sra Gunnar Ólafsson Höfða 5
7. Ódalsbóndi Sigurbjörn Laxamíri 10
og var mjer ómögulegt að komast undan að taka við
því og kvað hann það smámuni eina fyrir slíka ferd.
8. Feðgarnir á Skógum í Axarfyrði Gunnlaugur bóndi
og Björn sonur hans, til samans 5
9. Bóndinn Grímur Þórarinsson Víkingavatni 4
10. Bóndinn Þórarinn Björnsson sama bæ 4
að auk filgdi hann mjer að Skógum og heim aptur 4
11. Bændurnir á Fjöllum í Kjeldukverfi 4
12. Sýslumaður Benidikt Sveinsson Hjeðisnhöfða 5

...

Athugasemdir: Eyjólfur var þekktur víða um héruð fyrir áhuga sinn á æðarrækt og fékk fyrir vikið viðurnefnið Varp-Eyjólfur. Ítarleg umfjöllun um Eyjólf og leiðbeiningaferð hans um Norðurland árið 1876 er birt í bókinni *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, þar sem m.a. er stuðst töluvert við þessa skýrslu.¹⁰⁷

Lagagrundvöllur: Engin lög voru í gildi um stuðning hins opinbera við æðarbændur á þessum tíma en leiðbeiningarþjónusta í öllum greinum búskapar var að þróast og voru búnaðarsjóðir amtanna einkum notaðir í þeim tilgangi.¹⁰⁸


¹⁰⁷ Jónas Jónsson, „Þáttur af Varp-Eyjólfi.“ *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*. Ritsj. Jónas Jónsson, Rvk 2001, s. 245-254.

¹⁰⁸ Jónas Jónsson, „Þáttur af Varp-Eyjólfi.“ *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, s. 253.

Notkunarmöguleikar: Til rannsókna á sögu æðarræktar í landinu, útbreiðslu hennar og stuðningi stjórnvalda eða annarra opinberra sjóða til að efla hana. Getur sömuleiðis nýst við rannsókn á ævi og störfum Eyjólfssonar.

Dæmi um skjal í bréfasafni – fangahúsið á Eskifirði 1880. Með lögum 4. mars 1871 var ákveðið að reist skyldu sjö fangelsi hér á landi og átta jafnaðarsjóðir amtanna að standa straum af kostnaðinum.¹⁰⁹ Eitt þessara fangelsa var reist á Eskifirði og var það fullbúið fyrri hluta árs 1876. Umdæmi þess voru Múlasýslur.¹¹⁰ Lögreglustjórinn í viðkomandi umdæmi fór með daglega stjórn fangelsisins en amtmaður hafði yfirumsjónina. Árlega bar lögreglustjóra að senda amtmani skýrslu um ástand fangahússins, ásamt áhaldaskrá.

Dæmi 5.4-2. Áhaldaskrá fyrir fangahúsið á Eskifirði 1880.
(ÞÍ, NAA, Dagbók III 1893-1904, nr. 587).



Áhaldaskrá

fyrir fangahús Eskifjarðar

4 þvottaskálar og 4 vatnskönnur ur tinuðujárni,
4 hægðakeröld og 4 hrákadallar, og 4 hálmðynur
6 handklæði og 4 hárgreiður
4 testamenti, 4 sálmabækur og 4 bænakver.
5 rúmteppi (hvaraf 1 vatterað), 4 rekkjvoðir, 6 skyrtur
3 nærklukkur og 4 nærbrækur
Spennitreyja (fenginn í sumar).

Skrifstofu Suðurmúlasýslu 31. desbr. 1880

Jón Johnsen

¹⁰⁹ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 154-156. (Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl. 4. mars 1871).

¹¹⁰ Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Rvk 1926, s. 227.

Athugasemdir: Áhöld þau sem hér eru talin upp eru mikið til þau sömu og kveðið var á um að skyldu vera í hverjum fangaklefa samkvæmt gildandi lögum og reglum.¹¹¹ Samkvæmt skránni hefur fangelsið rúmað fjóra fanga í senn.

Lagagrundvöllur: Erindisbréf handa lögreglustjórum um fangelsisstjórn, 10. júlí 1876.¹¹²

Notkunarmöguleikar: Þessi skrá hentar t.d. til rannsókna á aðbúnaði í fangelsum landins á síðari hluta 19. aldar.

5.5. Bréfabækur 1874 – 1887

Varðveittar bréfabækur í skjalasafni Norður- og austuramts eru eftirfarandi:

Bréfabók 1874 – 1875
Bréfabók 1875 – 1876
Bréfabók 1877 – 1878
Bréfabók 1878 – 1879
Bréfabók 1879 – 1880
Bréfabók 1880 – 1881
Bréfabók 1881
Bréfabók 1882
Bréfabók 1883
Bréfabók 1884
Bréfabók 1885 – 1887

Fyrsta bréfið sem skráð hefur verið eftir brunann 1874 er dagsett 30. mars sama ár. Ritun bréfabóka stóð síðan samfelld til ársins 1887 að hún var feld niður og látið nægja að leggja bréfauppköstin í bréfasafnið hjá bréfum þeim sem svarað var. Það hafði reyndar verið gert allt frá 1882 þegar kansallíkerfið var tekið upp. Frá árunum 1882 – 1887 eru því til bæði bréfabækur og bréfauppköst. Ritun bréfabóka stóð þannig mun lengur í Norður- og austur- amtinu en í Suður- og Vesturömtum en þar hafði ritun bréfabóka verið aflögð 1876.

Öll útsend bréf embættisins voru afrituð í bréfabækurnar í tímaröð án tillit til efnis eða til hverra þau voru. Hverri blaðsíðu bókanna er skipt í þrjá dálka. Í fremsta dálkinn var númer útsenda bréfsins skráð, hlaupandi tala innan árs, þannig að hvert ár byrjar ávallt á númerinu einn (N^o1). Í miðdálk var dagsetning bréfsins skráð, viðtakandi þess og síðan bréfið sjálf. Í aftasta dálki er vísað í bréfadagbókarnúmer innkomins bréfs sem svarað er.


Bréfabók 1875 – 1876 – beiðni um eftirgjöf á sekt og um æðarvarp 1876. Hinn 15. júlí 1872 var Pétur Havsteen fyrrverandi amtmaður (1850-1870) dæmdur í Landsyfirrétti til þess að greiða sekt upp á 100 ríkisdali fyrir meiðyrði við Oddgeir Stephensen stjórnardeildar-

¹¹¹ *Stjórnartíðindi* 1876 B, s. 73. (Erindisbréf handa lögreglustjórum um fangelsisstjórn, 10. júlí 1876).

¹¹² *Stjórnartíðindi* 1876 B, s. 73-74. (Erindisbréf handa lögreglustjórum um fangelsisstjórn, 10. júlí 1876).

forseta.¹¹³ Þegar Pétur Havsteen lést í júní 1875 var sektin enn ógreidd. Stuttu síðar fór Kristjana Havsteen, ekkja Péturs, fram á að sektin yrði feld niður. Af bréfabókinni frá 1875 – 1876 má sjá að Kristján Kristjánsson amtmaður hefur skrifað bréf til landshöfðingja, þann 26. febrúar 1876, varðandi beiðni ekkjunnar og gert honum grein fyrir stöðu mála. Sama dag skrifaði amtmaður einnig bréf til Eyjólfss Guðmundssonar á Eyjarbakka varðandi erindi bændanna á Víkingavatni í Kelduhverfi um tilsögn við að koma sér upp æðarvarpi.

Dæmi 5.5-1. Bréfabók 1875 – 1876. Bréf amtmanns til landshöfðingja 26. febrúar 1876 og annað til Eyjólfss Guðmundssonar á Eyjarbakka sama dag.
(ÞÍ, NAA, Bréfabók 1875-1876).



[1876]		
101	26. febrúar	H _{4c} 1876
<p>Landshöfðinginn:</p> <p>Jafnframt því hjálagað að láta með fylgja hingað innkomið bónarbréf frá ekkju frú K. Havsteen um að sekt sú sem manni hennar amtmanni sál. J. P. Havsteen eptir hæðstaréttardómi bar að greiða til landsjóðsins fyrir meiðyrði við Departementsderekthör Oddg. Stephensen verði eptir gefin, leyfi ég mér lotningarfyllst að láta í ljósi, að með því bú amtmannsins sáluga er þegar komið undir aðgjörðir skiparéttarins og það ekki hrekkur fyrir skuldum þeim, er á því hvíla, leiðir það að minni meiningu af sjálfu sér, að hin umrædda sekt, sem skuldaheimtumönnum búsinu ekki munu bera að borga, fellur burt af sjálfri sér.</p>		

¹¹³ Landsýfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1874. 11. bindi 1871-1874, Rvk 1986, s. 177.

102	Sama dag	B 5a 1876
<p>Eyjólfur Guðmundsson á Eyarbakka: Í bréfi dagsettu 31. f. m. sem hjálegst í eptirriti, hafa bændurnir á Víkingavatni í Kelduhverfi innan Þingeyarsýslu farið þess á leit, að ég leggði þeim liðsyrði til að þér kæmuð þangað norður á næstkomandi sumri til að koma þar á æðarvarpi ef þér álituð tiltækilegt að reyna það.</p> <p>Eptir þessum tilmælum téðra heiðursbænda læt ég því ekki hjálíða á besta hátt vinsamlegast og alúðlegast, að leggja til með, að þér ef heilsufar yðar og kríngumstæður leyfa, góðfúslega vilduð takast ferð þessa á hendur og væri mér kært við fyrsta hentugleika yðar að fá að vita, hvörs menn þessir hefðu að vænta í þessu efni.</p>		

Athugasemdir: Bréfin hér hafa bréfanúmerin 101 og 102. Hér frammar sáum við hvernig vísað var í bréfanúmer 102 í bréfadagbókinni 1876 (dæmi 5.3-1, s. 80-81). Eins og sjá má hér er síðan vísað í bréfadagbókarnúmer (B.5a/1876) í bréfabókunum. Þannig spila bréfabækur og bréfadagbækur alltaf saman. Bréfið frá Kristjönu Havsteen sem amtmaður vitnar til hefur bréfadagbókarnúmerið H.4c/1876 og því auðvelt að finna það undir því númeri í bréfasafninu.

Orðskýringar/styttingar:

H: málaflokkur lögreglumálefni, sbr. bréfadagbækur 1874 – 1881.

B: málaflokkur búnaðarmálefni, sbr. sömu bækur.

Departmentsderektr: stjórnardeildarforseti. Oddgeir Stephensen var skrifstofustjóri Íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn 1848 og forstöðumaður hennar 1852 – 1885.

Lagagrundvöllur: Amtmanni bar að halda sérstakar bréfabækur sem hann afritaði öll útfarin bréf í, sbr. 6. grein í erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar frá 1783 (sjá s. 9).

Notkunarmöguleikar: Bréfabókin nýtist vel til að sjá hvernig amtmaður vann úr einstökum málum sem á hans borð bárust. Bréfin hér sýna t.d. að amtmaður hefur borið beiðni ekkjunnar um niðurfellingu á sektinni undir landshöfðingja og að hann hefur tekið jákvætt í óskir bænda í Kelduhverfi um aðstoð við að koma sér upp æðarvörpum.

5.6. Bréfaskrár 1882 – 1904

Bréfaskrár í skjalasafni Norður- og austuramts eru eftirfarandi:

Bréfaskrá 1882 – 1883

Bréfaskrá 1884 – 1886

Bréfaskrá 1887 – 1891

Bréfaskrá 1892 – 1904

Bréfaskrá 1893 – 1904

Engar bréfaskrár eða sérstök bréfaregistur fylgja bréfabókum Norður- og austuramts fram til 1882, þar sem bréfin eru flokkuð eftir viðtakendum, líkt og tíðkaðist í hinum ömtunum. Því er ekki unnt að leita að útsendum bréfum eftir viðtakendum fram að þeim tíma. Á móti kemur að hægt er að leita að bréfum eftir málefnum í bréfadagbókunum. Árið 1882 þegar kansallíkefið

var tekið upp var byrjað að útbúa sérstakar bréfaskrár yfir útsend bréf þar sem bréfin eru flokkuð eftir viðtakendum en gerð slíkra skráa var alltaf venja þegar kansallíkerfið var notað.

Bréfaskrár 1882 – 1904 eru fimm að tölu, merktar amtsbréfaregistur og fylgja Dagbókum I – III. Þær eru byggðar upp á nákvæmlega sama hátt og sambærilegar bréfaskrár í Vestur- og Suðurömtum. Bréfin eru flokkuð eftir viðtakendum þannig að helstu embættismenn fá sínar eigin blaðsíður í bókunum en öðrum viðtakendum er raðað saman eftir fyrsta bókstaf í nafni en í tímaröð innan hvers bókstafs. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer og bréfanúmer.

Dæmi 5.6-1. Bréfaskrá 1882 – 1883. Útsend bréf – bókstafalisti: bókstafur G.
(ÞÍ, NAA, Bréfaskrá 1882-1883).

1882	Guðormi Halgason á Svabardi, helkynninum settan sáttalemjara	80-82.	1882.	Guðm. fr. Halgason um mótak i sig- sunatandi	1045-46.	
	ADI N° 577			ADI N° 229		
Maer. 14.	Glasibajarbræppeneftur árit fr. minferi á kjörskrá fr. 81-82	186-192	24.	Glasibajarbr. nefnd að ekki verði höfðar mál á mæti Páli Taledyrri á Urastökum fr. illa meðferð á Þóafi etc.	1047-48.	G
	ADI N° 1			ADI N° 34		H
23.	Guðmundur Pálsson myndal. endursend skjölum	235	des. 2.	Guðm. Pálsson áskilningur um Uppskotum, þó og skulu sanna við lagakeyð T. S. 1051-52.	1051-52.	Hvs.
	ADI N° 67			ADI N° 501		J
Apr. 20.	Guðmundur Halgason um glótið hlutabréf	309		Guðmundur fr. Halgason hefur umlagðar um teindur Þórnar og í þessu að dattin samur hald eja gjördu á gjördugerum -> Þórn Halgason	1061	K
	ADI N° 120			ADI N° 253		L
Maí 3.	Glasibajarbræppeneftur veitt 750 + maí af legatum	308	1883.			Lh.
	ADI N° 501		jan 4.	Guðm. fr. Halgason hefur um landþrotu mál milli jarðannar Lauf- áes og Nees	13-14.	Lf.
9.	Glasibajarbræppeneftur veitt við bók, 250 + maí	384		ADI N° 265		M
	ADI N° 501			ADI N° 265		N
júní 2.	Sönnu bók bókstaf til Skagafjarðar eptla	477-478		ADI N° 265		N. Ms.
	ADI N° 84			ADI N° 265		O
júlí 31.	Guðm. Halgason frá að þín alafson eja settur sáttalemjara í málum	662-663		ADI N° 265		P
	ADI N° 577			ADI N° 265		Q
sept. 15.	Guðm. Halgason hefur umskilningu sáttalemjara til bráðabýrja	780-783		ADI N° 265		R
	ADI N° 577			ADI N° 265		S
	Guðm. Pálsson Snadal			ADI N° 265		S. A.
20.	Guðm. Pálsson Snadal um bók umskilningu þjónu viðskipta	840		ADI N° 265		Skf.
	ADI N° 137			ADI N° 265		S. Ms.
	Guðm. Halgason			ADI N° 265		T
Oktr. 18.	Guðm. Halgason frá umskilningu bókstafa umskilningu þjónu þórnar í málum	927.		ADI N° 265		Um
	ADI N° 229			ADI N° 265		

1882 febr. 10	<u>Guttormr Vigfússon</u> á Svalbarði, tilkynnt um settan sáttasemjara a D.I.N.577	80-82	1882 nóv.24	<u>Guðm. pr. Helgason</u> um mótak í Sigtúnalandi a D.I.N.229	1045- 46
marz 14	<u>Glæsibæjarhreppsnefnd</u> ávítt f. misferli á kjörskránni fr. '81-82 a D.I.N.1	186- 192	24	<u>Glæsibæjarhr.nefnd</u> að ekki verði höfðað mál á móti Páli Pálssyni á Unastöðum f. illa meðferð á Ólafi etc. a D.I.N.84	1047- 48
– 23	<u>Guðmundr Pálsson</u> myndsm. endursend skjölin a D.I.N.67	235	des. 2	<u>Gunnlögur Sigurðss. Uppsölum</u> , borgi skuld sína við legatsjóð J.Ss. a D.I.N.501	1051- 52
apr. 27	<u>Gránufjelags stjórn</u> um glötuð hlutabryf a D.I.N.120	369	– 9	<u>Guðmundur pr. Helgason</u> beðinn umsagnar um beiðni Bjarnar ritstjóra að dóttursonur hans sje gjörður ómyndugur þ.e. Björn Stefánsson a D.I.N.253	1061
maí 3	<u>Glæsibæjarhreppsnefnd</u> veitt 750 pund maís af legatinu a D.I.N.501	308	1883 jan. 4	<u>Gunnar pr. Ólafsson, Höfða</u> um landaprætumál milli jarðanna Laufáss og Ness a D.I.N.265	13-14
9	<u>Glæsibæjarhreppsnefnd</u> veitt viðbót 250 pund maís a D.I.N.501	384	– 16	<u>Sami</u> að Jón á Gautlöndum sje skipaður verjandi f. prestakallið a D.I.N.265	75-78
júní 2	<u>Sömu</u> birt brjefið til Skagafjarðarsýslu a D.I.N.84	477- 478	– 16	<u>Glæsibæjarhr.nefnd</u> send til álita umkvörtun viðv. skipting eða úthlutun gjafakorns í hreppnum a D.I.N.216	82
júlí 31	<u>Sra Guðm. Helgason</u> tjáð að Jón Ólafsson sje settur sáttasemjari í málinu a D.I.N.577	662- 663	– 25	<u>Grétar Eiríksson</u> á <u>Gunnlögsstöðum</u> að hin sami verði austanpóstr þetta ár sem verið hafi a D.I.N.208	100
sept. 15	<u>Gunnar Ólafsson Höfða</u> útnefnd- ur sáttamaður til bráðabyrgða a D.I.N.577	780- 783			
26	<u>Gunnlögur Snædal</u> sent hið umbeðna hjónavíxlubryf a D.I.N.137	840			
okt. 18	<u>Sra Guðm. Helgason.</u> Til umsagnar brjef amtsins umboðsmanns Munkaþverárkl. um mótekju í Sigtúna landi a D.I.N.229	927			
	[...]				

Athugasemdir: Hér má sjá fyrstu blaðsíðu viðtakenda sem byrja á bókstaf G. Fremst er dagsetning bréfs skráð, þá viðtakandi þess, efnisútdráttur og vísun í bréfadagbókarnúmer. Nöfn viðtakanda og vísun í dagbókarnúmer eru undirstrikuð til áherslu. Í þriðja dálk er síðan bréfanúmerið skráð, þ.e. númer útsends bréfs sem jafnframt var ritað í bréfabókina og á uppkast bréfsins.

Orðskýringar/styttingar:

a. D.I.N. = Amts Dagbók I, númer málaflokks.

Legatið/legatsjóður J.Ss.: styrktarsjóður Jóns Sigurðssonar á Böggvisstöðum (nánar, sjá s. 94-97).

Notkunarmöguleikar: Hér er hægt að leita að bréfum frá amtmanni, eftir viðtakendum, sjá efnisútdrátt bréfanna, ásamt því að sjá hvar uppkast bréfsins liggur í bréfasafninu eða númer þess í bréfabókinni.

5.7. Sérmaál – ýmislegt

Í skjalasafni Norður- og austuramts eru sex embættisbækur sem ekki falla undir neinn af þeim skjalaflokkum sem þegar hefur verið fjallað um. Þetta eru tvær sjóðbækur, þrjár höfuðbækur og ein hjónaskilnaðarbók:

Sjóðbók 1881 – 1891
 Sjóðbók 1892 – 1904
 Höfuðbók 1874 – 1883
 Höfuðbók 1884 – 1891
 Höfuðbók 1892 – 1904
 Hjónaskilnaðarbók 1882 – 1897

Sjóðbækur 1881 – 1904. Í sjóðbækurnar, sem einnig voru nefndar kassabækur, voru færðar inn tekjur og gjöld allra sjóða í vörslu amtmanns. Byrjað var að færa inn í fyrri bókina 22. júlí 1881 þegar Júlíus Havsteen (1881-1894) tók við amtmannsembættinu af Kristjáni Kristjánssyni (1871-1881) en fyrsta færslan greinir einmitt frá þeirri fjárupphæð sem Júlíus Havsteen tók við úr hendi Kristjáns. Færslur í bókunum eru í tímaröð, skipt þannig að á vinstri síðu hverrar opnu voru færðar inn tekjur en gjöldin á þá hægri.

Dæmi 5.7-1. Sjóðbók 1881 – 1891. Tekjusíða júlí/ágúst 1881.
 (ÞÍ, NAA, Sjóðbók 1881-1891).

1

22. dag júlím. — 9. ágúst.

1881.	Textur	Fr.	aur.
Júlí 22.	Muttuist frá hinum fyrra amtmanni Leóritjanssoni, sem tilheyrandi sjóðum, sem standa undir stjórn amtmanns.	2823	23
	Temperunna Lámannsritu amtmanns, Ahn fyrir júlí og optólamannsritu fyrir ágúst		
	Hallgrímur Tomasson í Litlaból, lígur og völdi rit J. Sigurtesenar lígur. 1/681.	17	29
	Jón Hallgrímsson í Múlagasti. " rit búmatarsjóðum 1/681	3	
	Lýngþy Lýngsvað sem er málgjafi met skilnaðarinn Elnetinn Lýngv, fyrir 1879/80.	67	
23	Sigurður Sigurtesen í Þóðarhaga. lígur 1/681, búmatarsjóðum	12	
25	Hómaríngólubógi fyrir söu str. E. Þóðarinnson	33	66
27.	Samid Steinhólmur, búmatarsjóðum lígur frá 1/1880 - 1/681	4	70
30	Jón Sveinsson í Ljósi Þóðarinnson. lígur frá 1/1880 - 1/681.	4	
Agúst 1	Johannes Halldórsson, Jón Sigurtesenar lígur 1/681. búmatarsjóðum, 8. lígur.	28	
	Muttuist frá fyrrum amtmanni Leóritjanssoni sem tilheyrandi gjörbennum sjóðum, sem standa undir stjórn amtmanns	2000	
	"	146	

22. dag júlím. – 9. ágúst

		Tekjur	Kr.	aur.
1881				
Juli	22	Meðtekið frá hinum fyrra amtmanni Christjansson, sem tilheyrandi sjóðum, sem standa undir tilsjón amtmanns	2823	23
		Ennfremur launakvittun amtmanns Chr. fyrir júní og eptirlaunakvittun fyrir ágúst		
		Hallgrímur Tómasson á Litlahóli, leigur og skuld við <u>J.Sigurðssonar legat</u> 11/6 '81	17	29
		Jon Hallgrímsson á Miklagarði, – – við <u>búnaðarskólasjóðinn</u> 11/6 '81	3	
		Lyngby sogneraad sendir meðgjöf með stúlkunni Ernstine Sehon, fyrir (8 og 9) '80	67	
	23	Sigurður Sigurðsson í Staðartungu, leiga 11/6 '81, <u>búnaðarskólasjóðurinn</u>	12	
	25	Hjónavígslubrjef fyrir síra Kr. E. Þórarinsson	33	66
	27	David Ketilsson, <u>búnaðarskólasjóðurinn</u> , leigur frá 8/11 '80 – 11/6 '81	4	70
	30	Jon Andrjesson, syðri Bægisá, <u>D. D.</u> frá 11/12 '80 – 11/6 '81	4	
august	1	Johannes Haldorsson, <u>Jon Sigurðssonar Legat</u> 16 kr., <u>Bunaðarsjóðurinn</u> 8 kr.	24	
		Meðtekið frá fyrrum amtmanni Christjansson sem tilheyrandi opinberum sjóðum, sem standa undir stjórn amtsins	2000	
		Ennfremur frá sama	146	93
		Amtmaður Christjansson fyrir Jon Þorsteinsson, leigur til 11/6 '81, <u>bunaðarskolasjóður</u>	24	
		Halldor Arnason í Hólkoti leigur, <u>búnaðarskólasjóður</u> 8 kr., <u>prentsmiðju-sjóður</u> 8 kr.	16	
		Borgað af settum amtmanni J. Havsteen fyrir fyrv. amtmann Christjansson, og talið með því fje, sem Chr. á að standa skil á	50	23
	2	Búnaðarskólasjóðsgjald fyrir 1881 úr Suðurmúlasýslu 70 kr. 81 í peningum, 50 kr. úr bunaðarsjóðnum	70	81
		Jafnaðarsjóðsgjald úr Norðurmúlasýslu 612,36 og búnaðarsjóðsgjald 129 kr. og 7 aur., ávísun uppá J. V. Havsteen 500 kr. í peningum	242	33
		Hjónavígslugjald fyrir Þorð Floventsson	33	66
		D. Boas Palsson	33	66

Athugasemdir: Hér má sjá fremstu tekjusíðu fyrri sjóðbókarinnar. Fyrst er greiðsludags getið, þá örstutt um fyrir hvað greiðslan er og aftast kemur upphæð hennar í krónum og aurum. Heiti þess sjóðs sem viðkomandi greiðsla á við er undirstrikað til áherslu.

Orðskýringar/styttingar:

D.: stytting fyrir ditto, þ.e. sama og að ofan.

Lagagrundvöllur: Samkvæmt tilskipun um sveitastjórn frá 1872 áttu amtsráðin að hafa á hendi stjórn ýmissa opinberra stofnana og sjóða, ásamt amtmanni og átti hann m.a. að semja reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins ár hvert.¹¹⁴ Eins og sést af dæminu hér fyrir ofan þá var búnaðarskólasjóðurinn einn þeirra sjóða sem amtmaður hafði umsjón með. Til hans var stofnað 1872 og átti hann að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði búnaðarskóla sem þá var fyrirhugað að reisa hér á landi næstu árin.¹¹⁵ Gjald í hann nam 1 ½ skilingi á hvert

¹¹⁴ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 412-413. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

¹¹⁵ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 256-257. (Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 12. febr. 1872).

jarðahundrað og áttu amtmenn að hafa umsjón með fé því sem fengist með þessu móti, hver fyrir sitt amt.¹¹⁶

Notkunarmöguleikar: Í sjóðbókunum er hægt að sjá greiðslur allra sjóða í vörslu amtmanns í tímaröð og upphæð þeirra. Þær nýtast því vel til hvers kyns rannsókna á útgjöldum og tekjum sjóðanna.

Höfuðbækur 1874 – 1904. Í höfuðbækurnar var fært yfirlit yfir tekjur og gjöld einstakra sjóða í vörslu amtsins, þ.e. nú eru greiðslur ekki í einfaldri tímaröð eins og í sjóðbókunum, heldur flokkaðar eftir því hvaða sjóði þær tilheyrðu. Sjóðirnir sem um ræðir og tímabil sem þeir ná yfir eru eftirfarandi:

Jafnaðarsjóður Norður- og austuramtsins 1874 – 1891
Jafnaðarsjóður Norðuramtsins 1892 – 1903
Jafnaðarsjóður Austuramtsins 1892 – 1903
Búnaðarsjóður Norður- og austuramtsins 1874 – 1891
Búnaðarsjóður Norðuramtsins 1892 – 1903
Búnaðarsjóður Austuramtsins 1892 – 1903
Búnaðarskólasjóðurinn 1875 – 1903
Gjafasjóður Guttorms Þorsteinssonar prófests (til fátækra í Vopnafjarðarhreppi) 1874 – 1903
Gjafasjóður Péturs Þorsteinssonar sýslumanns 1874 – 1903
Jóns Sigurðssonar legat 1875 – 1903
Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps 1875 – 1903
Gjafasjóður Örum og Wulffs 1881 – 1903
Jökulsárbrúarsjóðurinn 1874 – 1885
Fé veitt til fjallvegagjörða 1881 – 1885
Brúin yfir Skjálfafljót 1880 – 1885
Sæluhúsabygging við Jökulsá 1882 – 1884
Fé til þess að styrkja sýsluvegasjóði 1882 – 1884
Konungleg leyfisbréf 1881 – 1903
Úthlutun á því fé sem veitt er til eflingar búnaði (félögum) 1881 – 1885
Úthlutun á því fé sem veitt er til eflingar búnaði (einstökum mönnum) 1881 – 1884
Hallærispeningar 1882 – 1887
Kostnaður við fjárkláðann 1884
Gjafir í tilefni af snjóflóðinu 1885 – 1886
Prentsmiðjusjóðurinn 1886 – 1903
Gjafir út af gullbrúðkaupi konungshjóna 1892
Afmælissjóður Eyjafjarðarsýslu 1897 – 1903
Ýmislegt 1882 – 1902

Hver sjóður fékk eina eða fleiri opnur í hverri bók eftir áætluðu umfangi hans. Að öðru leyti eru höfuðbækurnar byggðar upp á sama hátt og sjóðbækurnar. Á vinstri síðu eru tekjur viðkomandi sjóðs færðar en gjöldin á þá hægri.

Árið 1830 ánafnaði Jón Sigurðsson á Böggvisstöðum fátækum í Eyjafjarðarsýslu fjórða part úr öllum eignum sínum eftir sinn dag. Sjóðurinn skyldi ævinlega nefnast „Jóns

¹¹⁶ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 284-285. (Auglýsing um heimtingu á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. febrúar 1872, 21. febr. 1872). – Sigurður Sigurðsson, *Búnaðarhagir. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Síðara bindi. Rvk 1937, s. 414.

Sigurðssonar Legat til þurfamanna innan Eyjafjarðarsýslu.¹¹⁷ Jón var vellauðugur maður og þegar hann lést í október 1846 átti hann 38 jarðir og jarðaparta.¹¹⁸ Aðeins fjórar jarðir lögðust til sjóðsins í upphafi, Hvammur, Kristnes, Merkigil og hluti Æsustaða, alls metnar á 131 hundrað að fornu mati.¹¹⁹ Jörðunum fjölgaði síðan eftir því sem ávöxtun hans óx en megnið af tekjum sjóðsins voru leigur og landskuldir jarðanna.

Dæmi 5.7-2. Höfuðbók 1884 – 1891. Legat Jóns Sigurðssonar 1887.
(ÞÍ, NAA, Höfuðbók 1884-1891).

[Vinstri síða]

		Jóns Sigurðssonar		
1887		Tekjur	Kr. a.	
jan	1	Í sjóði frá fyrra ári	827	95
	17	Hallgrímur Tomasson, leigur f. 11/6 '85 – 11/6 '87 (tekið upp í reikn. 1886) Umboðsmaður St. Stephensen vantalið í landskuldir 1886 og legatsjörðunum (tekið upp í reikninginn fyrir 1886)	17	29
jan	24	Einar Ásmundsson í Nesi borgar lán með rentum frá 20/6 '86 til 21/1 '87	307	15
apríl	16	Ekkja Sigfús Sigurðssonar í Selárbakka, leigur 11/6 '86 – 11/6 '87	10	
júní	1	E. Briem borgar skuld sína ásamt leigum frá 11/6 '86 – 11/6 '87	416	
	4	Síra Jakob Björnsson í Saurbæ, leigur 11/6 '86 – 11/6 '87	6	
		Ekkja Benidikts Jóhannessonar 11/6 '86 – 11/6 '87	17	72

¹¹⁷ Lovsamling for Island. 9. bindi 1826-1831, s. 801. (Gjafabréf Jóns Sigurðssonar, 8. júlí 1830).

¹¹⁸ Hjörtur E. Þórarinnsson, *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*. Fyrra bindi. Akureyri 1994, s. 173.

¹¹⁹ Hjörtur E. Þórarinnsson, *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*. Fyrra bindi, s. 179.

júní	7	Jón Guðmundsson í Sveinbjarnargerði, 11/6 '86 – 11/6 '87	8	
	9	Jónas Jonathansson í Hrauni, 11/6 '86 – 11/6 '87	2	
	11	Páll Pálsson í Brekku, 11/6 '86 – 11/6 '87	6	
	14	Fridrik Þorsteinsson í Glæsibæ, 27/8 '86 – 11/6 '87	6	35
		Hallgrímur Hallgrímsson, Rifkelsstöðum, 11/6 '86 – 11/6 '87	8	
		Skiptaráðandi í Eyjafjardarsýslu borgar skuldir Jóns Snorrasonar, með leigu frá 11/6 '85 – 11/6 '86 og frá 11/6 '86 – 11/6 '87, 100 kr., 300 kr., 600 kr.	1080	
	15	Ólafur Jónsson í Dunhaga, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	12	
	16	Óli Guðmundsson á Akureyri leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	16	
júlí	1	Sigurbjörn Jónsson, Espihóli, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	8	
	15	síra Jakob Benidiktsson á Víðimýri, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	24	
	23	Gunnlaugur Sigurðsson, Þormódsstöðum, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	28	
	25	Albert Finnbogason í Garði, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	8	
ágúst	20	Magnús Benidiktsson, leigur frá 11/6 '86 – 11/6 '87	17	60
		Sami, leigur frá 27/8 '86 – 11/6 '87	4	74

[Hægri síða]

Legat

1887		Gjöld	Kr.	a.
mai	7	Borgað Gránufjelagsverzlun fyrir korn handa Glæsibæjar-, Arnarnes- og Skriðuhreppum	153	
	10	Styrkur veittur Skriðuhreppi til síldarkaupa	10	
	26	Borgað Gránufjelagsverzlun fyrir korn handa Akureyri og Öngulstaðahrepp	96	
júní	1	E. E. Möller fyrir korn handa Hrafnagilshreppi og Saurbæjarhreppi	96	
	6	Sami D. D. Vallahreppi	48	
	11	Friðrik alþingismaður Stefánsson, lánað	150	
	16	Gránufjelagsverzlun fyrir korn handa Þóroddsstaðahreppi	128	
	17	Sama – do. do. handa Hvanneyrarhreppi	80	
	24	Stefán Stefánsson í Fagraskógi lánað	250	
oktbr.	6	Lánað Jóni Guðmundssyni í Sveinbjarnargerdi frá 11/9 '87	75	
	15	Borgað fyrir ¾ úr Nedri Vindheimum (20,84)	1650	
	26	Friðrik alþingismaður Stefánsson, lánað	50	
desb.	1	Eptirrit og úttekt í Heiðarhúsum		50
		Eptirgjöf í landskuld á Laugalandi, fyrir skemmdir, 13 ál. í 47 ½	6	17
oktb.	16	½ pct. gjald af kaupum á ¾ Vindheima 8 k.25, þinglýsing, 2 k.91	11	16
desbr.	16	Borgað fyrir ¼ úr Neðri – Vindheimum	550	
		Fasteignarsölugjald, ½ pct. af kaupum, þinglýsingargjald 1,58 og aflýsingagjald fyrir Bóndalánið 66 aur.	4	99
	19	Endurborgað umboðsmanni sem ofborgað uppí landskuldir og leigur	4	57
			3363	39

Athugasemdir: Líkt og í sjóðbókunum þá er greiðsludags getið fremst, þá örstutt um fyrir hvað greiðslan er og aftast upphæð hennar í krónum og aorum. Ársreikningar sjóðsins voru síðan birtir í *Stjórnartíðindum*, B-deild. Útgjöldum sjóðsins fyrir árið 1887 var einkum varið til kornkaupa handa bágstöddum og er það í samræmi við gjafabréf Jóns en þar segir að verja skuli fé sjóðsins „til að koma fátækustu eða nauðstöddustu hreppum eða sveitum sýslunnar til hjálpar með innkaupi matarvöru í stórum almennum harðindum.“¹²⁰

Orðskýringar/styttingar:

D./do: stytting fyrir ditto, þ.e. sama og að ofan.

¹²⁰ *Lovsamling for Island. 9. bindi 1826-1831, s. 802. (Gjafabréf Jóns Sigurðssonar, 8. júlí 1830).*

pct.: procent


Lagagrundvöllur: Amtmanni Norður- og austuramts, ásamt næsta héraðsprófasti, bar að hafa umsjón með Legati Jóns Sigurðssonar samkvæmt gjafabréfi hans.¹²¹ Þegar embætti amtmanns var lagt niður 1904 tók sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu við stjórn sjóðsins ásamt prófasti.¹²²

Notkunarmöguleikar: Í höfuðbókunum er hægt fá ítarlegt yfirlit yfir allar inn- og útborganir einstakra sjóða í vörslu amtsins. Hægt er að rannsaka sögu einstakra styrktarsjóða eins og t.d. Legast Jóns Sigurðssonar og áhrif þeirra á samfélagið.

Hjónaskilnaðarbók 1882 – 1897. Áður en hjónaskilnaður gat gengið í gegn þurftu hjón að reyna sáttatilraun hjá bæði kirkjunni og veraldlegum yfirvöldum. Í þessari hjónaskilnaðarbók eru tekin fyrir 16 hjónaskilnaðarmál, ýmist að borði og sæng eða til fullkomins lögskilnaðar.

Dæmi 5.7-3. Hjónaskilnaðarbók 1882 – 1897.

(ÞÍ, NAA, IV.6. Hjónaskilnaðarbók 1882-1897).



¹²¹ *Lovsamling for Island*. 9. bindi 1826-1831, s. 801-804. (Gjafabréf Jóns Sigurðssonar, 8. júlí 1830).

¹²² Hjörtur E. Þórarinnsson, *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*. Fyrra bindi, s. 179.

Ár 1882, 22. dag septbr. mættu fyrir hinum setta amtmanni Guðjón Ágúst Jónasson á Blómsturvöllum og kona hans Guðrún Þorsteinsdóttir, til heimilis á Sigríðarstöðum, sem óska eptir skilnaði til borðs og sængur. Framlögð voru vottorð prestanna síra Stefáns Árnasonar á Hálsi og síra Tómasar Hallgrímssonar í Stærra Árskógi, sem þjónar Lögmannshlíðarsókn, um forgefins reynda sáttatilraun. Amtmaður reyndi til að koma sætt á milli hjónanna, sem hafa slitið samvistum á árinu 1878, og fá gjört fjárskipti. Hjónin eiga 5 börn, af hverjum 2 eru hjá móðurinni á vegum mágs hennar Skúla bónda Kristjánssonar á Sigríðarstöðum, 2 hjá föðrunum og eitt hjá Þorsteini hreppstjóra Thorlaciusi í Ixnafelli, og gefur faðirinn með því að hálfu. Hjónin óska bæði eptir skilnaði til borðs og sængur. Börn hjónanna eru: Sigtryggur, 10 ára (hjá föðrunum) Svava (9 ára) (hjá Þorsteini Thorlaciusi), Þorsteinn 7 ára (hjá móðurinni), Skúli 7 ára (hjá móðurinni) og Bogi 4 ára, sem faðirinn hefir komið fyrir til fósturs. Hjónin játa ekki komið sjer saman um skilmálanna, þar sem Guðjón eigi kvaðst vera þess megnugur að bygja nokkuð með konu sinni og þeim börnum hans, sem hjá henni eru. Guðjón hefir fyrir hjer um bil hálfu öðru ári átt barn með stúlku, Helgu nokkurri Sigurðardóttur.

Var svo þessum sáttafundi slitið
Akureyri, 22. dag septbrm. 1882
Havsteen
settur

Athugasemdir: Formið í bókinni er nokkuð staðlað. Fyrst er getið um dagsetningu og nöfn hjóna og framlögð vottorð um sáttatilraun hjá presti. Getið er um fjölda barna og hvernig framfærslu þeirra skuli háttáð. Amtmaður átti að annast fjárskipti hjónanna og ef samkomulag náðist, er tilgreint hvernig þeim var háttáð.

Lagagrundvöllur: Konungsleyfi þurfti til hjónaskilnaðar og voru þrjú tilefni skilnaðar viðurkennd, hjúskaparbrot, brotthlaup og getuleysi.¹²³ Með beiðninni þurfti að fylgja vottorð frá presti um að sáttatilraun hefði verið reynd, sbr. tilskipun 18. október 1811.¹²⁴

Notkunarmöguleikar: T. d. til rannsókna á tíðni hjónaskilnaða og aðstæðum hjóna og barna við skilnað.

5.8. Amtsráð Norður- og Austuramts 1875 – 1891 og Norðuramts 1892 – 1907

Amtsráð voru stofnuð í hverju amti samkvæmt tilskipun um sveitastjórn 1872 og lögð niður í árslok 1907 (sjá s. 12). Ritun gerðabókar amtráðsins í Norður- og austuramti hófst 1875 og bréfadagbókar og bréfabókar tveimur árum síðar. Amtsráðið í Norður- og austuramti kom sér þannig upp eigin skjalasafni mun fyrr en amtsráðin í Vestur- og Suðurömtum sem hófu ekki að mynda eigin skjalasöfn að ráði fyrr en 1904 þegar ömtin voru lögð niður (sjá s. 50-51, 68). Þegar Norður- og austuramtinu var skipt í tvö ömt 1892 urðu amtsráðin jafnframt tvö (sjá s. 12). Skjalasafn Norðuramtsráðs tók við þar sem skjalasafn Norður- og austuramtsráðsins lauk í ársbyrjun 1892 þannig að haldið var áfram að nota sömu bækur og höfðu verið í notkun í

¹²³ *Lovsamling for Island*. 1. bindi 1096-1720, s. 119-122. (Ordinants, hvorledes udi Ægteskabssager paa Island dömmes skal (Hjónabands-articular Friðriks II.), 2. Juni 1587).

¹²⁴ *Lovsamling for Island*. 7. bindi 1806-1818, s. 400-402. (Forordning for Danmark og Norge, ang. Ægtefolks Adskillelse, 18. okt. 1811).

Norður- og austuramtsráðinu. Hér er því um sama skjalasafn að ræða en fyrir 1892 er rétt að kenna það við Norður- og austuramtið en eftir 1892 við Norðuramtið. Að öðru leyti er ekki unnt að aðgreina þessi tvö söfn. Austuramtið og austuramtsráðið tóku aftur á móti að mynda eigið skjalasafn (um það verður fjallað í kafla 5.9 hér á eftir). Eftirtekt vekur að í skjalasafni Norður- og austuramtsráðs/Norðuramtsráðs liggja nokkrar bækur sem tilheyra búnaðarskólanum á Hólum en amtsráðið fór þá með yfirumsjón skólans (sjá betur hér á eftir, s. 102-106). Varðveittar bréfadagbækur, bréfabækur og aðrar embættisbækur í skjalasafni amtsráðsins í Norður- og austuramti 1875 – 1891 og Norðuramti 1892 – 1907 eru eftirfarandi:

Bréfadagbók 1877 – 1881 (málaflokkar)
Amtsráðsdagbók I 1882 – 1907 (kansallíkerfi)
Bréfaskrá 1882 – 1891
Bréfaskrá 1892 – 1907
Bréfabók 1877 – 1883
Bréfabók 1883 – 1885
Bréfabók 1886 – 1887
Gerðabók 1875 – 1889
Gerðabók 1890 – 1907
Gerðabók Hólaskóla 1883 – 1892
Sjóðbók Hólaskóla 1899 – 1902
Vinnutöflur Hólaskóla 1901 – 1902
Bréfasafn 1877 – 1907: (60 öskjur)

Bréfadagbók 1877 – 1881. Fyrri bréfadagbók amtsráðsins frá 1877 – 1881 er byggð upp á sama hátt og bréfadagbækur amtsins frá sama tímabili, þ.e. flokkaskiptar en bréfin skráð í tímaröð innan flokks (sjá kafla 5.3, s. 76-82). Málefni amtsráðs eru auðkennd með bókstöfum AR (þ.e. amtsráð). Hver undirflokkur fyrir sig er svo auðkenndur með hlaupandi tölu frá einum og áfram. Föstu undirflokkarnir og tímabil sem þeir ná yfir eru eftirfarandi:

AR. Amtsráðsmálefni:

1. Útskriftir úr gjörðabókum sýslunefndanna 1877 – 1881
2. Reikningar yfir þjóðvegagjaldið 1876 – 1880
3. Reikningar yfir tekjur og gjöld sýslusjóðanna í amtinu 1876 – 1880
4. Skýrslur sýslumanna um hreppavegasjóði 1879 – 1880
5. Úthlutun á fé til jarðabóta 1880 – 1881
6. Amtsbókasafnið á Akureyri 1880 – 1881
7. Kvennaskólarnir í Norður- og austuramtinu 1880 – 1881
8. Prentsmiðjusjóður Norður- og austuramtsins 1880 – 1881

Öðrum málum sem ekki féllu undir föstu flokkanna var síðan gefið næsta lausa númer, þ.e. AR.9 og áfram. Innkomin bréf eru svo auðkennd með bréfadagbókarnúmeri sem er ávallt á forminu bókstafur, hlaupandi tala og ártal, t.d. AR.6a/1880. Ekki er til nein skrá eða registur yfir bókina og því eina ráðið að kynna sér efni bókarinnar vel til þess að fá yfirsýn yfir öll þau málefni sem á borð amtsráðisins komu.

Athugasemdir/notkunarmöguleikar: Bókin er byggð upp á sama hátt og bréfadagbók Norður- og austuramts 1877 – 1881 (sjá kafla 5.3, s. 76-82).

Amtsráðsdagbók I og bréfaskrár 1882 – 1907. Árið 1882 var kansallíkerfið tekið upp í amtsráðinu líkt og í amtinu sjálfu. Fimmtán málefni fengu föst númer sem þau héldu allt tímabilið 1882 – 1907. Þau er eftirfarandi:


Jafnaðarsjóðurinn
Búnaðarsjóðurinn
Búnaðarskólasjóðurinn
Jökulsárbrúarsjóðurinn
Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað
Gjafasjóður Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi
Gjafasjóður Péturs sýslumanns Þorsteinssonar
Prentsmiðjusjóðurinn
Sýslusjóðsreikningar
Sýsluvegasjóðsreikningar
Sýslunefndagjörðabækur
Vegaskýrslur og reikningar
Amtsbókasafnið á Akureyri
Kennsla daufdumbra
Afmælissjóður Eyjafjarðarsýslu

Öðrum málefnum sem ekki féllu undir föstu númerin var gefið næsta lausa númer þannig að málaflókkar dagbókarinnar eru mun fleiri en hér er upptalið. Venjulega tekur hvert mál til mjög afmarkaðs efnis líkt og í kansallí-dagbókum hinna amtanna og þegar hefur verið fjallað um. Því er nausynlegt að kynna sér dagbókina vel til þess að fá yfirsýn yfir öll málefni amtsráðsins á umræddu tímabili. Eftir stutta yfirferð má þó sjá að algengustu málefnin eru vegamál, málefni kvenna- og búnaðarskólanna, yfirsetukvennamál, útsvarsmál og þá einkum kærur, ýmis búnaðarmálefni, afréttarmál og hallærisfél. Aftast í dagbókinni er registur yfir innkomin bréf þar sem bréfin eru flokkuð eftir sendendum í stafrófsröð. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer. Bréfaskrár þar sem útsend bréf eru flokkuð eftir viðtakendum í stafrófsröð fylgja dagbókinni. Þar kemur efni bréfanna stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer líkt og í registrinu yfir innkomnu bréfin.

Athugasemdir/notkunarmöguleikar: Amtráðsdagbók I er byggð upp á sama hátt og aðrar dagbækur þar sem notast er við kansallíkerfið (sjá dæmi 3.1-3, s. 23-25 og 3.1-5, s. 27-28).

Bréfabækur 1877 – 1887 – bréf varðandi sýsluveg í Eyjafirði 1883. Byrjað var að halda sérstakar bréfabækur fyrir amtsráðið í Norður- og austuramti árið 1877. Ritun þeirra lagðist síðan af 1887, stuttu eftir að því hafði verið hætt í amtinu sjálfu. Bækurnar eru byggðar upp á sama hátt og bréfabækur amtsins, bréfin eru afrituð í tímaröð og vísað í dagbókarnúmer. Þar má sjá að í ágústlok 1883 skoraði amtsráðið á sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu að gera viðeigandi ráðstafanir vegna sýsluvegarins yfir Eyjafjarðará.

**Dæmi 5.8-1. Bréfabók 1883 – 1885. Bréf amtsráðs til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu
28. ágúst 1883 varðandi sýsluveg yfir Eyjafjarðará.
(ÞÍ, NAAR, Bréfabók amtsráðs Norður- og austuramts 1883-1885).**



	28. ágúst	
193	<p>Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu</p> <p>Samkvæmt beiðni hjeradslæknis Þ. Johnsens, sem hefir tjáð amtinu, að ekkert annað væri enn gjört til þess, að leggja sýsluvegin um vesturbakka Eystri Steinagerðishólma, en að trjebú hafi verið lögð yfir einn skurð, skal jeg, með skírskotun til bjefs amtsráðsins 7. júní þ.á., enn skora á yður, herra sýslumaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem lög leyfa til þess að vegurinn verði lagður svo, að ferðamenn skemmi eigi hólmann með umferð sinni, en í þessu tilliti virðist það nauðsynlegt, að hlaðið verði fyrir gamla veginn um austurbakka hólmanns, og brýr lagðar yfir skurði þá, sem ganga úr ánni inn í hólmann að vestanverðu, og þar sem læknirinn enn fremur hefur farið þess á leit, að grafinn verði skurður meðfram veginum austanverðum, þá getur að vísu verið efi á því, hvort hann geti krafizt þessa, en á hinn bóginn synist sanngirni að mæla með því, að þessi beiðni hans sje tekin til greina, enda mun það eigi vera samfara miklum kostnaði að grafa hinn umrædda skurð meðfram veginum.</p>	35

Athugasemdir: Númer í fremsta dálki, 193 er bréfanúmer viðkomandi bréfs, hlaupandi tala innan árs. Í aftasta dálki er vísað í dagbókarnúmer, þ.e. 35, og í dagbókinni má sjá að sá mála-flokkur heitir *Þjóðvegurinn yfir Eyjafjarðará*.

Orðskýringar/styttingar: Þ. Johnsen: Þorgrímur Johnsen héraðslæknir í Eyjafirði 1874 – 1896. Hann bjó á Akureyri.¹²⁵

Lagagrundvöllur: Sýslunefndir höfðu umsjón með vegaf framkvæmdum á sýsluvegum innan sinna sýslna en amtmaður og amtsráðs höfðu yfirumsjón með mála flokknum, sbr. tilskipun um vegina á Íslandi, 15. mars 1861, tilskipun um sveitastjórn 4. maí 1872 og lög um vegina á Íslandi 15. október 1875.¹²⁶

Notkunarmöguleikar: Bréf þetta má t.d. nota til rannsókna á vegaf framkvæmdum og áhrifum þeirra á samgöngur innan viðkomandi héraðs. Einnig um samskipti sýslumanna/sýslunefnda við amtmann og amtsráð vegna mála flokksins.

Gerðabækur 1875 – 1907. Amtsráðunum var skylt að halda a.m.k einn fund á ári og voru fundargerðirnar ritaðar í sérstakar gerðabækur.¹²⁷ Fundargerðirnar Norður- og austuramtsráðs og Norðuramtsráðs voru síðan birtar í *Stjórnartíðindum*, B-deild, viðkomandi ár líkt og hinna amtsráðanna og verður því ekki fjallað nánar um þær hér.

Gjörðabók yfirstjórnar búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1883 – 1892. Hér er að finna fjölbreytt skrif varðandi stofnun og rekstur búnaðarskólans á Hólum á umræddu tímabili en hann var stofnaður 1882 af Skagfirðingum. Húnavetningar komu svo að rekstri hans árið eftir en Eyfirðingar og Þingeyingar gengu fyrst í skólasambandið 1889.¹²⁸ Gjörðabókin byrjar á fulltrúafundi Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna, þann 26. apríl 1883, þar sem rætt var um stofnun og rekstur skólans. Daginn eftir er ritað frumvarp til reglugjörðar fyrir skólann og gerður samningur við Jósef Björnsson búfræðing um forstöðu skólans. Yfirstjórn skólans hélt fundi reglulega og eru fundargerðir hennar ritaðar í bókina, sömuleiðis fundargerðir fulltrúafunda sýslnanna. Þá er hér að finna árlega reikninga yfir tekjur og gjöld skólans, ásamt skráum yfir innstæður skólabúsins ár hvert, virðingagerðir, úttektir og fleira. Einnig hafa útfarin bréf yfirstjórnar skólans verið afrituð í bókina, ásamt nokkrum innkomnum bréfum til stjórnarinnar.


¹²⁵ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*. Rvk 1945, s. 304-305.

¹²⁶ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* I. 1854-1863, Khöfn 1864, s. 424-433. (Tilskipun um vegina á Íslandi, 15. mars 1861). – *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 407, 412. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872). – *Stjórnartíðindi* 1875 A, s. 90-92. (Lög um vegina á Íslandi, 15. okt. 1875).

¹²⁷ Sbr. *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 410. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

¹²⁸ Sigurður Sigurðsson, *Búnaðarhagir. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Síðara bindi, s. 418-419.

Dæmi 5.8-2. Gjörðabók yfirstjórnar búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal – aðalfundur skólastjórnarinnar 10. júní 1887.
(ÞÍ, NAAR, VI.E. Hólaskóli. Gerðabók 1883-1892).



**Aðalfundur
skólastjórnarinnar 10. júní 1887**

Ár 1887 hinn 10. og 11. júní mán. hjelt yfirstjórn búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal aðalfund sinn, heima á skólasetrinu Hólum.

Á fundinum mætti öll yfirstjórn skólans: dbrm. Erlendur Pálmason í Tungunesi og sýslunefndarmennirnir: Magnús Jónsson á Fjalli og Pjetur Pjetursson á Gunnsteinstöðum. Einnig voru þar viðstaddir forstöðumenn skólans: kennari Jósef J. Björnsson og bústj. Jón Hannesson.

Samkvæmt dagskrá, er formaður stjórnarinnar lagði fyrir fundinn voru fylgjandi mál tekin fyrir:

1. Fór fram nákvæm úttekt og virðingargjörð á öllum eigum búans dauðum og lifandi, svo hljóðandi:

- | | |
|------------------------------------|--------------------------|
| 1. Allir dauðir munir búans | kr. 2.792,64 = 2.792,64 |
| 2. Lifandi peningur: | |
| a. ær 105 hver á kr. 14,00 = | kr. 1.470,00 |
| b. sauðir 25 – kr. 14,00 = | kr. 350,00 |
| c. geml. 85 – kr. 9,00 = | kr. 775,00 |
| d. hrútar 3 – kr. 14,00 = | kr. 42,00 kr. = 2.637 |
| Nautpeningur | |
| e. kýr 9 hver á kr. 100 | kr. 900,00 |
| f. kvígur 3 með kálfum hv. á kr.75 | kr. 225,00 |
| g. naut 1 á kr. 90,00 | kr. 90,00 |
| h. vetrungur 1 á kr. 30,00 | kr. 30,00 kr. = 1.245,00 |

Hross

i. hestar 7 hv. á kr. 60	kr. 420,00
k. hryssa 1 – á kr. 40	kr. 40,00 kr. = 460,00
3. Heyfyrningar (milli 50 og 60 hesta)	kr. 107,40 kr. = 107,40
	Alls kr. = 7.242,04

Yfirstjórnin skoðaði meiri hluta lifandi penings á skólabúinu og var nautpeningur í góðu lagi, sömuleiðis gemlingar. Aptur á móti virtist sem ær og sauðir hefði misgengist og mjög var sumt grannt, en sumt í bjarglegu standi, enda mun í seinasta áfelli sem gjörði frá 16.–18. f.m. hafa fallið nokkuð af þessum sortum sjerilagi ám, þó nægur heyforði væri fyrir hendi, og heyleyfar enn, auk þess, sem fargað hefir verið, er var um 6.000 pund. Af dauðum munum hafði fátt misfarist, eða skemmst, nema 3 olíulampar, sem brotnuðu af slisum, og sem ákveðið var, að borguðust búinu, af þeim, sem brotið höfðu. Haustið 1886 var sett á sauðfje alls 267, en eptir skýrslu frá skólastjóra, höfðu yfir veturinn til 22. apríl, farist úr bráðapest og öðru alls 29 kindur: ær 10, sauðir 12, lömb 7. Frá þeim tíma til þessa dags, hefir eptir því sem næst verður komist fallið alls 16 fjár fullorðið og 22 unglömb. 6 kindurnar fenntu, 9 ær fóru úr megurð og 1 úr bráðapest og verður síðar af yfirstjórninni og hlutaðeigendum nákvæmar ákveðið um skil af hendi skólastjóra, eptir þeim skýrslum, sem þegar eru fengnar og síðan kunna að fást um ástand sauðfjárins.

2. Til endurskoðunar búreikninganna voru kosnir Pjetur Pjetursson á Gunnsteinstöðum og Magnús Jónsson á Fjalli og skal skólastjóri hafa afgreitt reikningana til endurskoðunarmanna 20. þ.m. Stjórnin sá og að óhjákvæmilegt væri, að halda aukafund hið fyrsta að endurskoðuninni væri lokið, og skyldi fundur sá haldinn fyrir miðjan júlí m. n.k.

3. Ákvað fundurinn húsmennsku Tómasar Ísleikssonar í Nyjabæ, sem sje fyrir húsalán, eldivið og 1 hests hagagöngu, að vera kr. 28,00 fyrir árið.

...

10. Kom fram skýrsla frá skólastjóra um að 1 ær, 1 geml. og 1 sauður, hefðu farið ofaní fyrir vangæzlu vinnumannna, er eigi höfðu annars verks að gæta, en fjárgeymslunnar og ákvað fundurinn að þeir skyldu bera ábyrgð af vangæzlu sinni og að Jóh. Jóhannssyni bæri að borga ána, sem fórst fyrir vangæzlu hans, annað hvort með fullgildri á eða 14 kr., samt að Magnús Sölvason borgi sauð þann og gemling, sem fórst fyrir vangæzlu hans með 23 kr. og skoraði fundurinn á Jósef, að ná þessu hjá þeim.

11. Fundurinn fól Jóni bústjóra Hannessyni umsjón Kolbeinsdalsafrettar næsta ár.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

Hólum 11. júní 1887

E. Pallmason P. Pjetursson M. Jónsson

J. Björnsson J. Hannesson

Athugasemdir: Skólastjórnin var kosin af sýslunefndunum og hafði hún yfirstjórn skólans á hendi. Stjórnin þurfti þó ávallt að leita samþykkis amtsráðanna á ráðstöfunum sínum. Skólastjórnin starfaði til 1899 en þá tók amtsráðið að sér yfirstjórnina.¹²⁹ Fleiri heimildir varðandi skólann og rekstur hans er að finna í skjalasafni amtsráðs, sjá amtsráðsdagbók I, málaflokkur nr. 8: Búnaðarskólinn á Hólum.

Orðskýringar/styttingar: dbrm.: dannebrogmaður

Bráðapest/bráðafár: bráður sjúkdómur í sauðfé sem einkennist af blæðingu og bólgu í meltingarfærum

Lagagrundvöllur: Amtsráðunum var falin umsjón með stofnun og rekstri búnaðarskóla í sínu amti þegar þau voru stofnuð samkvæmt tilskipun um sveitastjórn 1872.¹³⁰ Reglugerð fyrir

¹²⁹ Sigurður Sigurðsson, *Búnaðarhagir. Búnaðarfélag Íslands aldarminning*. Síðara bindi, s. 419.

¹³⁰ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III*. 1870-1875, s. 412.

búnaðarskólann á Hólum var fyrst gefin út 1. september 1890 eftir að allar sýslur á Norðurlandi höfðu fallist á að koma að rekstri hans.¹³¹

Notkunarmöguleikar: Fundargerðabókin er tilvalin til rannsókna á sögu skólans, einkum varðandi stjórn hans og rekstur. Hér er hægt að fá greinagott yfirlit yfir búfé og aðrar eignir skólans á tímabilinu 1883 – 1892.

Sjóðbók búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1899 – 1902. Í sjóðbókina voru færðar daglegar greiðslur skólans, þ.e. tekjur og gjöld. Færslur í bókinni eru í tímaröð, skipt þannig að á vinstri síðu hvernar opnu voru færðar inn tekjur og gjöldin á þá hægri. Dagsetning hvernar færslu er tilgreind og hver greiðir eða hverjum greitt, ásamt upphæð, en ekki er alltaf gott að sjá fyrir hvað viðkomandi greiðsla er. Fyrsta færslan er dagsett 14. maí 1899 og sú síðasta 13. maí 1902 þannig að hér er um tiltölulega stutt tímabil að ræða. Bókina er hægt að nota til rannsókna á tekjum og útgjöldum skólans á umræddu tímabili.

Vinnutöflur skólabúsins á Hólum 1901 – 1902. Þetta er lítil skrá yfir vinnustundir manna og hesta á skólabúinu frá 14. maí 1901 til 14. maí 1902. Hægt er að sjá hvaða verk hver og einn starfsmaður vann, dagsetningu og hve löngum tíma var varið til viðkomandi verks. Skráin gefur einstaka innsýn í dagleg störf á skólabúinu í upphafi 20. aldar.

Dæmi 5.8-3. Vinnutafla skólabúsins á Hólum í Hjaltadal síðari hluta maímánaðar 1901. (ÞÍ, NAAR, VI.E. Hólaskóli. Vinnutöflur 1901-1902).

Yfirlit
Vinnutafla
yfir síðari hluta maímánaðar 1901
Fjörkis dagar Mt.

Nöfn	14.	15.	16.	17.	18.	19.	20.	21.	22.	23.	24.	25.	26.	27.	28.	29.	30.	31.	Samt. kl. sk. Dagur
	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	kl.sk.	
Arni Þosquinnsson	"	k	(k)	k	k	(k)	k	k	k	k	k	k	(k)	(k)	k	k	k	k	14
Johannes Hausson	3 h.	5 h.	"	11 b.	5 h.	"	11 b.	11 b.	11 b.	11 b.	11 e.	11 h.	"	"	11 h.	11 h.	11 e.	11 h.	154 =14 h.
Jóhann Lofþorsson	11 b.	11 b.	"	11 b.	11 b.	"	11 b.	11 b.	11 b.	11 b.	11 e.	11 e.	"	"	11 b.	11 h.	11 h.	11 e.	154 =14
Jón Kristjánsson	3 h.	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	198
Sigurður Þorsteinsson	8 h.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	(11 f.)	(11 f.)	11 f.	11 f.	11 f.	11 f.	178
Samundur Lofþorsson	6 b.	11 b.	"	11 f.	5 h.	"	11 b.	11 b.	11 b.	11 b.	11 e.	11 e.	"	"	11 b.	11 b.	11 b.	11 b.	154 =14
Jóhann Þ. Þorsteinsson	6 b.	11 b.	"	11 f.	6 b.	"	6 b.	11 b.	11 b.	11 b.	11 b.	11 e.	"	"	11 b.	11 h.	11 h.	11 e.	154
Jóhann Þ. Þorsteinsson	bú	bú	"	bú	bú	"	bú	bú	h.	bú	bú	bú	"	"	bú	bú	bú	bú	14
Guðm. Guðmandes.	12 b.	bú	"	f.	h.	"	h.	h.	h.	h.	h.	h.	"	"	11 h.	h.	e.	e.	18½
Anna Kristjánssd.	þj	þj	(þj)	þj	þj	(þj)	þj	þj	þj	þj	þj	þj	(þj)	(þj)	þj	þj	þj	þj	18
Kristvina Kristjánssd.	þj	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"	"
Hildur Þorsteinssd.	bú	bú	"	bú	bú	"	"	bú	bú	bú	bú	bú	"	"	bú	bú	bú	bú	13

¹³¹ Stjórnartíðindi 1890 B, s. 157-163. (Reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum, 1. sept. 1890).

Vinnutafla yfir síðari hluta maímánaðar 1901

Virkir dagar 14

Nöfn	14	15	16	17	18	19	20	21	...
	kl.st	kl.st	kl.st	kl.st	kl.st	kl.st	kl.st	kl.st.	
Árni Þorgrímsson	"	k	(k)	k	k	(k)	k	k	
Jóhannes Hansson	3h/8bú	5h/6bú	"	11 bú	5h/6bú	"	11 bú	11 tv	
Jónas Stefánsson	11 bú	11 bú	"	11 bú	11 bú	"	11 t	11 tv	
Jón Kristvinsson	3 h/8 f	11 f	11 f	11 f	11 f	11 f	11 f	11 f	
Sigurður Þórðarson	5x/6bú	11 bú	"	11 f	11 bú	"	11 bú	11 tv	
Sæmundur Sigfúss.	5k/6bú	11 bú	"	11 f	5k/6bú	"	5bú/6f	11 tv	
Jósef J. Björnsson	bú	bú	"	bú	bú	"	bú	"	
Guðm. Guðmunds.	½ bú	bú	"	f	x	"	tv	tv	
Anna Kristjánsd.	þj	þj	(þj)	þj	þj	(þj)	þj	þj	
Kristvina Kristinsd.	þj	"	"	"	"	"	"	"	
Hildur Björnsd.	bú	bú	"	bú	bú	"	"	bú	
Helga Jónatansd.	bú	bú	"	bú	bú	"	bú	bú	
Sigríður Jósefsd.	þj	þj	(þj)	þj	þj	(þj)	"	þj	

Athugasemdir: Árni Þorgrímsson sem hér er efstur á lista hefur eingöngu unnið við hirðingu nautgripa þá daga sem hér eru taldir. Jóhannes Hansson hefur aftur á móti unnið við bæði hirðingu hesta og önnur tilfallandi störf. Sjá má að venjulegur vinnudagur er að jafnaði 11 klukkustundir. Sé fjöldi vinnustunda ekki tekin fram má gera ráð fyrir að viðkomandi hafi unnið fullan vinnudag við viðkomandi verk. Ekki er vitað hvað verk innan sviga á að tákna. Sambærilegar töflur yfir vinnu hesta eru einnig í skránni, þar sem nafn hests er tilgreint og við hvað verk hann var notaður s.s. flutning fólks, matvæla eða eldiviðs, heyskapar eða garðyrkju.

Orðskýringar/styttingar: 14, 15, 16 ... í efstu línu = mánaðardagur.

kl.st.: klukkustund.

Skammstafanir sem notaðar er í töflunum koma fram á fyrstu síðu skráarinnar, þær eru eftirfarandi:

bú = bústjórn, ýmisleg störf og snúningar
 f = sauðfjárhirðing
 h = hirðing hesta
 k = hirðing nautgripa
 t = túnvinna
 tv = tóptavinna og heypakning
 x = flutningur hjúa og kaupafólk, er ekki borgast
 þj = þjónusta og hirðing hússins

Lagagrundvöllur: Amsráðið í Norðuramti fór með yfirstjórn búnaðarskólans á Hólum samkvæmt 2. grein reglugerðar skólans frá 1899.¹³²

Notkunarmöguleikar: Skrá þessi er einstaklega áhugaverð til rannsókna sögu skólans, einkum varðandi rekstur hans og dagleg störf.

¹³² *Stjórnartíðindi* 1899 B, s. 82. (Reglugjörð fyrir búnaðarskóla Norðuramtsins á Hólum, 28. maí 1899).

5.9. Austuramt og austuramtsráð 1892 – 1907

Stofnun sérstaks Austuramts leiddi til þess að frá ársbyrjun 1892 voru sérmál amtsins færð í bækur út af fyrir sig, hvort sem þau snertu amtið sjálft eða amtsráðið. Við skiptinguna 1892 urðu amtsráðin tvö en sami amtmaður var samt sem áður áfram yfir báðum ömtum. Það leiddi til þess að margir málaflokkar sem snertu bæði ömtin voru áfram hafðir með Norðuramts-skjölunum án aðgreiningar.¹³³ Því er nauðsynlegt að kynna sér dagbækur amtanna og amtsráðanna vel sé tiltekinna gagna leitað til að sjá hvar viðkomandi bréf hafa hafnað innan bréfasafnsins. Varðveittar bréfadagbækur, bréfaskrár og aðrar embættisbækur í skjalasafni Austuramts og austuramtsráðs eru eftirfarandi:

Dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892 – 1907 (kansallíkerfi)
Bréfaskrá 1892 – 1907
Gerðabók 1892 – 1907
Sjóðbók 1904 – 1907
Höfuðbók 1904 – 1907
Bréfasafn 1892 – 1907: (16 öskjur)

Dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892 – 1907. Í dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892 – 1907 voru færð inn öll bréf til amtmanns, hvort sem þau snertu amtið sjálft eða amtsráðið. Innkomin bréf eru flokkuð eftir málefnum og kansallíkerfið notað. Sautján málefni fengu föst númer:

Jafnaðarsjóðurinn
Búnaðarsjóðurinn
Búnaðarskólasjóðurinn
Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar
Gjafasjóður Péturs sýslumanns Þorsteinssonar
Sýslusjóðsreikningar
Sýsluvegasjóðsreikningar
Sýslunefndafundagjörðir
Vegagjörðir á aðalpóstleiðum
Skýrslur um alþýðustyrktarsjóði
Eiðaskóli
Yfirsetukonur
Yfirsetukvennaumdæmi
Sýsluvegasjóðsgjald til aðalpóstvega
Löggiltar reglugjörðir
Bókasafn Austuramtsins
Skipanir bólusetjara

Öðrum málum sem ekki féllu undir föstu númerin var gefið næsta lausa númer þannig að málaflokkarnir eru mun fleiri en hér er talið upp. Því er nauðsynlegt að kynna sér dagbókina vel til þess að fá yfirsýn yfir öll málefni Austuramts á umræddu tímabili. Helstu málin eru þó mikið til þau sömu og í dagbók amtsráðsins í Norður- og austuramti/Norðuramti 1882 – 1907,

¹³³ Þf. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands, EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Norður- og austuramt.

þ.e. vegamál, skólamál, útsvarskærur, búnaðarmálefni og styrkveitingar til sjúkraskýla/húsa innan amtsins.

Aftast í dagbókinni er registur yfir innkomin bréf, þar sem bréfin eru flokkuð eftir sendendum í stafrófsröð. Dagbókinni fylgir einnig bréfaskrá yfir útsend bréf, skráð eftir viðtakendum í stafrófsröð. Þar kemur efni bréfanna stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer líkt og í registrinu yfir innkomnu bréfin.

Athugasemdir/notkunarmöguleikar: Dagbókin er sams konar og aðrar dagbækur þar sem notast er við kansallíkerfið (um það sjá dæmi 3.1-3, s. 23-25 og 3.1-5, s. 27-28).

Gerðabók 1892 – 1907. Við skiptinguna 1892 hóf amtsráð Austuramts að halda sína eigin fundargerðarbók um sérmál amtsins. Fundargerðirnar eru birtar í *Stjórnartíðindum*, B-deild, viðkomandi ár eins og fundargerðir hinna amtsráðanna.

Sjóðbók og höfuðbók 1904 – 1907. Jafnaðarsjóður og búnaðarsjóður Norður- og austuramst voru aðskildir í árslok 1891 þegar amtinu var skipt. Sjóð- og höfuðbækur amtanna voru samt sem áður sameiginlegar allt til ársins 1904 eða þar til ömtin voru lögð niður. Þá hóf amtsráð Austuramts að halda sínar eigin sjóð- og höfuðbækur. Í sjóðbókina voru tekjur og gjöld þriggja sjóða sem tilheyrðu Austuramtinu sérstaklega færð inn í tímaröð en í höfuðbókina yfirlit yfir tekjur og gjöld hvers sjóðs fyrir sig. Sjóðirnir þrír eru: Jafnaðarsjóður, búnaðarsjóður og búnaðarskólasjóður. Sjóð- og höfuðbækur amtsráðsins í Austuramti eru alveg sambærilegar eldri sjóð- og höfuðbókum Norður- og austuramts nema nú er hverri opnu ekki skipt í tekjuhlið og gjaldahlið heldur hafa tekjur og gjöld sitt hvorn dálkinn á sömu síðu (um sjóð- og höfuðbækur Norður- og austuramts, sjá dæmi 5.7-1 og 5.7-2 s. 92-97).

Dæmi um skjal í bréfasafni – umsókn um styrk til sjúkrahúsins á Seyðisfirði 1905. Á síðustu áratugum 19. aldar voru nokkur sjúkrahús reist hér á landi og yfirleitt voru það einkaaðilar sem stóðu að því. Á aðalfundi amtsráðs Austuramts í júlí 1898 var samþykkt að veita 300 króna styrk úr jafnaðarsjóði til spítalans á Seyðisfirði sem þá var verið að byggja.¹³⁴ Starfsemi hófst í húsinu tveimur árum síðar og voru í fyrstu rúm fyrir tíu sjúklinga.¹³⁵ Spítalinn var í umsjón sérstakrar sjúkrahúsnefndar á vegum bæjarins sem sótti reglulega um frekari styrki næstu árin.

Dæmi 5.9-1. Umsókn um styrk úr jafnaðarsjóði til sjúkrahúsins á Seyðisfirði 1905. (ÞÍ, AAR, Dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892-1907, nr. 34).

¹³⁴ *Stjórnartíðindi* 1898 B, s. 181. (Skýrsla um aðalfund amtsráðs Austuramtsins 11. – 14. júlí 1898).

¹³⁵ Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga*. Rvk 2005, s. 114.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði
7. júní 1905.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar leyfi
jég mjer hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit, að
amtsráði Austuramtsins mætti þóknast að veita eins og
að undanförmu 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sjúkrahússins
hjer í bænum fyrir árið 1906.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að sjúkrahúsið
þarfnast bráðra aðgjörða í allstórum stíl, sem því
mundi vera um megn ef það eigi nyti þessa styrks.

Eftirrit af síðasta ársreikningi sjúkrahússins
fylgir hjer með.

Jóh. Jóhannesson

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði
7. júní 1905

Fyrir hönd bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit, að amtsráði Austuramtsins mætti þóknast að veita eins og að undanförmu 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sjúkrahússins hjer í bænum fyrir árið 1906.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að sjúkrahúsið þarfnast bráðra aðgjörða í allstórum stíl, sem því mundi vera um megn ef það eigi nyti þessa styrks.

Eftirrit af síðasta ársreikningi sjúkrahússins fylgir hjer með.

Jóh. Jóhannesson

Reikningur

yfir

tekjur og gjöld sjúkrahússins á Seyðisfirði árið 1904.

Tekjur:

1 ^o Eftirstöðvar samkvæmt síðasta reikningi	Kr. 352.82
2 ^o Tekjur af sjúklingum á árinu:	
a. 1. Fátispeningar	Kr. 1150.20
2. Fyrir vottundur	— 61.00 = Kr. 1211.20
b. 1. Spítalagjald	Kr. 624.20
2. Fyrir búið sjúklinga	— 3.75 = — 627.95 = — 1839.15
3 ^o Tekjur af almennum böðum	— 71.00
4 ^o Styrkur úr landsjóði og jafnaðarsjóði: 400 + 200	— 600.00
5 ^o Ýmislegar tekjur	— 10.00
6 ^o Andvirði meðala o. fl.	— 337.61

Samtals Kr. 3210.58

Gjöld:

1 ^o Laun forstöðukonu	Kr. 200.00
2 ^o Til forstöðukonu fyrir fæði sjúklinga og vökunætur -	1211.20
3 ^o Til sömu: 20% af tekjum af böðum (tekjul. nr. 3) -	14.20
4 ^o Laun gjaldkera	- 100.00
5 ^o Brunabótagjald og skattar	- 142.15
6 ^o Kol, brenni og olía	- 478.00
7 ^o Aðgjörðir og viðhald	- 23.65
8 ^o Ýmisleg gjöld	- 95.71
9 ^o Útlagt fyrir meðöl handa sjúklingum (tekjul. nr. 6) -	337.61
10 ^o Tekjuafgangur	- 608.06
	Samtals Kr: 3210.58

Seyðisfirði 23. janúar 1905
Á. Jóhannsson

Reikningur yfir tekjur og gjöld sjúkrahússins á Seyðisfirði árið 1904

Tekjur

1. Eptirstöðvar samkvæmt síðasta reikningi	kr. 352,82
2. Tekjur af sjúklingum á árinu:	
a. 1. Fæðispeningar	kr. 1.150,20
2. Fyrir vökunætur	- 61,00 = kr. 1.211,20
b. 1. Spítalagjald	kr. 624,20
2. Fyrir böð sjúklinga	- 3,75 = - 627,95 = - 1.839,15
3. Tekjur af almennum böðum	- 71,00
4. Styrkur úr landssjóði og jafnaðarsjóði 400 + 200	- 600,00
5. Ýmislegar tekjur	- 10,00
6. Andvirði meðala o.fl.	- 337,61
	Samtals kr. 3.210,58

Gjöld

1. Laun forstöðukonu	kr. 200,00
2. Til forstöðukonu fyrir fæði sjúklinga og vökunætur	- 1.211,20
3. Til sömu: 20% af tekjum af böðum (tekjul. nr. 3).	- 14,20
4. Laun gjaldkera	- 100,00
5. Brunabóttagjald og skattar	- 142,15
6. Kol, brenni og olía	- 478,00
7. Aðgjörðir og viðhald	- 23,65
8. Ýmisleg gjöld	- 95,71
9. Útlagt fyrir meðöl handa sjúklingum (tekjul. nr. 6).	- 337,61
10. Tekjuafgangur	- 608,06
	Samtals kr. 3.210,58

Seyðisfirði 23. janúar 1905
Á. Jóhannsson

Athugasemdir: Á þessum tíma var rekstur spítala hér á landi að mestu í höndum sveitastjórna og eins og sjá má á reikningnum hér hefur sjúkrahúsið á Seyðisfirði fengið 400 króna styrk úr landssjóði þetta tiltekna ár og 200 krónur úr jafnaðarsjóði. Meiri hluti tekna þess voru þó ýmis þjónustugjöld sem sjúklingar greiddu, m.a. fyrir fæði og böð. Árlega styrki til sjúkrahúsins úr landssjóði og jafnaðarsjóði má sjá á fjárlögum hverju sinni og í amtsráðsfundaskýrslum í *Stjórnartíðindum*.

Lagagrundvöllur: Lagaheimild eða ályktun amtsráðs þurfti fyrir útgjöldum jafnaðarsjóðs, sbr. tilskipun um sveitastjórn 1872, 54. grein.¹³⁶

Notkunarmöguleikar: Til rannsókna á sögu spítalans og rekstrargrundvelli hans en saga spítalanna sem reistir voru hér á landi um aldamótin 1900 hefur lítið verið rannsökuð.

¹³⁶ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 413. (Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872).

6. SAMANTEKT

Hér hefur verið reynt að varpa ljósi á skjalasöfn amtmanna og amtsráða frá 1770, þegar landinu var skipt í tvö ömt, og til 1907 þegar amtsráðin voru lögð niður. Segja má að þetta sé tilraun til þess að gera söfnin aðgengilegri og skiljanlegri fyrir nútíma notendur. Amtmenn voru eins konar tengiliður á milli landsmanna og stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Þeir voru æðstu embættismenn heima í héraði og yfirmenn annarra embættismanna þar, s.s. sýslumanna en undirmenn konungs og ráðuneyta hans. Þeim bar að framfylgja skipunum konungs hér á landi en jafnframt að koma óskum og þörfum landsmanna á framfæri við konung. Frá umræddu tímabili, 1770 – 1907, hafa varðveist heilmiklar heimildir, bæði skjöl sem amtmönnum bárust og gögn sem til urðu á skrifstofum þeirra. Skjöl þessi eru nú varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Um er að ræða bréfadagbækur, bréfabækur og ýmsar bréfaskrár og registur, auk bréfasafnanna sem eru viðamesti hluti skjalasafnanna og hafa að geyma mikinn fjölda bréfa og margs konar skýrslur.

Óhætt er að segja að skjalasöfn Vestur- og Suðuramta hafi varðveist vel í það heila. Allar bréfadagbækur og bréfabækur Vesturamts hafa varðveist og veita þær greinargott yfirlit yfir þau skjöl sem er að finna í bréfasafninu. Við frágang safnsins, laust eftir miðja síðustu öld, var skjölum úr Vesturamtinu frá tímabilinu 1795 – 1803 sem var upphaflega raðað eftir sendendum í venjulegri virðingarröð þess tíma, raðað upp á nýtt í tímaröð. Innri röð skjalanna hefur því ekki verið virt fullkomlega eins og upprunareglan kveður á um. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að söfnin séu að mestu í upphaflegri mynd. Skjalasafn Suðuramts var sameiginlegt með skjalasafni stiftamtmanns allt til ársins 1873. Hér var því ekki gerð grein fyrir skjalasafni þess nema fyrir tímabilið 1873 – 1907. Árið 1874 varð stórbruni á amtmannssetrinu á Möðruvöllum þar sem mest allt skjalasafn Norður- og austuramtsins brann. Lítið hefur því varðveist af skjölum amtsins fyrir þann tíma og er þetta eitthvert mesta tjón sem orðið hefur á íslensku skjalasafni fyrr á öldum.

Í bréfasöfnum amtmanna má finna hinar fjölbreyttustu heimildir. Þar eru bréf frá öðrum embættismönnum, bæði hér heima og í Kaupmannahöfn. Einnig má finna þar eitthvað af bréfum frá hinum óbreytta bónda sem hefur þurft að leita ásjár amtmanns til að fá úrlaus sinna mála. Sýslumenn voru alla tíð sá hópur embættismanna sem amtmenn höfðu mest bréfaskipti við, enda amtmaður næsti yfirmaður þeirra.

Verksvið amtmanna var mjög víðtækt og þau málefni sem bárust á þeirra borð ákaflega fjölbreytt. Í bréfasöfnum þeirra er að finna skjöl er varða t.d. dómgæslu, innheimtu skatta og annarra konungstekna, kirkjumál, framfærslu- og fátækramál, landbúnað og atvinnuvegina

yfir höfðu. Innkomin bréf til amtmanna eru varðveitt í frumrit en útsend bréf þeirra eru hins vegar afrit sem færð voru í sérstakar bréfabækur eða þá að uppkast bréfsins var lagt í bréfasafnið með öðrum skjölum viðkomandi máls.

Amtsráð voru stofnuð hér á landi 1872 og tóku til starfa 1875 og var þeim ætlað að vinna að ýmsum sveitastjórnarmálum í samvinnu við amtmann, s.s. vegamálum, stofnun og rekstursfangelsa, búnaðarskóla og bókasafna. Amtsráð Norður- og austuramts hóf að mynda sitt eigið skjalasafn skömmu eftir stofnun þess en skjalasöfn Suður- og Vesturamta runnu að mestu saman við skjalasöfn amtanna, þannig að skilin á milli starfa amtmanns og amtsráða eru ekki eins skýr þar og í Norður- og austuramti. Eins og sjá má er um mjög fjölbreyttar heimildir að ræða sem nýtast vel til alhliða rannsókna á sögu tímabilsins, bæði á landsvísu og ekki síður héraðssögu.

Vera kann að mörgum kunnri að þykja uppbygging skjalasafnanna torskilin og erfitt að leita gagna í þeim. Á skrifstofum amtmanna var stuðst við ákveðin skráningarkerfi við færslu bréfadagbókanna og röðun bréfanna í bréfasafnið svo finna mætti eldri bréf um tiltekið mál á fljótlegan og auðveldan hátt. Til þess að geta leitað heimilda í skjalasöfnunum er nauðsynlegt að þekkja og skilja þessi skráningarkerfi. Rentukammer- og kansallíkerfin eru þau tvö skráningarkerfi sem voru langmest notuð við skjalavörslu fyrr á öldum. Rentukammerkerfið var notað í Vesturamti mest allan starfstíma þess eða fram til ársins 1895 en þá var skipt yfir í kansallíkerfið og var það einnig gert í Suðuramti á sama tíma sem eðlilegt má teljast þar sem sami embættismaður átti í hlut. Kansallíkerfið hafði verið tekið upp í Norður- og austuramti nokkru fyrr eða 1882. Uppbygging bréfadagbóka úr Norður- og austuramti frá 1874 – 1881 er hins vegar nokkuð frábrugðin því sem venjulega tíðkaðist. Þar er hvorki stuðst við rentukammer- né kansallíkerfi en bréfin flokkuð í nokkra efnisflokka og undirflokka innan þeirra eftir ákveðnum reglum. Hverjum sem þekkir þessi skráningarkerfi sæmilega eða kynnir sér þau ætti að reynast auðvelt að leita sér heimilda í skjalasöfnunum.

Eflaust er margt hér sem betur hefði mátt fara en hafa verður í huga að söfnin eru stór og illmögulegt að gjörkanna þau á skömmum tíma. Er það von mín að greinargerð þessi nýtist sæmilega þeim sem vilja kanna söfnin nánar, bæði er varðar uppbyggingu þeirra og innihald.

HEIMILDASKRÁ

Óprentaðar heimildir á Þjóðskjalasafni Íslands: *PI*.

Borgarfógetinn í Reykjavík:
GA3.1/2. Dómabók 1869-1873.

Hið danska Kansellí: KA.
98. Bréf 1823.

Íslenska stjórnardeildin: Ísl. stj.
XIII.15. (1871). Isl. Journ. 13, nr. 583.

Norður- og austuramt: NAA.
B/1. Bréf úr Skaftafellssýslu 1771-1783.

Bréfadagbækur 1876 og 1877.

B/11. B. Búnaðarmálefni, Nr. 5/1876.

Dagbók III 1893-1904, nr. 587.

Bréfabók 1874-1875.

Bréfabók 1875-1876.

Bréfaskrá 1882-1883.

Sjóðbók 1881-1891.

Höfuðbók 1884-1891.

IV.6. Hjónaskilnaðarbók 1882-1897.

Norður- og austuramtsráð: NAAR.

Bréfabók amtsráðs Norður- og austuramts 1883-1885.

VI.E. Hólaskóli. Gerðabók 1883-1892.

VI.E. Hólaskóli. Vinnutöflur 1901-1902.

Austuramtsráð: ARR.

Dagbók Austuramts/austuramtsráðs 1892-1907, nr. 34.

Suðuramt: SA.

2. Bréfadagbók 1873-1876, nr. 303.

134. Dagbók I 1895-1899, nr. 281.

Bréfabók 1873-1875.

Bréfaskrá 1895-1899.

Suðuramtsráð: SAR.

5. Dagbók amtsráðs I 1904-1907, nr. 199.

Vesturamt: VA.

I.6. Bréfadagbók 1821-1825.

I.20. Bréfadagbók 1879-1887.

I.23. Dagbók I 1895-1904.

II.88. Bréfadagbók 1821-1825, nr. 1660.

II.314. Dagbók 1895-1904, nr. 113.

III.11. Bréfabók 1822-1824.

III.37. Bréfaskrá 1867-1873.

III.39. Bréfaskrá 1879-1884.

IV.3. Póstbók 1861-1866.

IV.8. Veðbréfabók Vesturamts 1784-1871.

V.3. Dagbók amtsráð I 1904-1907, nr. 7.

Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands:

EF/1. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1965/1992. Vesturamt og 1989. Suðuramt.

EF/2. Gunnar Sveinsson, vinnugögn 1989. Norður- og austuramt.

Skrár á lestarsal Þjóðskjalasafns:

Bréfaskrá Vesturamts 1794 – 1803 með efniságripi bréfanna. Gunnar Sveinsson tók saman (1992).

Vefheimildir:

Manntal 1850. www.manntal.is

Prentaðar heimildir

Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8. Ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Rvk 2004.

Landsyfirrættardómar og hæstarættardómar í íslenskum málum 1802-1874. 11. bindi 1871-1874, Rvk 1986.

Lovsamling for Island. 1., 3.-7., 9., 11., 13. bindi, Khöfn 1853-1866.

Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1875-1908. Khöfn og Rvk 1875-1908.

Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. I. 1854-1863, III. 1870-1875, Khöfn 1864/1875.

Prentuð rit og greinar

Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964* I. Rvk 1969.

Arnþjóttur Ólafsson, „Skýrslur um dómgæzlu árin 1878 – 1884.“ *Stjórnartíðindi* 1887 C-deild, Rvk 1887, s. 44-69.

Ásgeir Ásgeirsson, *Miðstöð Vesturlands. Saga Stykkishólms 1845-1892.* Saga Stykkishólms II. Stykkishólmur 1997.

Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi 1761-1925.* Rvk 1926.

Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltning på Island 1770-1870.* Göteborg 2003.

Einar Laxness, *Íslandssaga* I-III. Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995.

Elín Pálmadóttir, *Fransí biskví. Frönsku Íslandssjómennirnir.* Rvk 1989.

Guðrún Ása Grímsdóttir, *Grunnvíkingabók I. Mannlíf í Grunnavíkurhreppi. Þættir úr byggðarsögu.* Rvk 1989.

Guðrún Ása Grímsdóttir, *Ystu strandir norðan Djúps.* Árbók Ferðafélags Íslands 1994.

Harald Gustafsson, „Stjórnsýsla.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir.* Ritstj. Ingi Sigurðsson, Rvk 1990, s. 43-60.

Heimir Þorleifsson, *Póst saga Íslands 1776-1873.* Rvk 1996.

Hjörtur E. Þórarinnsson, *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989.* Fyrra bindi. Akureyri 1994.

Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940. 1., 2. og 4. bindi. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1948/1949/1951.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, *Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904.* Rit Þjóðskjalasafns Íslands. Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum. Ritstj. Kristjana Kristinsdóttir (2011). Birt á vef Þjóðskjalasafns, www.skjalasafn.is

Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga.* Rvk 2005.

Jónas Jónsson, „Þáttur af Varp-Eyjólfi.“ *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi.* Ritstj. Jónas Jónsson, Rvk 2001, s. 245-254.

Kansellisystemet. Vejledning nr. 2. Rigsarkivet 2.afd., 1982.

Klausturpósturinn 1. árg. 1818.

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi.* Rvk 1945.

Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII.* Ritstj. Sigurður Línadal, Rvk 2006.

Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi.* Fyrra bindi. Rvk 1972.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* 5. Rvk 1986.

Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar.* 1. bindi, 2. útg. [Hafnarfjörður] 1993.

Nanna Lárusdóttir, *Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688 til 1770. Embættið og uppbygging skjalasafnsins.* Rit Þjóðskjalasafns Íslands. Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum. Ritstj. Kristjana Kristinsdóttir (2011). Birt á vef Þjóðskjalasafns, www.skjalasafn.is

Rentekammersystemet. Vejledning nr. 3. Rigsarkivet 2.afd., 1982.

Salmonsens konversations leksikon, 18. bindi, redigeret af Chr. Blangstrup, 2. udg., Khöfn 1924.

Sigurður Sigurðsson, *Búnaðarhagir. Búnaðarfélag Íslands aldarminning.* Síðara bindi. Rvk 1937.

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum. Saga Möðruvalla í Hörgárdal frá öndverðu til okkar tíma.* 1. og 2. bindi, Rvk 2001.

Valdimar H. Gíslason, „Verslun með æðardún.“ *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi.* Ritstj. Jónas Jónsson, Rvk 2001, s. 135-148.

Þorkell Jóhannesson, *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937. Búnaðarfélag Íslands aldarminning.* Fyrra bindi. Rvk 1937.

Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns, Björk Ingimundardóttir tók saman, Rvk 1996.